

Gerðir aukakirkjuþings 2015

52. kirkjuþing,

haldið í Neskirkju 14. ágúst 2015

Gerðir kirkjuþings 2015

53. kirkjuþing,

haldið í Grensáskirkju 24.-28. október 2015,

í Digraneskirkju 15.-16. apríl 2016

GERÐIR AUKAKIRKJUÞINGS

2015

**52. kirkjuþing, aukakirkjuþing
haldið í Neskirkju 14. ágúst 2015**

Efnisyfirlit

1. mál. Tillaga til þingsályktunar um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.....20

Aukakirkjuþing 2015

1. mál

Byggt á 30. máli kirkjuþings 2014

Flutt af innanríkisráðherra

Aukakirkjuþing 2015 hafnar tillögu til þingsályktunar á þskj. 32 frá kirkjuþingi 2014, nú þskj. 1 á aukakirkjuþingi 2015.

Tillaga til þingsályktunar

um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Kirkjuþing samþykkir viðaukasamning frá 1. janúar 2015 við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Jafnframt samþykkir kirkjuþing 2014 nauðsynlegar breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 til að viðaukasamningurinn nái fram að ganga. Þær breytingar gildi sama tíma og viðaukasamningurinn.

Viðaukasamningur

um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. 60. gr. laga nr. 78/1997.

1. gr.

Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og ríkissjóður er rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná árangri í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins.

Í þessu skyni fellst þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfir ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2015 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

Skerðing á umsömdum framlögum til þjóðkirkjunnar á fjárlagaliðnum 06-701 Þjóðkirkjan/Biskup Íslands á árinu 2015 er 1,5% miðað við fjárlög 2014 eða 21,7 milljónir króna. Niðurskurður 2014 var 14,1 milljónir króna. Niðurskurður 2015 verður því samtals 349 milljónir króna miðað við fjárlög 2009.

2. gr.

Þrátt fyrir að aðilar samkomulagsins líti á framangreint samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra, vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, eru aðilar sammála um að ofangreind skerðing á framlagi ríkisins vegna launagreiðslna samkvæmt 3. gr. samkomulagsins, leiði ekki til riftunar kirkjujarða-samkomulagsins.

3. gr.

Samkomulag þetta leiðir einnig til þess að hagræðingarkrafa er gerð gagnvart Kristnisjóði. Á árinu 2013 var hún 0,9 millj. kr. miðað við fjárlög 2012 umfram þá lækkun sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hefur tekið. Niðurskurður árið 2012 var 2,3 milljónir kr. Ekki var gerð hagræðingarkrafa gagnvart Kristnisjóði í fjárlögum 2014. Að þessu sinni er hagræðingarkrafa gagnvart Kristnisjóði 1,1 m.kr. og uppsafnaður niðurskurður 2015 verður því samtals 19,2 milljónir kr. miðað við fjárlög 2009.

4. gr.

Samkomulagi þessu sem gert er með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og Alþingis er ætlað að gilda fyrir árið 2015.

XX. október 2014.

Biskup Íslands

innanríkisráðherra

fjármálaráðherra

GERÐIR KIRKJUÞINGS

2015

53. kirkjuþing,

haldið í Grensáskirkju 24.-28. október 2015,

í Digranes Kirkju 15.-16. apríl 2016

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar.....	5
Ávarp forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.....	9
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	13
Kosningar í upphafi kirkjuþings 2015	18
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs ásamt fylgiskjölum	20
2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar	66
3. mál. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga	76
4. mál. Áfangaskýrsla starfshóps um stefnumótum þjóðkirkjunnar	77
5. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009	81
6. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000.....	82
7. mál. Þingsályktun um endurskoðun starfsreglna nr. 301/2013 um kjör til kirkjuþings.....	83
8. mál. Þingsályktun um starfsþjálfun prestsefna	85
9. mál. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997	86
10. mál. Þingsályktun um starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa	89
11. mál. Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta	90
12. mál. Tillaga að starfsreglum um val og veitingu prestsembætta	98
13. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði	99
14. mál. Þingsályktun um fræðslumál	100
15. mál. Þingsályktun um presta sem vígslumenn.....	101
16. mál. Skýrslur nefnda.....	102
17. mál. Þingsályktun um skipun viðræðuhóps við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og hinnar íslensku þjóðkirkju	105
18. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga	106
19. mál. Þingsályktun að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð	111
20. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta.....	115
21. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna	118
22. mál. Þingsályktun um lög um helgidagafrið.....	119
Kjör í nefndir.....	120

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuþing 2015 er sett, 52. kirkjuþing hinnar íslensku Þjóðkirkju.

Ég býð kirkjuþingsfulltrúa og góða gesti hjartanlega velkomna til setningarathafnar kirkjuþings. Sérstaklega vil ég bjóða forsætisráðherra, Sigmund Davíð Gunnlaugsson velkominn og þakka honum fyrir þá vinsemd sem hann sýnir kirkjuþingi með því að vera hér með okkur í dag.

Ég á mínar bestu minningar af kirkjuferðum með ömmu minni og afa. Eftir að afa dó þá fórum við amma stundum í messu. Amma mín var fædd 1913. Hún hafði skoðanir á því hvernig fólk ætti að haga sér í kirkju og hvernig kirkjustarf ætti að vera. Sem dæmi má nefna að henni fannst það ekki passa að konur væru prestar og það mátti alls ekki syngja faðirvorið. Við vorum ekki sammála um þetta amma og ég. Samt fannst mér ákaflega gott að fara með henni í kirkju og á um það verðmætar minningar. Evangelísk lútersk þjóðkirkja á að mínu mati að hafa pláss bæði fyrir ömmu og mig. Eða er það ekki? Er ekki þjóðkirkja einmitt þannig að dyr hennar eru breiðar og þröskuldur lágur. Fólk velkomið eins og það er. Þegar amma dó þá var farið vandlega yfir það að útförin væri í samræmi við hennar viðhorf og ég er þakklátur fyrir að það var svo. Okkur í fjölskyldunni hefði þótt það miður ef við hefðum ekki getað haft það í samræmi við hennar skoðanir.

Mér hefur þótt örla á því nú í seinni tíð að um leið og margir vilja vera opnari og frjálsslyndari innan kirkjunnar þá herðast sumir stundum í afstöðunni til þeirra sem hafa íhaldssamari sjónarmið. Það er gott að vera frjálsslyndur og víðsýnn, en á þá frjálsslyndið, víðsýnin og umburðarlyndið ekki að ná til allra?

Ekki getum við gert ráð fyrir að allt það fólk sem er í hinni íslensku þjóðkirkju verði sammála um allt og sennilega værum við sérstakur söfnuður ef svo væri.

Trú er persónuleg og skilningur okkar er mismunandi. Þýðir „a credo“ ,ég trúi, eingöngu að viðkomandi játi ákveðnar kenningar? Má ekki líka skilja það sem tileinkun.

Snúast ekki trúarbrögð um ákveðna hegðun? Að tileinka sér ákveðna hegðun og viðhorf í samræmi við sannfæringu sína og samvisku?

Það má segja að kjarninn í flestum trúarbrögðum sé samúð. Hér nota ég orðið samúð í sömu merkingu og enska orðið compassion. Gullna reglan hefur verið þekkt lengi. M.a. hjá gyðingum og Konfusiusi. Þar var hún sett fram með þeim hætti að við ættum ekki að gera öðrum það sem við vildum ekki að þeir gerðu okkur.

Þekkt er sagan af af Hillel hinum virta rabbía. Heiðingi kom til hans og bauðst til að játa hans trú ef hann gæti farið með kenningar og texta trúar sinnar standandi á öðrum fæti. Hillel stóð á öðrum fæti og sagði: „Það sem þér er andstyggð skaltu ekki gera öðrum. Það er Torah, allt hitt eru nánari útskýringar. Farðu og lærðu þetta“.

Í fjallræðunni skýrði Jesús Gullnu regluna þannig að menn ættu ekki bara að forðast það að gera öðrum það sem þeir vildu ekki að þeim væri gert heldur einnig að gera öðrum það sem þeir vildu að aðrir gerðu þeim.

Ef samúð og kærleikur mótar viðhorf okkar og hegðun, og þegar við finnum til með öðrum, þá skiljum við að við erum ekki miðja alheimsins. Það er kennt að það sé fyrst þegar við verðum frjáls frá sjálfhverfunni að við séum tilbúin til að taka á móti hinu guðdómlega.

Heilagur Agústínus sagði að ritningin kenndi í raun ekkert nema kærleika. Sérhvert ritningarorð ætti að skoða vandlega þar til við hefðum skilning á því hvernig samúð og kærleikur væru kjarninn í því.

Glíman við að finna samúð og kærleika í þessum gömlu og oft flóknu textum er allavega góð æfing til að takast á við lífið með hið sama að leiðarljósi.

Gerum við það almennt? Er samúð og kærleikur meginsteifið í okkar hegðun og það sem mótar okkar viðhorf? Eða getur verið að það skipti nú mestu máli fyrir fólk að hafa rétt fyrir sér í einu og öllu? Vita best, kunna betur, já hafa rétt fyrir sér.

Hvort er betri leiðbeining og undirbúningur fyrir lífið fyrir fermingarborn að setja í fyrsta sæti að hafa alltaf rétt fyrir sér eða að sýna öllum samúð og kærleika?

Það er sagt að það sé gott að vera með fólki sem leitar sannleikans en stórvafasamt að dvelja lengi hjá þeim sem hafa fundið hann.

Gullna reglan er ekki bara leiðbeining um hvernig við eigum að koma fram við okkar nánustu.. Okkur er kennt að hún eigi alltaf að eiga við og gilda gagnvart öllum. Og það er ekki einkamál kristinna manna. Um hið sama má lesa í gömlum kínverskum ritum. “Jian ai, umhyggja fyrir öllum”

Það þarf ekki mikla fjarlægð til að allt slíkt sé gleymd. Svokölluð athugasemdakerfi á netinu birta ekki sérlega fallega mynd af viðhorfum til annarra. Það mæti gjarnan biðja um smá slurk af Jian ai inn á þann vettvang.

Kannski má einnig spyrja hvort við gætum nægilega vel að Gullnu reglunni þegar kemur að samskiptum okkar sem berum mikla ábyrgð innan hinnar íslensku þjóðkirkju. Standast okkar orð og athafnir alltaf gullnu reglunna? Elskum við þau sem eru ósammála okkur? Þessu svarar að sjálfsgöngu hver og einn fyrir sig.

En það er þetta með aðra. Tilhneigingu til að skilgreina allt út frá okkur og hinum. Það sé allt í lagi að koma fram við hina öðruvísi en okkur.

Það má velta því fyrir sér að hebreska orðið fyrir hinn heilaga þegar átt er við Guð er Kadosh, hið aðgreinda eða annað.

Undanfarið hefur verið mikið af fréttum um aðra og hina. Um fólk sem er eitthvað öðruvísi og hefur hingað til verið okkur fjarlægt. En nú kemur það nær okkur og við köllum þau flóttamenn. eru þau sköpuð í Guðsmynd? Á Gullna reglan við um þau?

Fyrir tveimur dögum hélt þjóðmálanefnd kirkjunnar ráðstefnu um stöðu flóttamanna. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Hver er þá náungi minn“? Áleitun spurning sem við þekkjum úr Biblíunni. Spurning sem nú er beinlínis beint til okkar. Breytum við eins og samverjinn eða eins og hinir sem gengu framhjá?

Það er umhugsunarefni hvort viðhorf okkar og gjörðir mótist af gullnu reglunni. Og þá hvaða túlkun af henni. Eitt er að forðast það að gera öðrum illt, annað er að leggja sig fram við að gera að auki það fyrir aðra sem við vildum að þeir gerðu fyrir okkur.

Á þessu er munur. Það er kostur að búa í samfélagi þar sem fólk passar sig á því að gera öðrum ekki illt eða valda öðrum óþægindum. En er ekki betra að lifa þar sem fólk auk þess reynir að hjálpa og aðstoða þá sem að á þurfa að halda í samræmi við það hvernig það sjálft myndi gjarnan vilja að sér væri hjálpað eða veitt aðstoð?

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um að koma kristinfræðslu út úr skólum og

leikskólum. Slík fræðsla á að mati einhverra stjórnámálanna aðeins heima í kirkjum og inn á heimilum. Stundum finnst mér þetta vera megin viðfangsefni sumra þátttakenda í stjórnámálum.

Hvað kennum við þá börnum um gullnu regluna? Ég er ekki viss um að ég myndi muna jafnvel eftir einhverjum siðareglum og sögunni um miskunnsama samverjann sem hefur fylgt mér frá barnsaldri eða frá því að ég lærði um hana í kristinfræðslunni í barnaskóla Garðahrepps.

Það er kominn tími til að það sé skoðað og rætt hvers konar samfélag verður til þegar boðskapi fjallræðunnar verður minna haldið á lofti. Hvaða áhrif hefur það? Hver verður hugmyndafræðin sem þjóðfélagið verður grundvallað á?

Kirkjan og kristni hafa verið mikilvægur hluti af íslensku samfélagi í þúsund ár. Lengi var kirkjan beinlínis hluti af íslenska ríkinu og kristinfræði hluti af skólanáminu. Á fáum árum hefur orðið mikil breyting á þessu tvennu. Við sem berum ábyrgð á íslensku þjóðkirkjunni þurfum, eins og aðrir, að takast á við sibreytilegt umhverfi. Okkur tekst það ekki alltaf vel. Um sumt má segja að við höfum ekki haldið vöku okkar og þurfum að standa betur að okkar verkum. Svo er það annað mál að öllum getur verið vandi á höndum þegar grundvallarfyrirkomulagi er breytt.

Þegar ný lög voru sett um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar var um sama leyti gerður samningur um greiðslur sem íslenska ríkið skyldi greiða þjóðkirkjunni sem gjald fyrir kirkjujarðir.

Mér hefur þótt það furðulegt að gjaldið sem ríkið greiðir fyrir þessar eignir skuli í ríkisreikningum fært sem hluti af framlögum á sviði innanríkisráðuneytisins. Ég teldi eðlilegra að þetta væri hjá fjármálaráðuneytinu eins og skuldbindingar sem ríkið tekur á sig vegna fjárfestinga. Þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að margir sem a.m.k. ættu að vita betur eru að túlka þessar greiðslur sem framlög ríkisins til rekstrar þjóðkirkjunnar en ekki afborgun af jarðakaupum sem þetta í raun eru. Okkur hjá þjóðkirkjunni hefur ekki tekist nægilega vel að útskýra eðli þessa máls og mikilvægt að við gerum betur í þeim efnum. Það er nefnilega alveg furðulegt að sjá það í fjölmiðlum ár eftir ár að sóknargjöld sem eru í eðli sínu félagsgjöld og afborganir af kaupsamningi sem er kirkjujarðarsamkomulagið, skulu skellt saman í eina tölu og svo rætt um það sem framlag ríkisins til kirkjunnar og jafnvel látið í það skína að þetta sé einhvers konar ölmusa.

Nei, greiðslur samkvæmt kirkjujarðarsamkomulaginu eru afborganir og sóknargjöldin eru félagsgjöld. Það þarf að minna á það að það var ríkið sem vildi fella sóknargjöldin inn í staðgreiðsluna þegar sú skattkerfisbreyting var gerð. Á þeim tíma lá það fyrir að sóknargjöldin væru félagsgjöld og sóknarnefndir höfðu ákveðin rétt til að leggja þau á þá sem tilheyrðu félaginu, þjóðkirkjunni.

Já, það hefur margt breyst á stuttum tíma. Sjálfsagt vitum við það eitt að fleira eigi eftir að breytast á næstu árum og jafnvel verða breytingar hraðari ef eitthvað er. Kirkja sem vill vera sterk og rækja af alúð hlutverk sitt í samfélaginu þarf að geta tekist á við breytingar. Það er okkar verkefni hjá þjóðkirkjunni að tryggja að svo verði. En kirkjan eins og aðrir þarf að geta gengið út frá því að samningar standi og að það sem var lagt til grundvallar í kerfisbreytingu haldi.

Hlutverk þjóðkirkju í samfélagi sem er að breytast hratt er mikilvægt en ekki auðvelt. Boðskapur kristinnar trúar tekur ekki breytingum en hvernig þjónusta kirkjunnar er veitt og hvernig staðið er að því að veita þjónustuna hlýtur að þurfa að taka mið af breytingum í því samfélagi sem við viljum þjóna.

Ég hef að undaförnu heyrt vaxandi gagnrýni á kirkjuþing og stjórnkerfi kirkjunnar. Oftast snýr sú gagnrýni að því að lítið þokist. Breytingar séu hægar, svör berist seint og að kirkjan sé svifasein.

Þegar umhverfið breytist þá er ekki skynsamlegt að halda bara áfram að gera hlutina eins og þeir hafa alltaf verið gerðir án tillits til þess að sú aðferð er kannski ekki líkleg til árangurs lengur.

Óskar Magnússon er höfundur bókar sem heitir „Látið síga piltar“. Þessi skemmtilega bók kom út fyrir tveimur árum. Í sögu Óskars bregður fyrir manni sem heitir Lárus og var vinnumaður.

Grípum niður í bókina:

Með Geira í för var Lárus vinnumaður sem beið úti í bíl.

Lalli var ómannblendinn og inn í sig og heimsótti aldrei fólk.

„Ég fer aldrei inn á bæi sem ég hef ekki komið á áður,“ hafði hann sagt á sínum tíma og lét það duga.

Nú árið 2015 þurfum við í þjóðkirkjunni einmitt að hafa hugrekki til að fara á bæi sem við höfum aldrei áður komið á. Við þurfum nefnilega að hafa kjark til að breyta vinnubrögðum og skipulagi, til að takast á við krefjandi verkefni og til að standa undir væntingum og því trausti til sem fólk ber enn til íslensku þjóðkirkjunnar. Við skulum ekki taka mið af Lárusi vinnumanni.

Í tengslum við þetta kirkjuþing verður haldinn sérstakur fundur á mánudag kl. 13.00 um stöðu kirkjugarða. Þórsteinn Ragnarsson formaður kirkjugarðasambandsins mun hafa þar framsögu.

Það er mikið áhyggjuefni hve erfið staðan er hvað varðar fjármál kirkjugarða. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða og afar brýnt að hægt verði að koma þeim í betri farveg. Mjög víða um landið er ekki hægt að veita eðlilega þjónustu eða viðhalda kirkjugörðum án þess að taka lán til reksturs þeirra. Dæmi eru um að ekki sé hægt að annast útfarir án frjálsra framlaga eða sjálfboðavinnu. Varla finnst nokkrum manni þetta ásættanlegt ástand.

Ég er sannfærður um það að forsætisráðherra okkar er velviljaður þjóðkirkjunni. Það væri mikið þakkarefni ef við mættum leita til hans um liðsinni og leiðsögn um að finna góðan farveg fyrir þau mál er varða fjárhagsleg samskipti þjóðkirkjunnar, kirkjugarða og íslenska ríkisvaldsins.

Á þessu kirkjuþingi eru óvenju fá mál fyrirbyggjandi en eins og við þekkjum eru þau margvísleg. Sum munu hljóta mikla umræðu og skoðanaskipti, önnur minni.

Ég vona að þetta kirkjuþing starfi vel og að niðurstaða þess verði til heilla fyrir þjóðkirkjuna.

Takk fyrir.

Ávarp forsætisráherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar

Forseti kirkjubings, biskup Íslands, kirkjubingsfulltrúar, góðir gestir.

Það er mikill heiður að fá að ávarpa þetta þing hér í dag, hjá þessari merku stofnun; stofnun sem er í raun einstök, af ýmsum ástæðum. Einstök vegna þeirra áhrifa sem hún hefur haft á íslenskt samfélag í þúsund ár og rúmlega það, en hún er líka einstök að því leyti að það gilda ekki um hana sömu reglur og margar aðrar stofnanir. Eitt af því sem er óvenjulegt við kirkjuna er að þegar gaf á hjá okkur, efnahagslega, og landið stóð frammi fyrir miklum þrengingum þá bauðst kirkjan til þess af fúsum og frjálsum vilja að gefa eftir af því sem voru ekki aðeins fjárveitingar til hennar, eins og komið hefur fram og þið þekkið, heldur beinlínis sóknargjöld sem að henni voru ætluð. Það er einstakt að stofnun gefi eftir af því fjármagni sem henni er ætlað. En, það vantar kannski svolítið upp á að kirkjan hafi fengið nægjanlegar þakkir fyrir, og raunar kannski þvert á móti það hefur verið gengið á lagið.

Það verður að segjast alveg eins og er að stjórnvöld hafa gengið á lagið og samfélagið í umræðu um kirkjuna og framlög til hennar, eða sóknargjöldin, hafa gengið á lagið, vegna þess m.a. að menn hafa ekki gert sér grein fyrir hvernig í þessu liggur, einnig vegna þess að því miður er tilhneiging til þess að ganga á lagið þegar að menn gefa eftir. Það á ekki að verða til þess að menn hætti að koma fram eins og kirkjan og gefa af sér og gefa eftir, þegar að það á við, en það hins vegar minnir á að menn munu þurfa að standa á sínu. Það hefur kirkjan þurft að gera núna, við höfum skilning á því, stjórnvöld, fullan skilning, a.m.k. svo ég tali nú fyrir sjálfan mig, og við munum í framhaldinu vinna að því með kirkjunni að leysa úr fjármálum hennar, en því er ekki að leyna að lagaleg staða kirkjunnar er sterk - þetta er í raun borðliggjandi að kirkjan á rétt á ákveðnu fjármagni sem hún hefur sjálfviljug gefið eftir, en ríkið getur ekki leyft sér að ganga endalaust á lagið hvað það varðar.

Það er reyndar almennt áhyggjuefni hvernig menn leyfa sér að tala um kirkjuna og kristna trú. Hvernig menn leyfa sér að draga upp ranga villandi mynd af kirkju og trú og stundum finnst mér vanta svolítið upp á það að kirkjan sjálf, eða kirkjunnar þjónar, prestar, hafi nægt sjálfstraust til þess að svara fyrir kirkjuna. Sumir virðast nánast upplifa það sem hlutverk sitt að afsaka kirkjuna - eða að passa að vera ekki fyrir. Þetta er ekki vænlegt til árangurs. Ég er ekki að segja að þetta sé almennt stefna kirkjunnar, alls ekki, að þetta eigi almennt við um presta, en því miður eru of mörg dæmi þess að menn þori ekki að standa á sínu, séu feimnir við það, hafi látið villandi umræðu villa sér sýn. Kirkjan þarf að hafa trú á sjálfri sér, og við þegnarnir í þessu landi sem að hefur þjóðkirkju, þjóðkirkju hefur mótað þetta land í þúsund ár, við þurfum á því að halda að kirkjan hafi trú á sér. Hún á að trúa því að hún sé að gera rétt, þetta sé hið rétta, vegna þess að skilaboðin til fólks verða að vera þau að það eigi að koma til kirkjunnar vegna þess að hún sé að gera rétt, ekki eins og menn séu að velja sér íþróttafélag til að halda með eða að ganga í verkalýðsfélag eða stjórnmalaflokk.

Nei, það getur ekki verið nálgun kirkjunnar, nálgun kirkjunnar verður að vera sú að hún sé að boða hið rétta. Það að hafa trú á sjálfum sér og trúa því að kirkjan sé að boða hið rétta fagnaðarerindi felur ekki í sér að litið sé niður á önnur trúarbrögð eða aðra trúarhópa.

Að menn geti ekki borið virðingu fyrir öðrum. Þvert á móti, í rauninni. Því meiri virðingu sem hver og einn ber fyrir sjálfum sér og sinni trú og þeirri kirkju sem viðkomandi tilheyrir, þeim mun meiri virðingu getur sá hinn sami borið fyrir öðrum. Því þá hefur hann skilning á því hvað það þýðir að tilheyra söfnuði, hvað það þýðir að trúa og skilning á því að aðrir geti haft aðra trú, en að hún sé mikilvæg og beri að virða. Þess vegna vona ég að sjálfstraust kirkjunnar verði nægt til þess að almenningur á Íslandi skynji það að þetta sé eitthvað sem kirkjan trúir á sjálf, hún trúir á sjálfa sig og þar af leiðandi sé fólki óhætt að trúa líka. Og við höfum svo sannarlega ástæðu til að bera virðingu fyrir þjóðkirkjunni og kristinni trú. Menn mega ekki falla í þá gryfju að telja sig þurfa að biðjast afsökunar á kirkjunni og hlutverki hennar í gengum tíðina. Kristin trú hefur mótað þetta samfélag og lagt grunninn hér á landi og víðar að menntakerfi, velferðarkerfinu, mannréttindum, vísindum, stjórnarsýslu, innviðum og þjóðskipulagi. Allur grundvöllur, allar stoðir kristinna samfélaga eiga rætur í trúnni og starfi kirkjunnar.

Tökum sem dæmi menntun, í hvaða landi sem er. Í Bandaríkjunum m.a. eru allir elstu og virtustu háskólar landsins sprotnir upp úr trúarhreyfingum – úr kristinni kirkju. Það á við um skóla sem eru mörg hundruð ára gamlir, líka yngri menntastofnanir, ég leit yfir lista yfir þá skóla sem teljast bestir í Bandaríkjunum skv. einhverri einkunnagjöf, og las mottóin þeirra, kjörorð þessara skóla. Ég ætla að lesa hér nokkur dæmi, þetta eru s.s. virtustu menntastofnanir Bandaríkjanna. „Við treystum á Guð“ segir einn háskólinn, „Í birtu þinni munum við sjá ljósið“ segir annar; „Lög án siðferðis eru gagnslaus“ segir sá þriðji. „Undir valdi Guðs blómstrar hún“ og er vísað þar til menntastofnunarinnar. „Ljósið og sannleikurinn“ er einfalt kjörorð Yale háskóla, og ef við förum yfir til Bretlands þá er sama upp á tengingum þar: Kjörorð Oxford háskóla sem birtist í merki skólans er: „Drottinn er ljós mitt“.

Það sama á við um vísindastarf um aldir. Nú hefur tekist að draga upp þá mynd, allt of oft og allt of víða, af kirkjunni, eða kristni í gegnum tíðina að hún hafi á einhvern hátt verið í andstöðu við vísindi og framfarir. Ekkert gæti verið fjær sanni. Það er t.d. orðið algild og þekkt mýta að kirkjan hafi talið að jörðin væri flöt um aldir, svo aftarlega hefði hún verið á merinni hvað varðaði vísindi og framfarir. Þetta er bara vitleysa sem að rakin hefur verið aftur til 19. aldar, til bókar þar sem þessu var fyrst haldið fram. Raunin er hins vegar sú að allir menntaðir menn og allir kirkjunnar þjónar í kristni, allt aftur til upphafsins, allt aftur til Rómaveldis hafa vitað að jörðin væri hnöttótt. Það hefur aldrei nein kirkja, hvorki sú kaþólska né önnur, boðað það að jörðin væri flöt og það væri hættulegt að sigla, því menn gætu dottið fram af brún jarðarinnar. En þetta er til marks um þann áróður, það er ekki hægt að kalla þetta annað, þannig varð þessi saga til, sem áróður, sem að hefur fengið að grassera um of. Sama varðandi mannréttindi, kirkjan, kristni hafa verið leiðandi í því að berjast fyrir mannréttindum á Vesturlöndum alla tíð. Afnám þrælahalds, bann við þrælahaldi kom til eftir áralanga baráttu kirkjunnar og kristinna manna. Og þjóðskipulagið allt, velferðarkerfið á Norðurlöndum er sprottið upp úr Lútersku kirkjunni sem og stjórnarsýslan, innviðirnir, allt sem hefur gert okkur kleift að byggja upp þetta góða samfélag sem að við búum við í dag. Þetta er allt saman eitthvað til að vera stoltur af. En það þarf að vera óhræddur við að segja þetta og kirkjan á að vera óhrædd við að minna

á mikilvægi sitt og gildi sitt - og jafnvel að vera stundum viðkvæmari fyrir árásum og gagnrýni. Hvað á ég við með því? Jú, nú er mikið lagt upp ú því að menn beri virðingu fyrir því sem áður voru kölluð frumstæð trúarbrögð. Og það sama á við um stóru trúarbrögðin, ýmis austræn speki hefur verið svo að segja í tísku síðastliðin ár, og margt gott þar að finna eins og við heyrðum dæmi um hér áðan. Gyðingahatur er þekkt fyrirbæri sem menn passa sig almennt á og jafnvel stundum gengið heldur langt í að fordæma hluti sem gyðingahatur, en passa sig á því hvernig talað er um þau trúarbrögð. Nú, hvað varðar íslam, þá hefur það verið skilgreint sem geðröskun að gagnrýna íslam, kallað íslamofobia. Menn þurfi beinlínis að vera geðveikir að tala á gagnrýninn hátt um íslam.

En hvað með kristni? Það virðist mega segja hvað sem er um kristni í þeim löndum sem að hafa kallað sig kristin og jafnvel að mönnum finnst þeir þurfa að leggja sig eftir því að hnýta í kirkjuna. Í Bandaríkjunum, því stóra landi, dugar að einhver svokallaður söfnuður sjö manna segi eitthvað undarlegt eða haldi einhverja skrýtna athöfn, þá er það gripið á lofti og notað til að gagnrýna og ráðast á kirkjuna. Í fjölmiðlum, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, er iðulega dregin upp sú mynd af kirkjunni eða kirkjunnar þjónum að þeir séu á einhvern hátt ekki bara afturhaldssamir, heldur í andstöðu við samfélagið. Þetta finnst mér, þrátt fyrir að umburðarlyndi sé auðvitað kjarninn í kristni, að kirkjan eigi ekki að umbera.

Mér finnst að það þurfi að ræða þetta opinskátt og benda á hversu mikill munur er á því hvernig menn leyfa sér að tala um kristnina og önnur trúarbrögð. Að nokkru leyti er þetta til komið vegna hroka á Vesturlöndum, hroka Vesturlandabúa sem eru farnir að líta á samfélag sitt, samfélagsgerðina og allt það góða við samfélögin sem óhjákvæmilega afleiðingu þróunar. Að við séum komin á það þróunarstig að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af eða velta fyrir okkur hlutum eins og trúarbrögðunum sem voru uppspretta alls þessa. Við getum leyft okkur að sýna umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum, það sé bara vegna þess að fólk sé ekki komið á sama þróunarstig og þeir sem geta leyft sér að hætta þessum trúarbrögðum. Þetta er hinn augljósi hroki í þessari afstöðu. Við verðum nefnilega að gera okkur grein fyrir því að ekkert er sjálfgefið við það hvernig samfélag okkur hefur tekist að byggja upp hér. Og við verðum að gera okkur grein fyrir ómetanlegu hlutverki kirkjunnar í þeirri uppbyggingu í þúsund ár.

Það er líka áhugavert að fylgjast með umræðum núna um stöðuna í Mið-Austurlöndum, þá hræðilegu atburði sem eiga sér stað þar. Fyrrverandi erkibiskup í Kantaraborg í Englandi, skrifaði grein nýlega þar sem hann benti á vanda kristins fólks í þessum löndum, sem að væri að miklu leyti til komin vegna þess að menn þyrðu ekki, stjórnámálamenn ekki hvað síst, þyrðu ekki að tala um þá kristnu af ótta við að vera sakaðir um fordóma ef þær væru sérstaklega að nefna stöðu kristins fólks. Þess vegna væri kristið fólk nú á flóttu í verri stöðu en nokkrir aðrir, þeir fengju ekki að hafast við í flóttamannabúðunum, leituðu þess vegna skjóls í húsum vítt og breitt um Líbanon og Jórdaníu og önnur lönd, en það kæmi enginn til þess að hjálpa þeim vegna þess að menn óttuðust að ef að þeir gerðu það þá yrði sagt, 'Hvað eruð þið að gera hér, eruð þið bara að taka á móti kristnu fólk, eruð þið að velja kristið fólk til að hjálpa?'

Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni ef að menn eru orðnir það feimnir við trúna og

grundvöll okkar menningar, að menn þora ekki einu sinna að hjálpa trúbræðrum sínum af ótta við að það teljist þá fordómar.

Að sjálfsögðu eigum við að hjálpa öllum í neyð, kristnum og öðrum. Og, við eigum líka að þora að standa á því, stjórnámálamenn, að það sé eðlilegt og bara sjálfsagt og mikilvægt að börn fái fræðslu í kristnum fræðum. Það er óásættanlegt að mínu mati, með hvaða hætti kristni hefur verið úthýst úr skólum í ákveðnum sveitarfélögum hér á Íslandi, við þurfum að vekja upp umræðu um þetta, því með því að ræða þetta þá munum við sjá, a.m.k. munu fleiri sjá hversu fráleitt það er að trúin sem hefur í raun mótað þetta samfélag sem við búum í, að henni skuli vera úthýst úr kennslu, hvernig eiga menn að skilja samfélagið, hvernig eiga börn að skilja samfélagið sem þau alast upp í - hvaða trúar sem þau eru - ef að þau fá ekki að kynnast kristni og sögu hennar í landinu. Svoleiðis að ég vil nota tækifærið nú til þess að lýsa því yfir f.h. stjórnvalda að við viljum vinna með kirkjunni, við gerum okkur grein fyrir því að gengið hefur verið á lagið gagnvart kirkjunni og fórnfýsi hennar hefur ekki verið þökkuð sem skyldi. Og jafnframt vil ég hvetja kirkjuna og kirkjunnar þjóna til að vera óhræddir að tala máli trúarinnar, vera óhræddir við að viðurkenna þann einstaka árangur sem að þjóðkirkjan hefur náð í því að byggja hér upp farsælt samfélag, eitt besta samfélag sem mannkynssagan hefir. Þetta er svo sannarlega ástæða fyrir kirkjuna til að vera stolt af, og því stoltari sem kirkjan er af sjálfri sér, því meiri trú sem kirkjan hefur á sjálfri sér, þeim mun meiri trú munu aðrir fá á kirkjuna.

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Forsætisráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Ég vil byrja á því að þakka forsætisráðherra fyrir að vera með okkur hér í dag í forföllum innanríkisráðherra. Einnig vil ég þakka þeim sem undirbúið hafa kirkjuþingið, kirkjuráði, starfsfólki Biskupsstofu, forsætisnefnd og þingfulltrúum. Einnig þeim er flytja okkur ljúfa tóna hér í dag sem og sóknarpresti og sóknarnefnd Grensáskirkju fyrir afnotin af kirkju og safnaðarheimili.

Í ár hefur 200 ára afmælis Hins íslenska biblíufélags verið minnst með margvíslegum hætti. Félagið var stofnað þann 10. júlí árið 1815 að frumkvæði Skotans Ebenezers Henderson. Það er í dag ekki bara elsta félag landsins, heldur eitt af elstu Biblíufélögum í heiminum. Félagið hefur haft að markmiði að vinna að útgáfu og útbreiðslu Biblíunnar á Íslandi og stuðla að lestri og almennri notkun hennar. Þess má geta að Íslendingar voru á meðal 20 fyrstu þjóða heims sem fengu Biblíuna alla á eigin þjóðtöngu. Það var menningarlegt afrek Odds Gottskálkssonar og Guðbrands Þorlákssonar og hafði ómetanlegt gildi fyrir okkur sem þjóð.

Það er merkilegt að lesa rit Biblíunnar. Þó þau séu ævagömul þá eru umfjöllunarefnin í raun þau sömu og við erum að fjalla um í dag í almennri umræðu sem og umræðu um líf mannsins hér á jörð og í samfélagi manna. Í hinum kristna heimi er fyrirmyndina og leiðtogann að finna í ritum Nýja- testamentisins í barninu og mannum Jesú, sem er einnig Guð okkar kristinna manna. Ráð Drottins er hið sama til allra kynslóða eða eins og segir í Davíðssálmi 33:11 „en ráð Drottins stendur stöðugt um aldur, áform hjarta hans frá kyni til kyns“.

Fjármál eru mikið í almennri umræðu og þar leggur Biblían orð í belg. Ef til vill væri betur komið fyrir þjóðinni ef hagfræði Gamla-testamentisins hefði verið í hávegum höfð, en hún gengur út á það að í góðæri sé lagt fyrir til mögru árána. Þarna er vísað til Jósefssögunnar í 1. Mósebók, 41. kafla.

Þekking á táknum Biblíunnar hjálpar hverjum þeim er lifir í landi sem kennir sig við Krist að skilja samfélagið og náungann. Biskup Íslands hefur verið forseti félagsins frá upphafi og í stjórn þess sitja bæði leikir og lærðir fulltrúar nokkurra kirkjudeilda. Síðustu áratugina, einkum frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa menn áttað sig á því að samstaða er nauðsynleg til að efla mannlíf og bæta lífsskilyrði. Íslenska Þjóðkirkjan á sæti í Alkirkjuráðinu sem eru samtök margra kirkjudeilda og í lúterska heimssambandinu. Einnig er þjóðkirkjan í sambandi evrópskra kirkna og er þátttakandi í samstarfi lúterskra kirkna á Norðurlöndunum, Eystrasaltlöndunum og víðar og anglikönsku kirkjunnar, sem kennt er við Porvoo. Allar þessar kirkjur og samtök láta sig heimsmálin varða og boða kærleika Kristis í orði og í verki. Íslenska Þjóðkirkjan er því ekki eyland. Hún byggir á guðfræði sem á uppruna sinn í helgri bók og kenningum sem Marteinn Lúter mótaði. Þess vegna verður að líta til þess grundvallar þegar fjallað er um kirkjuleg mál. Kirkjan er ekki fyrirtæki og ekki venjuleg stofnun. Hún er fjöldahreyfing.

Þjóðkirkjan er kirkja fólksins. Sem slík nýtur hún trausts í nærsamfélaginu. Það er líka sóst eftir álitum kirkjunnar um mikilvæg mál sem til umræðu eru í þjóðfélaginu. Undanfarið

hafa verið málþing og verða á næstunni þar sem fjallað er um mál á guðfræðilegum forsendum, sem brenna á samtímanum, s.s. flóttamannavandann og umhverfisverndarmál. Ég tel að rödd kirkjunnar og guðfræðinnar þurfi að heyrast þegar fjallað er um mál sem brenna á samtímanum. En hver er rödd kirkjunnar? Samkvæmt kirkjuskipan okkar lútersku kirkju er röddin margróma. Í kirkju okkar er ekki einn talsmaður heldur margir. Í okkar kirkju eru leiðtogar í hverjum söfnuði, hverri sókn. Leiðtogi okkar allra er þó hinn sami, Jesús Kristur. Hann er sá sem leiðir okkur um lífsins veg og færir okkur svör við öllum spurningum.

Þjóðkirkjan stendur á krossgötum. Nú sem fyrr er það Jesús sem vill leiða okkur veginn áfram og það er okkar að finna þann veg og velja sem Drottinn ætlar okkur að feta. Við búum ekki lengur við óbrúaðar brýr eða aðra farartálma. Við búum ekki við stopulan fréttáflutning heldur sendingar sem berast heimsálfa á milli á örskotsstundu. Heimurinn er að breytast og við þurfum aldrei sem fyrr að vita á hvaða grunni við stöndum. Það hefur reynst þessari þjóð blessun að byggja á þeim gildum er Kristur birti og boðaði. Við skulum ekki fyrirverða okkur fyrir fagnaðarerindið og ekki heldur leggja niður fræðslu um það.

Kirkjan á í ímyndarvanda. Við þurfum að vinna að því að ráða bót á honum. Það er lykilatírið að við höfum þau 73% þjóðarinnar sem eru í þjóðkirkjunni með okkur í liði.

Það hefur verið eftir því tekið í umræðu um flóttamannavandann sem við blasir í Evrópu að prestsdóttirin Angela Merkel hefur ekki falið trú sína þegar hún er spurð um þennan mikla vanda sem við blasir. Hún er óhrædd við að nota orðin, samviska mín segir mér, trú mín segir mér, Guð minn segir mér þegar hún svarar. Við verðum að þekkja okkar eigin trú, sem hefur mótað menningu okkar og samfélag nánast frá upphafi Íslands byggðar þegar við fjöllum um aðstæður fólks sem eru annarrar trúar og til að skilja þau mál sem efst eru á baugi, s.s. flóttamannavandann. Kirkjan hefur þar verk að vinna því trúarleg þekking fólks er á undanhaldi.

Hlutverk kirkjunnar er að miðla kærleiksboðskap Jesú Krists í orði og í verki. Vígðir þjónar kirkjunnar, prestar og djáknar eru sérstaklega fráteknir til þess en í raun er það alls kristins fólks að gera það. Flestir prestar landsins þjóna söfnuðum sem til sókna teljast. Nokkrir eru í sérþjónustu þar sem söfnuðurinn er dreifður víða. Þjóðkirkjan hefur þéttriðið þjónustunet um land allt um leið og hún veitir fólki þjónustu sem býr við sérstakar aðstæður. Prestsþjónusta fer ekki hátt en hún er mikilvæg og nauðsynleg. Prestur innflytjenda t.d. þjónar m.a. fólki sem leitar hér alþjóðlegrar verndar og gegnir þar mikilvægu hlutverki.

Aðskilnaður ríkis og kirkju hefur verið ræddur víða í samfélaginu, m.a. á landsfundum stjórnmalaflokkanna. Við, mörg hver höfum haldið því fram að sá aðskilnaður hafi farið fram árið 1997 þegar Þjóðkirkjan fór ein að ráða sínum innri málum. Við hvað er átt þegar spurt er um aðskilnað ríkis og kirkju? Að mínu viti þarf að svara þeirri spurningu áður en spurningunni um aðskilnaðinn er svarað. Það gætir mikils misskilnings oft á tíðum þegar tengsl ríkis og kirkju eru rædd og þegar samskipti ríkis og kirkju eru rædd. Eitt af því er þegar fullyrt er að Þjóðkirkjan njóti framlags frá ríkinu. Fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju byggjast ekki á beinum fjárframlögum ríkisins heldur samkomulagi tveggja réttþátta aðila annars vegar og sóknargjöldum hins vegar. Eins og kunnugt er hefur

kirkjuþing samþykkt tillögu ríkisins um niðurskurð á kirkjujarðasamkomulaginu fimm sinnum. Á kirkjuþinginu þann 14. ágúst s.l. varð breyting á eins og kunnugt er. Beiðni ríkisins um afslátt af afgjaldinu var hafnað af kirkjuþingi fyrir yfirstandandi ár og í gær, á fundi sem ég sótti ásamt forseta kirkjuþings í innanríkisráðuneytið, var upplýst að ríkið óskar eftir viðræðum við Þjóðkirkjuna um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, bæði hvað varðar kirkjujarðasamkomulagið og sóknargjöldin.

Sóknargjöldin hafa undanfarin ár verið skorin niður meira en almennur niðurskurður í samfélaginu eins og kunnugt er. Í þeirri umræðu sem skipast hefur varðandi niðurskurð sóknargjaldanna blasir við að talsmann sóknarnefndanna vantar. Sóknargjöldin eru leikmannamál. Ég tel að það hafi sárvantað öflugan talsmann í þessu máli, sem rís upp á réttum stöðum og lætur í sér heyra og vinnur að því að endurheimta sóknargjöldin eins og lög gera ráð fyrir. Það er sjálfsagt að biskup og embættið fylgi þessu máli eftir, styðji kirkjur í vanda og tali máli þeirra, en öflugra væri að mínu mati að fólkið sem ber hitann og þungann af rekstri sóknanna segi sjálft frá þörfinni á að sóknargjöldin skili sér að fullu. Um land allt er fórnfúst fólk sem vill vinna kirkju sinni gagn og teystir kirkjunni sinni til góðra verka og stuðnings við menn og málefni. Það er sterkt að heyra raddir þess fólks lýsa því hve nauðsynlegt kirkjulegt starf er í landinu og kirkjuleg þjónusta. Eins má ekki gleyma því að sóknarnefndarmenn um land allt vinna að varðveislu og viðhaldi mikilla menningarverðmæta sem eru kirkjurnar og kirkjugarðarnir um land allt.

Á þessu kirkjuþingi liggja fyrir 2 tillögur um val og veitingu prestsembættanna. Það tvöfalda kerfi sem við búum við nú í þessum málaflokki er til mikilla vandræða. Eftir þessum reglum er ekki hægt að vinna lengur. Ég vona að kirkjuþinginu beri gæfa til þess að finna betra fyrirkomulag við val og veitingu prestsembættanna.

Eitt af því sem hefur breytt kirkjunni undanfarna áratugi er vígsla kvenna til þjónustu í kirkjunni. Það hefur verið kirkjunni til bóta að hafa fólk af báðum kynjum í þjónustu sinni. Í jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar, sem samþykkt var á kirkjuþingi segir að jafnréttisstefna kirkjunnar eigi að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt sé í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists.

Á undanförunum þremur árum hefur orðið mikil hreyfing á prestahópnum, – prestar hafa flust úr stað og nýir bæst í hópinn. Frá því ég tók við embætti hefur verið skipað í 41 embætti, – 24 konur og 17 karlar. Um nokkra nýliðun er að ræða í hópnum eða tíu, þar af 7 konur. Þá hafa á undanförunum árum tvær konur orðið biskupar, nýtt kirkjuráð er skipað konum í meirihluta og á þessu ári bættust tveir nýir prófastar í hópinn, báðir konur. Af starfandi prestum þjóðkirkjunnar eru nú um 2/3 karlar og 1/3 konur.

Kirkjuþing er æðsta valdastofnun Þjóðkirkjunnar. Á kirkjuþinginu 2013 var samþykkt að beina því til innanríkisráðherra að flytja frumvarp til laga um breytingu á þjóðkirkjulögum. Meginatriði tillögunnar voru þau að fella brott ákvæði um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd, ákvæði um verkefni biskupafundar og að færa fjárstjórnarvald til kirkjuþings. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi en hefur ekki hlotið framgang þar. M.a. hafa komið fram athugasemdir um, bæði hjá innanríkisráðuneyti og allsherjarnefnd Alþingis, að réttaröryggi sé skert ef menn eru sviptir þeim rétti að bera mál undir úrskurðarnefnd. Með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn er svo og því að kosið hefur

verið til nýs kirkjuþings og kirkjuráðs, frá því kirkjuþing ályktaði eins og fyrr segir, og því að ýmsar forsendur hafa breyst á tímabilinu tel ég ekki rétt að fara fram á framlagningu frumvarpsins á yfirstandandi þingi. Rökin fyrir því eru þau að fjárhagsleg samskipti kirkju og ríkis eru nú til umfjöllunar, hvað varðar sóknargjöld og kirkjujarðasamninginn frá 1997.

Alvarlegar athugasemdir hafa komið fram, bæði hjá Alþingi og innanríkisráðuneytinu um galla á frumvarpinu.

Kirkjuþing hefur sett af stað vinnu við endurskoðun þjóðkirkjulaga eins og þingheimi er kunnugt og hefur sú vinna staðið yfir um langt árabil. Er það eðlilegt þar sem líta má á þjóðkirkjulögin eins og stjórnarskrá kirkjunnar og því eðlilegt að varlega sé farið. Mál um vinnu að endurskoðun þjóðkirkjulaganna er fyrir kirkjuþingi 2015.

Þá er sömuleiðis í gangi vinna við stefnumótun þjóðkirkjunnar og er áfangaskýrsla starfshóps til umfjöllunar á þessu þingi. .

Allsendis er óljóst hvað tæki við ef frumvarpið yrði samþykkt. Engar tillögur að starfsreglum eða almenn sýn á skipan mála hefur verið sett fram um það hvernig fjárstjórnarvaldi kirkjuþings yrði háttað. Er því fullkomin óvissa um þau mál sem verður að telja slæmt.

Eins og fram hefur komið eru einnig skiptar skoðanir um það hver fari með fyrirvar af hálfu kirkjunnar hvað varðar kirkjujarðasamninginn, þótt það sé nokkuð skýrt í samningnum sjálfum.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því fyrra kirkjuþing samþykkti ályktunina.

Er því að mínu mati, rétt að staldrað sé við áður en áfram er haldið með svo veigamiklar breytingar á þjóðkirkjulögum sem áður nefnt frumvarp felur í sér.

Ég tel að niðurstaða um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju verði að nást áður en farið er að hrófla við ákvæðum laga um fjármál þjóðkirkjunnar. Ég tel, með hliðsjón af því að endurskoðun þjóðkirkjulaga og stefnumótun þjóðkirkjunnar stendur yfir, sé ekki ráðlegt að breyta verulega þeim atriðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir bæði hvað varðar fjármál en einnig grundvallaratriði í kirkjuskipan. Það góða fólk sem stendur að endurskoðunarvinnunni með umboð kirkjuþings og ábyrgð gagnvart því, verður að fá vinnufrið að mínu mati. Að auki er skynsamlegt að leiða til lykta og fá úr því skorið, hver fari með fyrirvar og ábyrgð kirkjujarðasamningsins. Ég mun því vart geta stutt framgang þessa máls nema eitthvað það komi fram á þessu kirkjuþingi sem breytt getur stöðu mála hvað þetta varðar.

Á síðasta ári voru kosnir nýir fulltrúar kirkjuþings í kirkjuráð. Ein af embættisskyldum biskups Íslands er að leiða störf kirkjuráðs. Sú skipan mála er í samræmi við skipulagið í nágrennalöndum okkar, s.s. Finnlandi, Svíþjóð og Þýskalandi, þar sem biskup er í forsæti í kirkjuráðunum. Í Danmörku er kirkjan mun tengdari ríkisvaldinu og eru innri málefni kirkjunnar því á höndum ríkisins. Í Noregi leiðir leikmaður kirkjuráðið þar sem biskup á sæti og eru ýmsir meinbugir á þeim ráðahag að mati þeirra leikra og lærðra sem ég hef rætt við um málið.

Ekki er ofsagt að samstarfið í kirkjuráði hafi verið brokkgengt það ár sem liðið er frá því það tók til starfa. Mismunandi skilningur á hlutverki kirkjuráðs hefur einkennt starfsárið

og hafa biskup og kirkjuráð nú sammælt um að leita eftir áliti lögfræðinga á því hvar mörk ábyrgðar og hlutverks kirkjuráðs og biskupsembættisins liggja. Sú vinna mun hefjast fljótlega og vona ég að í kjölfar þeirrar vinnu verði skýrara hvar ábyrgð mála liggur.

Alltaf verður það þannig að skoðanir eru ólíkar og um þær verður tekist, það er eðlilegt og er verkefni okkar allra að taka tillit til annarra og finna farsælar leiðir fyrir þjóðkirkjuna á breytingar tímum.

Hins vegar getur það varla gengið þegar stjórnvald verður sjálfu sér sundurþykkt, eins og birtist í máli númer níu hér á kirkjuþingi. Þar eru meðal flutningsmanna fulltrúar úr kirkjuráði, sem vilja þrátt fyrir að þjóðkirkjulögin í heild séu til umfjöllunar í löggjafarnefnd, mæla fyrir því að starfsskyldum biskups Íslands verði nú breytt á þann máta að biskup eigi ekki lengur sæti í kirkjuráði.

Í þessu máli tel ég birtast það vantraust sem ég hef mætt í störfum mínum í kirkjuráði. Ég tel það ómálefnalegt og ómaklegt vantraust sem ég hef þurft að glíma við hingað til og nefni þetta hér því mér finnst mikilvægt að upplýsa kirkjuþing um þessa stöðu mála.

Það er mér ljúft og skylt að sinna verkefnum kirkjuráðs samhliða öðrum skyldum mínum sem biskup Íslands. Verkefni kirkjuráðs eru í sjálfu sér ekki erfið eða flókin, en langvarandi sundurlyndi hefur slæm áhrif á alla.

Sundurlyndi innan kirkjunnar er ekki það sem þjóðkirkjan þarf á að halda um þessar mundir. Nú þurfum við að standa saman. Það er brýnt að við sem erum í lykilstöðum í kirkjunni og sinnum trúnaðarstörfum fyrir hana leggjum til hliðar ágreining og mismunandi skoðanir á hinum ýmsu málum og einbeitum okkur að því að standa saman um það að koma fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju í viðunandi horf. En fyrst og fremst þurfum við að standa saman í því sameiginlega verkefni okkar að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist hvarvetna í sveit og borg. Það eru gömul sannindi og ný að sameinuð stöndum við, en sundruð föllum við.

Guð blessi ykkur, kirkjuþingið og störf þess.

Kosningar í upphafi kirkjuþings 2015

Kosning þingforseta

Magnús E. Kristjánsson

Kosning 1. varaforseta

Egill H. Gíslason

Kosning 2. varaforseta

Drífa Hjartardóttir

Kosning fastra þingnefnda Kirkjuþings

Löggjafarnefnd

Björn Jónsson

Geir Waage

Jónína Bjartmarz

Leifur Ragnar Jónsson

Sigurður Árni Þórðarson

Stefán Magnússon

Steindór R. Haraldsson

Þorgrímur Danielsson

Ægir Örn Sveinsson

Fjárhagsnefnd

Birgir Rafn Styrmisson

Drífa Hjartardóttir

Egill H. Gíslason

Einar Karl Haraldsson

Gísli Gunnarsson

Gísli Jónasson

Hreinn Hákonarson

Ólafur Björgvin Valgeirsson

Svana Helen Björnsdóttir

Allsherjarnefnd

Elínborg Gísladóttir

Guðbjörg Arnardóttir

Guðlaugur Óskarsson

Guðrún Karls Helgudóttir

Halla Halldórsdóttir

Marinó Bjarnason

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Sjöfn Jóhannesdóttir

Þórunn Júlíusdóttir

Vigfús Bjarni Albertsson

Kosning formanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Steindór R. Haraldsson

Fjárhagsnefnd

Svana Helen Björnsdóttir

Allsherjarnefnd

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Kosning varaformanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Jónína Bjartmarz

Fjárhagsnefnd

Gísli Jónasson

Allsherjarnefnd

Vigfús Bjarni Albertsson

Kosning kjörbréfanefndar

Gísli Jónasson

Steindór Haraldsson, formaður

Halla Halldórsdóttir

Drífa Hjartardóttir

Sjöfn Jóhannesdóttir

Þingskrifarar

Birgir Rafn Styrmisson

Egill Heiðar Gíslason

Skýrsla kirkjuráðs

Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi en kirkjuráð var kosið á síðasta kirkjuþingi til fjögurra ára. Þeir eru sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavíkurprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi, sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi og Svana Helen Björnsdóttir, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri. Varamenn í kirkjuráði eru Drífa Hjartardóttir, bóndi, Einar Karl Haraldsson, framkvæmdastjóri, sr. Geir Waage, sóknarprestur í Reykholtsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi og sr. Gísli Jónasson, prófastur og sóknarprestur Breiðholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Störf kirkjuráðs

Almennt

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

Kirkjuráð hefur skipað launanefnd til að fara yfir skipulag starfa, launa og starfsábyrgðar á Biskupsstofu. Í nefndinni eru Inga Rún Ólafsdóttir, Sveinbjörg Pálsdóttir og Ellisif Tinna Víðisdóttir sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Ágreiningur er innan kirkjuráðs um ábyrgð kirkjuráðs á kirkjujarðasamkomulaginu. Fjórir kirkjuráðsmenn telja að ábyrgðin liggja hjá kirkjuráðinu en forseti kirkjuráðs, sem er biskup Íslands, telur það álitamál. Vegna þessa ágreinings hefur kirkjuráð ákveðið að skipa þriggja manna nefnd lögfræðinga sem skila mun álitum á þessu ágreiningsmáli. Í nefndinni eru Pétur Kr. Hafstein fv. forseti Hæstaréttar og fv. forseti kirkjuþings, Gestur Jónsson hrl.

og Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands Ágreiningur þessi hefur haft truflandi áhrif á starfsemi kirkjuráðs.

Kirkjuráðsfundir

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á Biskupsstofu og á þessu starfsári (kirkjuþingsárinu) hefur ráðið haldið 14 fundi. Auk kirkjuráðsmanna og framkvæmdastjóra hafa setið að jafnaði fundi ráðsins biskupsritari sem ritar fundargerðir. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar og vígslubiskupar þegar málefni biskupsstólanna eru rædd.

Starfsfólk kirkjuráðs

Kirkjuráð réði til starfa þann 1. apríl 2015 framkvæmdastjóra kirkjuráðs, Ellisif Tinnu Víðisdóttur, lögfræðing, en Ragnhildur Benediktsdóttir, fv. skrifstofustjóri Biskupsstofu, sinnti starfi framkvæmdastjóra ráðsins til þess tíma. Guðrún Finnbjarnardóttir, fulltrúi starfar með framkvæmdastjóra að undirbúningi kirkjuráðsfunda og öðrum verkefnum ráðsins.

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur, fráfarandi framkvæmdastjóri kirkjuráðs tók þann 1. janúar 2015 við starfi sem sviðsstjóri fasteignasviðs til bráðabirgða. Frá 1. júní 2015 er hann sviðsstjóri lögfræðisviðs Biskupsstofu, en framkvæmdastjóri kirkjuráðs tók frá sama tíma einnig við starfi sviðsstjóra fasteignasviðs. Á fasteignasviði starfar einnig Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnastjóri viðhaldsmála. Á sviði upplýsingatæknimála starfar Örvar Kárasón, verkefnisstjóri. Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri Biskupsstofu, sagði starfi sínu lausu frá og með 1. apríl 2015. Á fjármálasviði starfa Hildur Gunnarsdóttir, aðalféhirðir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri á sviði fjármála sókna, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókari og Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókari og Ólöf Kristjánsdóttir, sem aðalbókari, en hún sagði starfi sínu lausu frá og með 1. september sl.

Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu

Reglulegt kirkjuþing, 51. kirkjuþing 2014, var haldið í Grensáskirkju 10. – 15. nóvember 2014 og í Neskirkju 17. janúar 2015. Á þinginu voru lögð fram 32 mál, kirkjuráð flutti 11 mál, biskup Íslands fjögur, biskupafundur eitt, forsætisnefnd eitt og innanríkisráðherra einnig eitt mál. Þingmannamál voru 14, þar af eitt flutt af fulltrúa kirkjuþings unga fólksins. Alls voru 31 mál afgreidd á þinginu. Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar eru birtar breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum.

Skal nú gerð grein fyrir framkvæmd samþykktar kirkjuþings.

1. mál. Ályktanir við skýrslu kirkjuráðs

- Kirkjuþing 2014 hvetur til áframhaldandi samtals við Ríkisútvarpið um framtíð morgun- og kvöldbæna á dagskrá þess.
- Kirkjuþing 2014 leggur áherslu á að félagsmannatal þjóðkirkjunnar verði þróað áfram.

- Kirkjuþing 2014 hvetur til að ekki verið hnikað frá því að lögbundin félagsgjöld kirkjunnar, sóknargjöldin, skili sér til kirkjunnar að fullu.
- Kirkjuþing 2014 fagnar skipan viðræðunefndar kirkjunnar við ríkisvaldið um kirkjujarðasamkomulagið og væntir þess að staðið verði við núgildandi samning. Kirkjuráð hefur tekið mið af ályktunum kirkjuþings við störf sín.

2. mál. Ályktun við skýrslu um fjármál þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2014 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2013 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust. Farið hefur verið yfir fyrirbyggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþings frá Ríkisendurskoðun. Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2013 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.

Undanfarin sex ár hefur þjóðkirkjan og söfnuðir hennar tekið á sig tekjuskerðingu sem í heild nemur um 6,5 milljörðum króna. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997.

Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Uppsöfnuð skerðing frá árinu 2010 vegna kirkjujarðasamkomulagsins er um 2,1 milljarður króna. Kirkjuþing væntir þess að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði við samninginn.

Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaða þjóðkirkjunnar, annarra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga um land allt. Óumdeilt er að sóknargjöld hafa verið skert mun meira en framlög til stofnana innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008-2014 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur um 25% umfram framlög til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar frá apríl 2012 og skýrslu starfshóps um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar frá maí 2014. Enn meira vantar upp á að sóknargjöldin séu í samræmi við lög um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Uppsöfnuð skerðing til þjóðkirkjusafnaða vegna sóknargjaldanna á árunum 2008-2014 er um 4,4 milljarðar króna.

Kirkjuþing 2014 treystir því að stjórnvöld standi við fyrirheit sem gefin hafa verið um leiðréttingu sóknargjalda, þannig að gengið verði frá samningi ríkis og kirkju um gjöldin á næstu mánuðum. Ennfremur treystir kirkjuþing því, að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði að fullu við það.

4. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga.

Kirkjuþing 2014 samþykkir að löggjafarnefnd vinni málið áfram og safni saman þeim ábendingum og tillögum sem fram hafa komið. Löggjafarnefnd leggur til við kirkjuþing 2014 að óskað verði eftir því við kirkjuráð að kalla eftir umsögnum héraðsfunda og héraðsnefnda. Löggjafarnefnd mun leggja fram tillögu um frekari meðferð málsins á kirkjuþingi 2015.

7. mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um val og veitingu prestsembættu.

Kirkjuþing 2014 samþykkir að vísa breytingartillögu löggjafarnefndar á þingskjali 67 til kirkjuráðs sem sendi hana til kynningar og umsagna héraðsfunda, héraðsnefnda, Prestafélags Íslands og aðildarféлага þess og annarra þeirra kirkjulegra aðila sem málið varðar. Kirkjuráð leggi umsagnir fyrir löggjafarnefnd. Löggjafarnefnd búi málið í hendur kirkjuþings 2015 og flytji það.

Kirkjuráð vann í samvinnu við formann löggjafarnefndar kynningarmyndband um málið sem sent var prestum og sóknarnefndarformönnum og gerði einnig viðhorfskönnun hjá sömu aðilum. Málið mun verða lagt fram og rætt á þessu þingi.

13. mál. Þingsályktun um endurskoðun Samskiptastefnu Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2014 framlengir gildandi samskiptastefnu Þjóðkirkjunnar til loka ársins 2015 og ályktar að fela kirkjuráði að skipa starfshóp um endurskoðun á samskiptastefnu Þjóðkirkjunnar. Slík stefna innhaldi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára. Ný stefna verði lögð fyrir kirkjuþing 2015.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til starfshóps um fjölgun í Þjóðkirkjunni. Nefndin hefur óskað eftir því að vinna málið áfram og leggja það fyrir kirkjuþing 2016.

15. mál. Þingsályktun um aðgerðir til að fjölga meðlimum í Þjóðkirkjunni

Kirkjuþing 2014 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna starfshóp er leggi fram tillögur sem miði að því að fjölga meðlimum í Þjóðkirkjunni. Starfshópurinn skili tillögum sínum til kirkjuráðs sem leggi tillögurnar fyrir kirkjuþing 2015.

Kirkjuráð skipaði Jónínu Sif Eypórsdóttur, æskulýðsfulltrúa, Einar Karl Haraldsson, framkvæmdastjóra og Margréti Gísladóttur, ráðgjafa í starfshópinn.

Kirkjuráð samþykkti einnig, að tillögu biskups, að fela sóknarprestum og sóknarnefndum Þjóðkirkjunnar að vinna að fjölgun meðlima Þjóðkirkjunnar hverri í sinni sókn.

Tillögur starfshópsins eru til umfjöllunar á þessu þingi. Nefndarálitíð er fylgiskjal með þessari skýrslu.

16. mál. Þingsályktun um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti

Kirkjuþing hefur kynnt sér meginhugmyndir viljayfirlýsingar um verkefnið SAMFERÐ-Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti. Kirkjuþing styður áform um uppbyggingu Skálholtsstaðar sem eft getur kirkjulegt starf á staðnum. Kirkjuþing felur kirkjuráði að fylgja málinu eftir og gæta hagsmuna Skálholtsstaðar í hvívetna. Kirkjuráð hafi sérstaka hliðsjón af lögum frá 1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda Þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað. Þegar áætlanir liggja fyrir verði þær teknar til umfjöllunar á kirkjuþingi áður en til bindandi ákvarðana komi.

Tölvupóstur barst frá Guðjóni Arngrímssyni þann 4. febrúar 2015 þar sem fram kom að hann og aðilar honum tengdir hafa ákveðið að vinna að þróun upphaflega verkefnisins með öðrum og breyttum hætti og með öðrum aðilum en áður var áformað.

17. mál. Þingsályktun um stjórn Skálholtsstaðar

Kirkjuþing mælist til þess við kirkjuráð að skoða, hvort málefnum Skálholtsstaðar yrði það til gagns að skipuð yrði þriggja manna stjórn Skálholtsstaðar og jafn margir til vara, er annist í umboði biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskupi uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjuþings og samþykktir kirkjuráðs.

Kirkjuráð hefur skipað stjórn Skálholtsstaðar, sjá síðar í skýrslunni í umfjöllun um Skálholt.

19. mál. Þingsályktun um barna- og æskulýðsmál

Kirkjuþing 2014 samþykkir eftirfarandi ályktun frá Kirkjuþingi unga fólksins:

Kirkjuþing unga fólksins harmar niðurskurð í barna- og æskulýðsmálum. Kirkjuþing unga fólksins vill undirstrika mikilvægi þess að kirkjan og stjórnvöld standi vörð um barna- og æskulýðsmál og stuðli að uppbyggingu á þeim vettvangi frekar en niðurskurði. Einnig minnum við á ábyrgð þessara aðila gagnvart börnum og unglingum. Kirkjuþing unga fólksins vill hvetja þá sem stýra þessum málaflokki að skapa starfsumhverfi sem hlúir að sameiginlegum vettvangi barna- og æskulýðsmála.

Kirkjuráð bókaði eftirfarandi: Kirkjuráð fagnar þessari ályktun frá kirkjuþingi unga fólksins og mun leitast við að vernda þennan málaflokk á niðurskurðartímum. Biskup mun ræða þetta mál við nýjan innanríkisráðherra í tengslum við endurskoðun sóknargjalda.

25. mál. Þingsályktun um frágang Gerða kirkjuþings frá 1958 til 1997

Kirkjuþing 2014 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að séð verði til þess að gerðir kirkjuþings frá upphafi, 1958 til og með 1997, verði innskannaðar og settar á vef kirkjunnar, kirkjan.is, og eftir atvikum á vefinn timarit.is. Málinu var vísað til kirkjuráðs og vinna við innskönnun er hafin á Þjóðarbókhöfðu.

26. mál. Þingsályktun um endurgreiðslu á virðisaukaskatti

Kirkjuþing 2014 ályktar að skora á Alþingi að samþykkja framkomið frumvarp til laga um að endurgreiða trúfélögum og lífskoðunarfélögum 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur er af vinnu við endurbyggingu og viðhald kirkna, safnaðarheimila og hljóðfæra. Málið var flutt á Alþingi snemma á þessu ári og var flutningsmaður þess á kirkjuþingi kallaður á fund allsherjarnefndar til að ræða það. Málið var ekki afgreitt úr Allsherjarnefnd Alþingis.

28. mál. Þingsályktun um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum.

Kirkjuþing 2014 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að hann flytji eftirfarandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sbr. 3. mgr. 23. gr. sömu laga.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Nú er sóknarpresti eða prestri veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum og getur þá biskup Íslands falið öðrum prestri að gegna embættinu til allt að eins árs í senn.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2018. Mál þetta var ekki afgreitt á Alþingi og mun Kirkjuráð því óska eftir því við innanríkisráðherra að hann flytji málið aftur á þessu þingi með þeirri breytingu að ákvæðið falli úr gildi 1. janúar 2019.

Aukakirkjuþing 2015

Aukakirkjuþing 2015 var haldið í Grensáskirkju föstudaginn 14. ágúst sl. Eitt mál var á dagskrá þingsins en það var tillaga innanríkisráðherra til þingsályktunar um viðaukasamning við samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar. Tillagan fjallaði um beiðni innanríkisráðherra um að Þjóðkirkjan veitti ríkisvaldinu afslátt af afgangi kirkjujarða sjötta árið í röð.

Kirkjuþing hafnaði tillögu ráðherra.

Mál lögð fram af kirkjuráði á kirkjuþingi 2015

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs.
2. mál. Skýrsla kirkjuráðs um fjármál Þjóðkirkjunnar.

Svið kirkjuráðs

Undir kirkjuráð heyrta samkvæmt skipuriti þrjú svið; fjármálasvið, fasteignasvið og upplýsingatæknisvið.

Fjármálasvið

Fjárlagafrumvarp 2015 og fjárhagsáætlanir 2016

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2016 hefur verið lagt fram og var það rætt í kirkjuráði 18. ágúst sl. Fyrri umræða um fjárhagsáætlanir sjóða kirkjunnar fyrir árið 2016 fór fram á kirkjuráðsfundum 25. ágúst og 14. október sl. Áætlarnir fyrir 2016 verða kynntar á kirkjuþingi 2015 og þær ræddar þar. Að jafnaði er gengið frá endanlegum fjárhagsáætlunum og úthlutunum úr Jöfnunarsjóði sókna og Kirkjumálasjóði á desemberfundi kirkjuráðs.

- Sóknargjöld Þjóðkirkjusafnaða

Kirkjuráð sendi þann 1. desember 2014 erindi til forsætis-, fjármála- og innanríkisráðherra með ósk um að sóknargjöldin verði leiðrétt í samræmi við tillögur starfshóps innanríkisráðherra um leiðréttingu sóknargjalda. Einnig að gerður yrði samningur um greiðslur á þeirri umframskerðingu sóknargjalda sem orðið hefur og rakið er í skýrslu nefndar ráðherra frá maí 2014. Stefnt yrði að því að samningurinn yrði kominn til framkvæmda fyrir kirkjuþing 2015. Í framhaldi af því var þáverandi innanríkisráðherra veitt heimild ríkisstjórnarinnar til að hefja undirbúning að gerð samkomulags ríkis og kirkju um að umframskerðing sóknargjalda yrði jöfnuð út.

Enn hefur slíkt samkomulag ekki verið gert.

Þann 24. apríl sl. fór forseti kirkjuráðs á fund innanríkisráðherra og afhenti bréf frá

kirkjuráði sem dagsett var þann 20. apríl sl. varðandi sóknargjaldamálið. Þar óskaði kirkjuráð eftir því að samningur um greiðslur á þeirri umframskerðingu á sóknargjöldum sem orðið hefur komi til framkvæmda fyrir kirkjuþing 2015. Enn hefur skriflegt svar ekki borist en á fundum biskups og ráðherra hafa þessi mál verið rædd síðan. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 er hækkun á sóknargjöldum 9,8% milli ára.

-Kirkjujarðasamkomulagið

Þann 24. apríl sl. fór forseti kirkjuráðs á fund innanríkisráðherra og afhenti bréf frá kirkjuráði varðandi kirkjujarðasamkomulagið Í bréfinu var skorað á íslenska ríkið að virða skuldbindingar sínar gagnvart íslensku þjóðkirkjunni. Enn hefur skriflegt svar ekki borist en á fundum biskups og ráðherra hafa þessi mál verið rædd síðan. Í framhaldi af fundi biskups og ráðherra 2. júlí sl. þar sem fram kom að ríkið myndi leggja til frekari niðurskurð á samkomulaginu árið 2016 og að sóknargjöldin myndu ekki hækka árið 2016, ákvað biskup Íslands að boða til fundar. Fundurinn var haldinn í Neskirkju þann 10. júlí sl. til að ræða vanefndir ríkisins á kirkjujarðasamkomulaginu. Fundinn sátu aðal- og varamenn í kirkjuráði, vígslubiskupar, starfsfólk Biskupsstofu, prófastar, fv. forseti kirkjuþings, forsætisnefnd kirkjuþings og formenn fastanefnda kirkjuþings, fulltrúar Prestafélags Íslands, lögmenn og almannatengslafólk.

Niðurstaða fundarins var að boðað yrði til aukakirkjuþings til að taka afstöðu til tillögu að viðbótarsamkomulagi við samkomulag Íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá árinu 1997. Fundur kirkjuþings var haldinn í Grensáskirkju þann 14. ágúst.

7. maí 2014 skipaði kirkjuráð fulltrúa kirkjunnar í viðræðunefnd við ríkisvaldið. Nefndin sem í sátu sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur og kirkjuþingsmaður, Inga Rún Ólafsdóttir, fyrrv. kirkjuþingsmaður og Valgerður Sverrisdóttir, fyrrv. ráðherra, skiluðu umboði og vinnugögnum sínum til kirkjuráðs á fundi 13. október sl. Af hálfu ríkisins hafa enn ekki verið skipaðir fulltrúar í viðræðunefnd um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins og hafa viðræður því ekki hafist.

Fasteignasvið

Kirkjuþing 2014 samþykkti niðurfellingu fasteignanefndar þjóðkirkjunnar. Með því varð sú breyting á stjórnslu kirkjuráðs að fasteignasviði Biskupsstofu er falin ýmis umsýsla sem fasteignanefndin hafði áður. Hlutverk kirkjuráðs hvað varðar fasteignir er m.a. að taka ákvarðanir um nýbyggingar fasteigna, kaup og sölu fasteigna, að staðfesta langtímasamninga o.fl. en fasteignasvið sinnir almennum daglegum rekstri og umsýslu fasteigna undir stjórn sviðsstjóra.

Fasteignir kirkjumálasjóðs eru um 79 talsins. Skálholt er talin ein fasteign þótt á jörðinni standi mörg hús, s.s. dómkirkjan, vígslubiskupshús, prestsbústaður, bændabýli, sumarhús o.fl. Hið sama á við um fleiri jarðir í eigu kirkjumálasjóðs þar sem mörg hús standa. Af þessum eignum eru 52 prestssetur og þrjú biskupssetur.

Unnið var að umsýslu og viðhaldi fasteigna kirkjumálasjóðs á starfsárinu undir stjórn kirkjuráðs, í samræmi við starfsreglur og áætlanir þar að lútandi.

Húsnæðismál Biskupsstofu voru áfram til umfjöllunar á starfsárinu og ýmsir möguleikar kannaðir en ekkert hefur enn verið ákveðið um framtíðarskipan þeirra mála.

Jörðin Valþjófsstaður I, Austurlandsprófastsdæmi, lagðist niður sem prestssetur þegar Valþjófsstaðarprestakall sameinaðist Egilsstaðarprestakalli þann 1. október 2014. Jörðin var í framhaldi af því leigð út á almennum markaði og hlunnindatekjur jarðarinnar af hreindýraveiði undanskildar. Greiðslumark jarðarinnar 166,9 ærgildi var selt á almennum markaði. Einnig var greiðslumark fyrrum prestssetursjarðarinnar Kolfreyjustaðar, 12,9 ærgildi, selt.

Kirkjuráð mótaði þá stefnu að almennt skyldi ekki selja spildur úr jörðum kirkju-málasjóðs, en nokkrar slíkar beiðnir um kaup bárust ráðinu á starfsárinu.

Unnin var úttekt á húsnæði Skálholtsskóla á starfsárinu og kom m.a. í ljós að ýmsir gallar voru á viðbyggingu við skólann sem reist var árið 2003. Mátti rekja gallana m.a. til lélegs frágangs og skorts á eftirliti. Réttarstaða kirkjunnar í þessu sambandi var könnuð en niðurstaðan var sú að hugsanlegar bótakröfur væru fyrndar.

Eftirtaldar fasteignir voru, með söluheimild kirkjuþings 2014, seldar á starfsárinu:

Túngata 20, Eyrarbakka söluverð 18.425.000 kr.

Staðarhóll, Hvanneyri söluverð 25 millj. kr.

Barmahlíð 7, Sauðárkróki, söluverð 28,5 millj. kr.

Glaumbær í Skagafirði eldra íbúðarhús, söluverð 7 millj. kr.

Austurvegur 9, Hrísey, söluverð 8 millj. kr.

Hátún 13, Eskifirði, söluverð 13 millj. kr.

Upplýsingatæknisvið

Eftirfarandi eru stærstu UT-verkefni sem unnin hafa verið á kirkjuþingsárinu:

- Lokið var við úreldingu netþjóna og flutning þjónustunnar á sýndarþjóna.
- Póstþjónusta við presta flutt í skýjalausn hjá Microsoft.
- Nýtt IP-símkerfi innleitt í Grensáskirkju.
- Endurnýjun þráðlausra senda og nets á Laugavegi 31 og í Grensáskirkju.
- Skráningarform fyrir skírnir innleitt á þjónustuvefnum. Upplýsingar um nafngjöf rata því sjálfkrafa til Þjóðskrár Íslands.

Stofnanir o.fl. verkefni

Skálholt

Um Skálholt og Skálholtsskóla gilda lög nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað og lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.

Biskup Íslands og kirkjuráð hafa forræði um framkvæmdir í Skálholti og starfrækslu Skálholtsstaðar. Skálholtsskóli og Skálholtsstaður hafa verið rekin sem ein rekstrareining síðastliðin ár. Samkvæmt samþykkt kirkjuráðs frá 2012 og starfsreglum um vígslubiskupa ábyrgist vígslubiskup í umboði kirkjuráðs rekstur og starfsemi í Skálholti á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar og hefur almennt fyrirvar vegna Skálholts. Jafnframt er stjórnun Skálholtsskóla í höndum vígslubiskups Skálholtsumdæmis fyrir hönd kirkjuráðs.

- *Leigusamningur um rekstur á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla.*

Fyrri kirkjuráð samþykkti í október sl. að ljúka gerð samnings við Óla Jón Ólason um útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti. Skyldi gengið frá samningi eftir að úttekt hefði verið gerð á ástandi húsnæðisins. Ástandsmat á húsnæði Skálholtsskóla leiddi í ljós að verulegra endurbóta var þörf á húsnæðinu og m.a. væru fimm herbergi í húsinu ekki hæf til útleigu vegna myglusvepps. Áætlaður kostnaður var talinn verulegur. Kirkjuráð tók fyrirætlun um útleigu húsnæðisins til umræðu að nýju, m.a. í ljósi úttektarinnar en ljóst var að leggja þyrfti í verulegar endurbætur á leiguhúsnæðinu ef þær tekjur ættu að fást sem gengið var út frá í rekstraráætlun leigutakans. Kirkjuráð ákvað að falla frá gerð fyrirhugaðs leigusamnings þar sem forsendur fyrir útleigu væru brostnar. Óli Jón Ólason krafðist bóta vegna málsins og var samþykkt að greiða honum kr. 3 milljónir og greiðslu lögfræðikostnaðar kr. 150 þúsund. Bæturnar voru greiddar vegna þess kostnaðar sem Óli Jón hafði haft af samningsgerðinni svo og vegna óhagræðis sem hann varð fyrir vegna bókana ferðahópa í Skálholtsskóla næsta sumar. Séra Gísli Gunnarsson, kirkjuráðsmaður óskaði eftir að bókað yrði að hann væri andvígur afgreiðslu málsins.

- *Skipun stjórnar Skálholtsstaðar*

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á kirkjuþingi 2014:

„Kirkjuþing mælist til þess við kirkjuráð að skoða, hvort málefnum Skálholtsstaðar yrði það til gagns að skipuð yrði þriggja manna stjórn Skálholtsstaðar og jafn margir til vara, er annist í umboði biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskupi uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjuþings og samþykktir kirkjuráðs.“

Kirkjuráð ákvað að skipa eftirfarandi einstaklinga í starfsstjórn Skálholts til fjögurra ára:

Aðalmenn

Formaður: Drífa Hjartardóttir, bóndi og kirkjuþingsmaður
Kristófer Tómasson, sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sr. Þorvaldur Karl Helgason, fyrrv. biskupsritari

Varamenn

Þórarinn Þorfinnsson, bóndi
Jónína Bjartmarz, lögfræðingur og kirkjuþingsmaður
Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari.

- *Skipun skólaráðs Skálholtsskóla.*

Í 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð er greint frá því að kirkjuráð skuli skipa Skólanefnd Skálholtsskóla, sbr. lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993. Kirkjuráð skal skipa þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður og varamaður hans.

Skólaráð Skálholtsskóla er skipað eftirfarandi einstaklingum:

Aðalmenn:

Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Árnessýslu,
Ásdís Guðmundsdóttir Háskóla Íslands,
Hreinn Hákonarson fangaprestur.

Til vara:

Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor hjá Háskóla Íslands
Sigurður Sigursveinsson Háskólafélagi Suðurlands,
Margrét Bóasdóttir verkefnisstjóri kirkjutónlistar.

Tónlistamál Þjóðkirkjunnar

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykki. Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson, organisti og verkefnisstjóri kirkjutónlistar er Margrét Bóasdóttir, söngkona.

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirtalda aðila í kirkjutónlistarráðið:

Samkvæmt tilnefningu biskups; Guðný Einarsdóttir, formaður, varamaður er Guðmundur Sigurðsson. Samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra organleikara; Kári Allansson, varamaður er Helga Þórdís Guðmundsdóttir. Samkvæmt tilnefningu stjórnar Prestafélags Íslands; dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, varamaður er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Strandarkirkja í Selvogi

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju en Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs. Kirkjuráð skipaði í Strandarkirkjunefnd frá 1. júlí sl. til fjögurra ára þau Ragnhildi Benediktsdóttur, lögfræðing sem formann nefndarinnar, sr. Jón Ragnarsson, sóknarprest í Hveragerðisprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson sóknarprest í Þorlákshafnarprestakalli. Varamenn eru Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Jóhanna Eiríksdóttir, húsfreyja, Vogsósum í Selvogi og Margrét Jónsdóttir, bóndi á Syðra-Velli, Flóa.

Kirkjuþing unga fólksins 2015

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í Þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma Þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í Þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar. Kirkjuþing unga fólksins var haldið á Biskupsstofu laugardaginn 17. maí sl. Þóra Björg Sigurðardóttir var kjörin forseti kirkjuþings unga fólksins. Samkvæmt starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 skal kirkjuþingið kjósa einn fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt. Á þessu kirkjuþingi situr fyrrnefndur forseti kirkjuþings unga fólksins.

Ályktanir kirkjuþings unga fólksins eru fylgiskjal með skýrslu þessari.

Stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar

Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjá menn í stjórn stofnunarinnar af níu til þriggja ára í senn. Einn er skipaður á ári. Kirkjuráð samþykkti að skipa sr. Bernharð Guðmundsson sem fulltrúa kirkjuráðs í stjórninni.

Skipan í aðrar nefndir og ráð

Kirkjuráð skal skipa í hverja nefnd þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli á annan veg, sbr. starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000.

Nefndarskipan er fylgiskjal með skýrslu þessari.

Nefnd til að endurskoða starfsreglur nr. 301/2014 um kjör til kirkjuþings.

Á kirkjuþingi árið 2014 var samþykkt að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur nr. 301/2014 um kjör til kirkjuþings. Hjördís Stefánsdóttir, Ragnhildur Benediktsdóttir og séra Gísli Gunnarsson voru skipuð í nefndina. Í skipunarbréfi nefndarmanna er tekið fram að nefndin skuli skila tillögum sínum til kirkjuþings 2015. Nefndin hefur unnið að endurskoðuninni og hefur við þá vinnu lagt áherslu á að einfalda reglurnar, gera þær skýrari og aðgengilegri. Nefndin fór þess á leit við kirkjuráð, í ljósi þess að kosning til kirkjuþings fer ekki fram fyrr en árið 2018, að fá heimild til þess að skila tillögum sínum til kirkjuþings 2016 í stað 2015. Kirkjuráð samþykkti að veita nefndinni heimild til að skila málinu af sér á kirkjuþingi 2016 í stað 2015.

Áfangaskýrsla verður lögð fyrir kirkjuþing 2015.

Lokaorð

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær yfir tímabilið frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015. Árbókin var send þingfulltrúum eftir að hún kom út.

Kirkjuráð hefur fjallað um ýmis önnur mál sem unnt er að lesa um í fundargerðum ráðsins á heimasíðu kirkjunnar, <http://www2.kirkjan.is/stjornsysla/>. Einnig skal vísað til greinagerðar framkvæmdastjóra kirkjuráðs í Árbók kirkjunnar 2014-2015. Þá fylgja skýrslu þessari ýmis gögn til frekari skýringa.

Reykjavík í október 2015

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir, forseti kirkjuráðs

Elínborg Gísladóttir

Gísli Gunnarsson

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir

Fylgiskjöl:

Ályktanir kirkjuþings unga fólksins.

Nefndarskipan.

Nefndarálit frá nefnd um fjölgun í þjóðkirkjunni.

Skýrsla rekstrarstjórnar Skálholts 2015.

Bréf kirkjuráðs til innanríkis-, fjármála- og efnahags-, og forsætisráðherra, dags. 1.12. 2014.

Bréf kirkjuráðs til innanríkisráðherra vegna sóknargjalda, dagsett 20. apríl 2015.

Bréf kirkjuráðs til innanríkisráðherra vegna kirkjujarðasamkomulagsins, dags. 20.4.2015.

Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.

Á fund nefndarinnar kom frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup.

Kirkjuþing 2015 hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgigögn með henni ásamt ávörpum og ræðum við upphaf kirkjuþings.

Nefndin þakkar ávarp Magnúsar E. Kristjánssonar, forseta kirkjuþings og þá hvatningu sem kom fram í orðum hans. Magnús lagði áherslu á að kirkjan sé fyrir alla. „Það er kominn tími til að það sé skoðað og rætt hvers konar samfélag verður til þegar boðskapi fjallræðunnar verður minna haldið á lofti.“

Magnús ítrekar það í ræðu sinni að sóknargjöldin séu félagsgjöld og greiðslur fyrir kirkjujarðasamkomulagið séu afborganir af jarðakaupum en ekki framlag ríkisins til þjóðkirkjunnar. „Mér hefur þótt það furðulegt að gjaldið sem ríkið greiðir fyrir þessar eignir skuli í ríkisreikningum fært sem hluti af framlögum á sviði innanríkisráðuneytisins. Ég teldi eðlilegra að þetta væri hjá fjármálaráðuneytinu eins og skuldbindingar sem ríkið tekur á sig vegna fjárfestinga. Þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að margir sem a.m.k. ættu að vita betur eru að túlka þessar greiðslur sem framlög ríkisins til rekstrar þjóðkirkjunnar en ekki afborgun af jarðakaupum sem þetta í raun eru. Okkur hjá þjóðkirkjunni hefur ekki tekist nægilega vel að útskýra eðli þessa máls og mikilvægt að við gerum betur í þeim efnum“.

Í ávarpi forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, við upphaf kirkjuþings kom m.a. fram að á tímum efnahagsþrenginga hefði kirkjan sjálf boðist til að gefa eftir af fjármunum sínum og hefði fyrir það ekki fengið nægjanlega þakkir. Staða kirkjunnar væri lagalega sterk og nú gætu stjórnvöld ekki lengur gengið á lagið. Hann lýsti yfir velvilja sínum í garð þjóðkirkjunnar enda áhrif hennar á samfélagið mikil í þúsund ár og hvatti hana til þess að efla sjálfstraust sitt.

Í setningarræðu biskups, Agnesar M. Sigurðardóttur kom eftirfarandi m.a. fram:

„Beiðni ríkisins um afslátt af afgjaldinu var hafnað af kirkjuþingi fyrir yfirstandandi ár og í gær, á fundi sem ég sótti ásamt forseta kirkjuþings í innanríkisráðuneytið, var upplýst að ríkið óskar eftir viðræðum við Þjóðkirkjuna um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, bæði hvað varðar kirkjujarðasamkomulagið og sóknargjöldin“. „Það hefur reynst þessari þjóð blessun að byggja á þeim gildum er Kristur birti og boðaði. Við skulum ekki fyrirverða okkur fyrir fagnaðarerindið og ekki heldur leggja niður fræðslu um það“.

Skýrsla kirkjuráðs kom mjög seint fram og því gafst kirkjuþingsfólki lítill tími til undirbúnings.

– Kirkjujarðasamkomulagið

Framundan eru viðræður við ríkið um kirkjujarðasamkomulagið. Ráðuneytin hafa sett á fót nefnd varðandi þetta mál. Í undirbúningi er að skipa viðræðunefnd af hálfu kirkjunnar.

Í skýrslu kirkjuráðs kemur fram að ágreiningur sé innan ráðsins um ábyrgð kirkjuráðs á kirkjujarðasamkomulaginu og verið sé að vinna í því að leysa hann.

– Sóknargjöld

Nefndin þakkar þá vinnu sem lögð hefur verið í að leiðrétta sóknargjöldin og vonast til að árangur náist sem fyrst.

Allsherjarnefnd þakkar kirkjuráði og kirkjuþingsmönnum fyrir vel unnin störf í þágu þjóðkirkjunnar.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með ályktun á þskj. 34.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

Þingsályktun

Kirkjuþing 2015 ályktar að framvegis fylgi rökstuðningur við skipan fólks í nefndir á vegum kirkjuráðs.

Kirkjuþing 2015 ályktar mikilvægi þess að ráðinn verði fjölmiðla- og upplýsingafulltrúi Þjóðkirkjunnar sem fyrst enda er brýnt að efla kynningar- og upplýsingamál Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2015 hvetur til þess að hugmyndir starfshóps um nýliðun innan Þjóðkirkjunnar verði teknar til greina. Sérstaklega að aukið fjármagn verði sett í fræðslu og fjölmiðlun, að þróun og notkun félagatals verði aukin og að lögð verði áhersla á að safna saman og halda utan um alla tölfræði innan Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2015 ályktar að tímasetning kirkjuþings skuli ekki stangast á við Landsmót æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar.

Allsherjarnefnd hefur kynnt sér þingsályktanir kirkjuþings unga fólksins 2015 og ályktar í framhaldi af því eftirfarandi:

- Að áfram verði unnið að fræðslu meðal leiðtoga i æskulýðsstörfum.
- Unnið verði að umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar og hún kynnt í söfnuðum landsins.
- Mótun verði stefna um rafræn samskipti og siðareglur í tengslum við þau fyrir æskulýðsleiðtoga og annað starfsfólk Þjóðkirkjunnar.

Nýliðun innan Þjóðkirkjunnar
skýrsla starfshóps til kirkjuráðs
Júlí 2015

Einar Karl Haraldsson
Jónína Sif Eypórsdóttir
Margrét Gísladóttir

Inngangur

51. kirkjuþing 2014 samþykkti ályktun um aðgerðir til að fjölga meðlimum þjóðkirkjunnar, þar sem kirkjuráði var falið að skipa þriggja manna starfshóp sem ætlað var að skila tillögum til kirkjuráðs sem legði tillögurnar fyrir kirkjuþing 2015.

Í starfshópinn voru skipuð Einar Karl Haraldsson, Jónína Sif Eypórsdóttir og Margrét Gísladóttir. Hópurinn hóf störf 9. apríl og hefur fundað 7 sinnum á þessu vori, klukkutíma í senn.

Tilgangur ályktunarinnar var annars vegar að afla sem gleggstra upplýsinga um stöðu þjóðkirkjunnar og horfa þá einkum til fækkunar í þjóðkirkjunni. Hins vegar að marka stefnu um hvernig þjóðkirkjan geti brugðist við úrsögnum og fækkun af öðrum sökum.

Staðan í dag

Í nýlegum tölum frá Hagstofu Íslands kemur fram að sóknarbörnum hefur fækkað um

8 þúsund undanfarinn áratug, eða um 3,2%. Á sama tíma hefur meðlimum í öðrum trúar- og lífsskoðunarfélögum fjölgað. Í ársbyrjun 2015 voru sóknarbörn í þjóðkirkjunni rúmlega 242.700, eða 73,6% þjóðarinnar. Árið 2005 voru þau hins vegar 250.700 eða 84,4% þjóðarinnar.

Fjöldi eftir trú- og lífsskoðunarfélögum 2005 og 2015

	2005		2015	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Alls	293.577	100,0	329.100	100,0
Þjóðkirkjan	250.759	85,4	242.743	73,8
Fríkirkjur	13.247	4,5	19.320	5,9
Fríkirkjan í Reykjavík	6.281	2,1	9.556	2,9
Fríkirkjan í Hafnarfirði	4.375	1,5	6.416	2,0
Óháði söfnuðurinn	2.591	0,9	3.348	1,0
Önnur skráð trú- og lífsskoðunarfélög	15.455	5,3	27.428	8,3
Kapólska kirkjan	5.787	2,0	11.911	3,6
Hvítasunnukirkjan á Íslandi	1.813	0,6	2.108	0,6
Ásatrúarfélagið	879	0,3	2.675	0,8
Önnur skráð trú- og lífsskoðunarfélög	6.976	2,4	10.734	3,3
Önnur trúfélög og ótilgreint	8.777	3,0	23.259	7,1
Utan trúfélaga	7.152	2,4	18.458	5,6

Hvað veldur?

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni um fjölgun meðlima Þjóðkirkjunnar eiga systurkirkjur hennar á Norðurlöndum við samskonar fækkunarvanda að stríða og orsakir hans eru sjálfsagt svipaðar. Meðal annars fjölga hér sem annars staðar á Norðurlöndum íbúum af erlendu bergi brotnu sem tilheyra öðrum trúarfélögum en hinu lúthersk-evangelíska.

Í ítarlegri greiningu Rúnars Vilhjálmssonar prófessors á stöðunni kemur fram að hann telur að kirkjan hafi ekki fundið svör við nútímavæðingunni, það er að segja þróuninni úr hefðbundnu í síð-iðnvætt og jafnvel síð-nútímalegt samfélag. Jafnframt hafi ör tækniþróun og umfangsmiklar samfélagsbreytingar á sviðum framleiðslu, búsetu, samgangna, stofnanagerðar og félagslegra samskipta, hjásett kirkjuna sem stofnun.

Aukin veraldarhyggja, skynsemishyggja og vísindahyggja hafi meðal annars leitt til hnignunar hefða og aukinnar áherslu á einstaklingsbundin réttindi og valfrelsi í stað samfylgdar á trúarlegum forsendum. Saman hafi þróunin gengið í átt til jaðarsetningar hins trúarlega ásamt hnignunar kennivalds kirkjunnar og uppflofnunar trúarlegra hefða.

Rannsóknir hafa sýnt að kirkjan og kristin samtök hafa fjarlægst hið opinbera rými, t.d. fræðslukerfi samfélagsins, og orðið undir í fjölbreyttri samkeppni um félagslega virkni einstaklinga og hópa. Tiltölulega fáir Íslendingar segjast trúa á persónulegan Guð sem hægt sé að snúa sér til þótt margir trúir á annars konar Guð eða yfirnáttúrulegt afl. Fáir stunda „persónubundna kirkjusókn“ og minnihluti biður vikulega. Margir finna að því að kirkjan veiti ekki svör við siðferðilegum og félagslegum vandamálum samtímans en siðferðileg afstæðishyggja virðist samt ríkjandi meðal almennings, það er að segja að það fari eftir aðstæðum hvað teljist rétt og rangt.

Eftir aldamót hafa svo skotið upp kollinum félög sem leggjast beinlínis gegn Þjóðkirkjunni og kristinni trú. Slík félög hafa verið áberandi á seinni árum og rödd þeirra verið hávær, bæði í gegnum fjölmiðla sem og fótgönguliða sem fara um og hvetja til úrsagnar úr Þjóðkirkjunni – og ganga með þar til gerð eyðublöð á sér – á sama tíma og hvatt er til skráningar í þeirra eigin félög.

Eins og kemur fram í greiningu Rúnars Vilhjálmssonar þá felast þó tækifæri fyrir kirkjuna í því að:

- mikill meirihluti Þjóðarinnar tilheyrir enn Þjóðkirkjunni,
- trú á Guð er enn almenn (yfir 70%),
- meirihluti telur enn að trú sé mikilvæg í sínu lífi (er andlega sinnaður),
- meirihluti lætur fermast,

- mikill meirihluti telur enn að kirkjulegar athafnir við fæðingu og dauða séu mikilvægar og
- skírnin er almenn og mikil þátttaka er í útfararþjónustu kirkjunnar.

Við þessa greiningu má bæta að:

- tónlistarstarfsemi á vegum safnaða er öflug og starf kirkjukóra þróttmikið um allt land og
- hjálparstarf kirkjunnar nýtur viðurkenningar og virðingar.

Starfshópurinn telur að það liggja beint við að kirkjan vinni útfrá þeim styrkleika sem felst í þessari stöðu á meðan hún er fyrir hendi. Eins og glöggst má greina í fræðslustefnu kirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi árið 2013 og samskiptastefnu kirkjunnar 2010 til 2014 er enginn ágreiningur um þessa áherslu.

Kirkjuþingmenn hafa við mótun slíkra stefnuplagga haft það að leiðarljósi að:

- efla þurfi fermingafræðslu, efla samtal og samskipti við fræðslukerfið undir merkjum aðgreiningar trúboðs og fræðslu,
- efla persónuleg samskipti þjóna kirkjunnar við safnaðarmeðlimi,
- virkja safnaðarmeðlimi betur í kirkjulegu starfi og
- styrkja enn frekar fræðslustarf og fjölmiðlun á vegum kirkjunnar.

Á öll þessi atriði leggur Rúnar Vilhjálmsson áherslu þegar hann svarar því hvernig kirkjan eigi að mæta áskorunum sínum.

Áskoranirnar

- Vandinn felst að dómi starfshópsins í að kirkjan hefur ekki nægilega sveigjanlegt skipulag í fjármálum og mannhaldi til þess að fylgja eftir stefnumótun eins og þeirri sem fram kemur í fræðslu- og samskiptastefnum hennar.
- Í flestum félgasamtökum sem að kveður er félagatalið virkt tæki til þess að hafa samband við meðlimi og halda þeim við efnið. Söfnuðir kirkjunnar standa að vísu öllum opnir en sóknarbörnin eru að öllu jöfnu látin afskiptalaus þótt vel sé á móti þeim tekið er þau óska þjónustu kirkjunnar.
- Boðun og prédikun kirkjunnar nær ekki til almennings með nægilega áhrifamiklum hætti, þegar hún er orðin hornreka hjá RÚV og lítt áberandi á öðrum fjölmiðlum og á mannamótum öðrum en kirkjulegum athöfnum og messum.
- Með auknu framboði afþreyingar og félagslegra athafna hefur kirkjunni ekki tekist að kynna sig og starfsemi sína sem eftirsóknarverðan valkost.
- Trúarleg vanþekking er farin að bitna illa á menningarlausni almennings meðal annars vegna vandræðagangs skólakerfisins er kemur að andlegum málefnum.

- Þjóðkirkjan hefur ekki megnað að brjótast í gegn um almennt skeytingarleysi til þess að kenna þjóðinni í heild um fagnaðarerindið, játningar og náðarmeðul.

Verði ekki brugðist við er líklegt að þróun til fækkunar í þjóðkirkjunni haldi áfram næsta áratug og sígi niður undir 60% af mannfjöldanum eins og virðist stefna í víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum.

Markmiðin

Starfshópurinn telur það ekki í sínum verkahring að leggja til grundvallarbreytingar á stefnu og starfsháttum eða stöðu þjóðkirkjunnar í ríkinu, sem geti snúið við þróuninni og fjölgað meðlimum hennar að nýju. Það er hvorki raunsætt né raunhæft verkefni fyrir þriggja manna starfshóp á einu vori. Spurningin sem starfshópurinn hefur leitast við að svara er hvort þjóðkirkjan í núverandi formi geti haldið betur utanum sína félagsmenn, dregið úr fækkun þeirra og stuðlað að nýliðun með markvissari hætti en nú er gert.

Markmið þeirrar vinnu sem hér er lagt til að ráðist verði í er eftirfarandi:

- Að draga úr fækkun sóknarbarna og
- stuðla að nýliðun innan þjóðkirkjunnar.

Starfshópurinn telur að til þess að þjóðkirkjan geti vænst þess að stöðva fækkun sóknarbarna þurfi hún að líta til tveggja þátta;

1. Almennt séð að sinna mannauðs- og gæðastarfi sínu af kostgæfni og styðja vel við starfsfólk og presta með markþjálfun og markmiðasetningu og
 2. breyta forgangsröðun og ráðstöfun fjármagns.
- Markþjálfun hefur verið að ryðja sér rúms hér á landi og æ fleiri fyrirtæki eru farin að bjóða uppá og nýta markþjálfun í daglegum rekstri, sem hefur skilað sér í auknum árangri starfsfólks og fyrirtækisins í heild og nýting vinnutíma batnar og verður skilvirkari.
 - Um setningu markmiða þarf að ríkja breið samstaða. Þau þurfa að vera skýr, raunhæf og umfram allt hafa stuðning kirkjubings og kirkjuráðs. Með skýrum markmiðum og meðfylgjandi tíma- og aðgerðaráætlunum verður öll vinna starfsfólks og presta skilvirkari og markvissari.
 - Kirkjan hefur á sínum snærum bæði fjármuni og mannauð til þess að gera betur í þessum efnunum en þær bjargir eru bundnar í hefðbundnum skorðum og
 - embættum sem erfitt getur reynst að hnika til.

Meginforsendur starfshópsins

- Í starfi hópsins kom fljótt í ljós að óraunhæft væri fyrir þriggja manna nefnd á stuttum tíma að koma með lausnir að því viðamikla verkefni hvernig hægt væri að fjölga meðlimum kirkjunnar. Þess í stað var lögð áhersla á að líta fremur til nýliðunar innan kirkjunnar, í gegnum þær stoðir sem kirkjan býr nú þegar yfir.
- Grundvallaratriði er að veittur sé aukinn kraftur í fræðslu- og kynningarmál kirkjunnar, bæði í formi mannafla og fjármagns.
- Festa og öryggi þarf að vera í fjármögnun fræðslu- og kynningarmála til lengri tíma.

Þessar forsendur voru það sem starfshópurinn horfði til við vinnslu þessarar skýrslu.

Tillögur starfshóps

Í starfi hópsins voru þrjú meginstef sem fjallað var um;

1. Aukið fjármagn og aukin áhersla á fræðslu og fjölmiðlun,
2. notkun félagatals þjóðkirkjunnar í sóknarnefndum og stuðningur við starfsfólk og
3. efling æskulýðsfélaga og áhugamanna sem þátttakenda í umræðunni.

Verður vikið að öllum þessum þremur þáttum í þessum hluta skýrslunnar.

Aukið fjármagn og áhersla á fræðslu og fjölmiðlun

- Aukinn verði styrkur kirkjunnar í fræðslu og fjölmiðlun, svo hægt sé að fylgja eftir fræðslu- og samskiptastefnum sem samþykktar hafa verið af kirkjuþingi og almenn sátt ríkir um.
- Upplýsingaflæði til almennings verði aukið, hvort sem er í gegnum samfélagsmiðla eða fjölmiðla.
- Þátttaka kirkjunnar í umræðunni verði aukin. Segja frá starfi kirkjunnar á þann hátt að það nái eyrum fólks.
- Gerð verði könnun í samstarfi við guðfræði- og félagsfræðideild HÍ ásamt MMR þar sem skoðað verða viðhorf almennings til trúar og kirkjunnar og hvaða ímynd kirkjan hefur í þeirra huga. Könnunin yrði nýtt sem grunnur og viðmiðun í áframhaldandi fræðslu- og kynningarstarf kirkjunnar.
- Á ári hverju verði ráðist í kynningarstarf sem snýr að ákveðnum grunnatriðum
- kirkjunnar hverju sinni, t.d. hvað felist í aðild, félagsstarf innan kirkjunnar, og
- hvað felist í athöfnum líkt og skírn og fermingu.
- Haldinn verði einn stór viðburður á hverju ári sem með einhverjum hætti er táknrænn fyrir starfið og tengist áhersluatriði þess árs. Viðburðurinn verði hápunktur hvers kynningartímabils fyrir sig, sem leiði af sér jákvæða umfjöllun og kynningu í gegnum þá miðla sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu.

- Möguleikar sem eru í boði á vef kirkjunnar verði nýttir betur, þá sérstaklega þegar kemur að stafrænu efni á borð við vefmyndbönd og hlaðvarp (podcast) sem bjóða uppá mikla dreifimöguleika á samfélagsmiðlum.

Notkun félagatals þjóðkirkjunnar og aukinn stuðningur

Í samtali við Örvar H. Kárason, verkefnisstjóra Biskupsstofu í upplýsingamálum kom meðal annars fram að félagatal kirkjunnar er framtíðarmál sem skiptir miklu, sérstaklega í ljósi þess að vel má vera að innan nokkurra ára verði trúfélagaskráning afnumin (Svíþjóð) eða trú- og lífskoðunarfélögum sjálfum ætlað að telja fram sína félagsmenn (Noregur). Staðan í dag er sú að þjóðkirkjan kaupir aðgang að þjóðskrá fyrir 150 prestsembætti. Þar er hægt að komast að því hverjir eru í þjóðkirkjunni eftir kennitölum og kemur þá upp ef börn innan 18 ára tengjast viðkomandi kennitölum.

Fyrir tveimur árum var ákveðið að taka upp félagatal kirkjunnar. Það fylgir skráningu þjóðkirkjunnar og þjóðkirkjan bætir ekki við eða tekur úr.

Miðlæg skírnerskráning

Þjóðskrá vinnur ekki sérstaklega með upplýsingar um skírn og hefur einungis áhuga á nafnahliðinni. Ekki er heldur unnið með fermingu eða hjónavígslur, en hægt er að finna skírnerskráningu gegn því að greiða kr. 1000, og er þá leitað handvirkt í gagnageymslu. Verið er að skanna skírnargögn inn í tölvu og kann að verða auðveldara að fletta upp innan skamms.

Í ár tók þjóðkirkjan upp miðlæga skráningu á skírnum. Prestar skila skírnerskýrslum til þjóðskrár og svo fremi að þetta sé gert samviskusamlega og þjóðkirkjan haldi vel utanum sinn miðlæga skírnargrunn getur hann orðið mikilvægt upplýsingatæki, t.d. vegna ferminga eftir 13 ár. Þar koma fram upplýsingar um foreldra, skírnarvotta og guðforeldra, og heimilisupplýsingar uppfærast síðan jafnóðum í samræmi við breytingar í þjóðskrá.

Á áætlun er að taka upp miðlæga skráningu hjónavígsluskýrslna í samstarfi við þjóðskrá og presta og hið sama þyrfti að gera í sambandi við fermingar. Þegar fram líða stundir ætti því að vera hægt að fyllga út stöðluð form rafrænt, en einnig kalla fram skírnar-, og hjónavígsluvottorð í tölvu, í stað þess að þurfa leita að og eltast við slík vottorð frá einum aðila til annars eins og tíðkast hefur. Þarna gæti bæði verið um að ræða þjónustu í takt við tímana en um leið möguleika til þess að halda betur utanum upplýsingar sem að gagni gætu komið í starfsemi þjóðkirkjunnar.

Þjónustuvefur mikilvægt tæki

Prestar geta þegar í dag fengið aðgang að listum um börn í fermingarárgöngum eftir sóknum (sem uppfærast af þjóðskrá með réttum heimilisföngum) og m.a. prentað út límmiða með heimilisföngum til útsendingar á efni. Þjónustuvefur kirkjunnar er mikilvægt tæki sem ekki er notað nándar nærri eins mikið og ástæða væri til og þyrfti einnig að þróa og þroska á næstu misserum. Þar er meðal annars safnað upplýsingum um sóknarnefndir og starfsmenn kirkjunnar en veruleg vanhöld eru á því að þær upplýsingar séu nægilega vel uppfærðar af sóknum.

- Upplýsingamálefni, félagatalið og þjónustuvefurinn verði tekin miklu fastari tókum þar sem fleiri kæmu að hugmyndavinnu, utanumhaldi og eftirfylgni, og þessum málum búin umgjörð sem tryggir framþróun og framfarir.
- Kirkjuráð leggi til við kirkjuþing að skipuð verði starfsnefnd til þess að vinna samfellt að félagatalinu og styrkja starfið að upplýsingamálun svo þau einangrist ekki á einu skrifborði.
- Ráðist verði í kynningarstarf fyrir sóknarnefndum og kynntar aðferðir til að nýta félagatalið á sem bestan hátt. Þannig geti sóknarnefndir betur fylgst með þróun innan sinnar sóknar og kallað fram hinar ýmsu upplýsingar.
- Boðið verði uppá þjálfun í notkun þess, upplýsingasöfnun og úrvinnslu og aðferðafræði við að hafa beint samband við sóknarbörn.
- Kynnt verði sérstaklega fyrir sóknarbörnum hvernig sóknar fyrir sig hvað felist í aðild og hvaða ávinningur sé af því að vera meðlimur innan þjóðkirkjunnar.
- Settir verði bæði fjármunir og starfskraftur í verkefnið svo því miði áfram eins og full þörf er á. Að öðrum kosti dregst þjóðkirkjan aftur úr bæði hvað varðar þjónustu og möguleika til þess að stunda samskipti með þeim upplýsingaleiðum sem rafræn tækni býr yfir.
- Boðið verði uppá markþjálfun fyrir starfsmenn Biskupsstofu þar sem áhersla er lögð á markmiðasetningu tengda verkefninu.
- Farin verði ferð um landið þar sem boðið er uppá hópmarkþjálfun og fyrirlestra um markmiðasetningu og hvernig skuli nálgast áskoranir.

Efling áhugamanna til þátttöku í umræðunni

- Mikilvægt er að sett verði á dagskrá, þegar við á, málefni sem óskað er eftir aðallir virkir meðlimir í þjóðkirkjunni einbeiti sér að og geri það þannig að eftir sé tekið um allt land og hrífi almenning með sér.
- Leitað verði til leiðtoga innan æskulýðsstarfsins og skoðanaleiðtoga innan kirkjunnar til að hvetja til og leiða umræðuna þegar mikilvæg málefni koma upp.
- Farnar verði leiðir til að fá grasrótina til að taka virkan þátt í umræðunni á samfélagsmiðlum.
- Haldin verði námskeið á nokkrum stöðum á landinu til þess að þjálfar upp talsmenn kirkjunnar í helstu málavæðum í samtímaumræðu.

- Útbúið verði efni sérstaklega ætlað til dreifingar á samfélagsmiðlum fyrir virka meðlimi þjóðkirkjunnar.
- Æskulýðsstarf verði styrkt svo það geti skapað umgjörð fyrir sína félagar til virkrar þátttöku í umræðunni og á samfélagsmiðlum.

Skipulag

Þegar kom að umfjöllun um skipulag var sjónum einkum beint að þeim þáttum sem vikið er að hér að ofan. Full samstaða var í hópnum um nauðsyn þess að forgangsraða í þágu fræðslu og fjölmiðlunar til að ná eyrum almennings. Það er grunnurinn að því að verkefni sem þetta gangi upp og skili árangri.

Samhljómur var að nýta sem allra best það sem nú þegar er fyrir hendi innan kirkjunnar. Þar er helst litið til félagatalsins og notkunarmöguleika þess innan sóknanna.

- Mikilvægt er að kirkjuráð og kirkjuþing samþykki að ráðast í slíkt verkefni þar sem litið yrði til nokkurra ára í senn og því útbúin áætlun sem lítur til næstu 5 ára. Slík áætlun verði unnin af fagfólki í samstarfi við kirkjuráð.
- Gerð verði könnun í upphafi sem sýnir stöðu og ímynd kirkjunnar hjá þjóðinni. Könnunin verði nýtt til viðmiðunar árlega eða á tveggja ára fresti í framhaldi af því.
- Fjármunum verði forgangsraðað í þágu fræðslu og fjölmiðlunar til að ná eyrum almennings. Fjármagnið fari í verkefnaráðningar á fagfólki, framleiðslu á efni, stærri viðburði og annað sem fram hefur komið í skýrslu þessari.
- Útbúin verði aðgerðaráætlun fyrir hvert ár fyrir sig. Slík áætlun yrði unnin af fagfólki í samstarfi við kirkjuráð og sérstaklega litið til þeirra þátta sem hér hafa verið nefndir.
- Fagfólk sem sérhæfir sig í upplýsingamálum og markmiðasetningum verði fengið til að koma að fræðslu og fjölmiðlun.
- Kveðið verði á um stöðu og hlutverk presta og sóknarnefnda gagnvart sóknum og sóknarmeðlimum sínum í verkefni sem þessu.
- Fagfólk, ásamt starfsfólki Biskupsstofu, fari í gagnaöflun og myndi halda utan um og sinna fræðslu og kynningu á notkunarmöguleikum félagatals kirkjunnar.
- Kveðið verði á um stöðu og hlutverk æskulýðsstarfs og æskulýðsfulltrúa í verkefni sem þessu.

Kostnaðargreining

Gera þarf áætlun til 5 ára um eflingu fræðslu-, kynningar- og fjölmiðlastarfs þjóðkirkjunnar og verja til þess að minnsta kosti 30 milljónum króna árlega til viðbótar þeim fjármunum sem varið er í þessa þætti á fjarhagsáætlun fyrir árið 2015.

Hér væri um að ræða nýtt verkefnafé, fjárfestingu sem ætlað er að ná mælanlegum árangri með skilgreindum viðfangsefnum, en ekki stofnun nýrra embætta.

Ráðgjöf

Gerð aðgerða- og tímaáætlunar ásamt gagnaöflun henni tengdri. 2 milljónir.

Könnun

Miðað við 8 spurningar í spurningavagni hjá MMR sem nær til 1.000 manns um land allt, skipt niður eftir aldri, kyni, búsetu o.fl. 500 þúsund.

Viðburðir

Mikilvægt er að viðburðir sem þessir séu vel skipulagðir og framkvæmdir. Með kynningu, kynningarefni, umfjöllun, atriðum, utanumhaldi og allri tengdri starfsemi. 5,5 milljónir per ár.

Árlegt kynningarátak

Árlegt kynningarátak ákveðinna grunnatriða þjóðkirkjunnar, kynningarefni, markaðsvinna og allt utanumhald, 9,5 milljónir per ár.

Markþjálfun

Lagt er til að fengin verði einstaklingsmarkþjálfun fyrir 8-10 lykilstarfsmenn innan kirkjunnar (10 tímar yfir 6 mánaða tímabil) ásamt hópmarkþjálfun í formi fyrirlestra hringinn í kringum landið, miðað við 10-15 staði auk kynningarefnis. 2,5 milljónir.

Fjölmiðlun og samfélagsmiðlar

Þegar kemur að umfjöllun um kirkjuna og starf hennar þarf að leita til fagfólks svo vel sé gert, hvort heldur sem er utanaðkomandi ráðgjafi eða sérstakur upplýsingafulltrúi starfandi innan kirkjunnar. Þátttaka í samfélagsumræðu, hagsmunagæsla, krísustjórnun og kynning á starfi kirkjunnar. Efni til dreifingar á samfélagsmiðlum.

5 milljónir per ár.

Nýir notkunarmöguleikar vefsins og nýtt efni

Skýrsla um hverjir eru möguleikar vefsins í dag og hugsanlegar breytingar á honum.

Efni fyrir hlaðvarp og vefmyndbönd. Útbúinn leiðarvísir um notkun vefsins.

2 milljónir per ár.

Kynningarstarf í sóknum

Þjálfun í notkun félagatals, upplýsingasöfnun og úrvinnslu og aðferðafræði við að hafa beint samband við sóknarbörn. Kynnt verði sérstaklega fyrir sóknarbörnum hvernar sóknar fyrir sig hvað felist í aðild og hvaða ávinningur sé af því að vera meðlimur innan þjóðkirkjunnar, kynningarefni. 2 milljónir.

Námskeið fyrir talsmenn kirkjunnar

Námskeið á 5-10 stöðum á landinu til þess að þjálfa upp talsmenn kirkjunnar í helstu málsviðum í samtímaumræðu. 1 milljón per ár.

Samantekt

Ráðgjöf.....	2.000.000
Könnun.....	500.000
Viðburðir.....	5.500.000
Árlegt kynningarátak.....	9.500.000
Markþjálfun.....	2.500.000
Fjölmiðlun og samfélagsmiðlar.....	5.000.000
Nýir notkunarmöguleikar vefsins og nýtt efni.....	2.000.000
Kynningarstarf í sóknum.....	2.000.000
Námskeið fyrir talsmenn kirkjunnar.....	1.000.000
Samtals.....	30.000.000

Kirkjuþing unga fólksins 2015.

1. mál – þskj. 22

Þingsályktun

um viðauka við starfsreglur kirkjuþings unga fólksins nr. 952/2009

Í ár er kirkjuþing unga fólksins haldið í 5. skiptið. Það sem hefur einkennt þau mál sem hafa verið lögð fram á kirkjuþingi unga fólksins öll árin er að oftast heyrast ekki orð um málin eftir að kirkjuþingi unga fólksins er lokið.

Lögð er fram svohljóðandi viðbót við starfsreglur sem skulu tilheyra nýjum kafla um meðferð þingmála á kirkjuþingi unga fólksins eftir þinglok:

III. Meðferð þingmála kirkjuþings unga fólksins eftir þinglok

1. gr.

Að loknu kirkjuþingi unga fólksins skulu öll þingmál ásamt nefndarálitum og öðrum fylgiskjölum vera birt fyrir almenningi á vefsvæði kirkjuþings. Þar skulu jafnframt koma fram upplýsingar um afdrif þingmálanna.

2. gr.

Ályktanir og samþykktir kirkjuþings unga fólksins skulu sendar kirkjuráði til umfjöllunar og meðferðar [greinin tilheyrði áður 7. gr.]

3. gr.

Kirkjuráð skal skila skriflegri greinagerð til þingmanna kirkjuþings unga fólksins eigi síðar en þremur vikum fyrir upphaf kirkjuþings unga fólksins.

4. gr.

Á kirkjuþingi unga fólksins skal formaður kirkjuráðs, eða staðgengill, lesa greinagerð um afdrif þingmála fyrra kirkjuþings unga fólksins og svara fyrirspurnum frá þingmönnum.

5. gr.

Sé það mat þingmanna á kirkjuþingi unga fólksins að ekki hafi verið unnið úr málunum á fullnægjandi hátt geta þingmenn lagt fram þingtillögu með öðrum þingmálum. Þingsályktunartillagan innihaldi greinargóða lýsingu á því sem betur hefði mátt fara í meðferð málsins og tillögur til breytinga.

Kirkjubing unga fólksins 2015
2. mál – þskj. 10

Þingsályktun

um breytingu á starfsreglum um val veitingu prestsembætta nr.1109/2011

Það hefur verulega aukist nú seinustu ár að prestkosningar hafa verið háðar til þess að útkljá hvaða umsækjandi fái prestembætti í tiltekinni sókn.

Þegar reglur um val og veitingu prestsembætta eru skoðaðar kemur fram í 21. gr. *Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og eiga lögheimili í prestakallinu þegar kjörskrá er lögð fram og hafa náð 18 ára aldri þegar kosning fer fram.*

Þegar skoðuð eru lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (nr. 78/1997) segir í 52. gr.: „*Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.*“

Málið snýr því að samræma aldurstakmark til þátttöku í almennum prestskosningum, með þeim hætti að lækka aldurinn niður í 16 ár, sem er sá aldur sem að þarf til þess að vera kjörgengur og með atkvæðisrétt í sóknarnefnd.

Kirkjubing unga fólksins 2015
3. mál – þskj. 11

Þingsályktun
um fræðslu leiðtoga

Gerðar eru athugasemdir við fræðslu meðal leiðtoga. Einkum á landsbyggðinni er fræðslunni ábótavant og jafnvel kemur fyrir að starfandi eru leiðtogar sem hafa ekki hlotið leiðtogaþjálfun. Gerir lítil eða engin menntun það að verkum að leiðtogar standa berskjaldaðir ef upp koma aðstæður sem reyna á innihald fræðslunnar.

Ef lítið er til KFUM og KFUK bjóða þeir upp á tvö leiðtoganámskeið á ári, skyndihjálparnámskeið, grunn í barnavernd, námskeið um vinnslu eineltismála og fleiri námskeið fyrir leiðtoga og er leitast við því að sjá sambærilega fræðslu innan Þjóðkirkjunnar.

Því er kallað eftir því að tekið sé á þessum málum svo leiðtogar um allt land geti

sótt sér nauðsynlega fræðslu til að geta verið undirbúnir undir óvæntar aðstæður sem kunna að koma upp í starfinu. Á öld upplýsingatækni er vert að skoða möguleika sem standa leiðtogum opnir fyrir þá sem gera sér ekki kleift á að mæta á fræðsluna í kjötheimum með fjarskiptabúnaði.

Jafnframt þarf af gefnu tilefni að ítreka mikilvægi þess að öflun upplýsinga úr sakaskrá sé sinnt samkvæmt Siðareglum Þjóðkirkjunnar sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009 og með vísan í 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 svo og 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Kirkjuþing unga fólksins 2015

4. mál – þskj. 19

Þingsályktun um umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar

Tvívegis áður hefur verið lagt fram þingmál þar sem brýnt er fyrir umhverfismálum innan Þjóðkirkjunnar. Þeim málum hefur ekki verið sinnt og er bent á Ljósaskrefið, handbók Þjóðkirkjunnar um fyrir umhverfisstarf í söfnuðinum, sem hefur ekki verið að skila sér í verki í söfnuðina

Lögð er fram tillaga um endurskoðun handbókarinnar, kannað sé af hverju handbókin er ekki nægilega mikið nýtt og fundnar séu leiðir til að ýta undir eflingu hennar. Tillögur um eflingarúrræði eru eftirfarandi;

1. Endurskoðuð útgáfa er send í allar kirkjur og hvatt til þess að tilnefndur sé tengiliður sem sér um innleiðingu umhverfisstarfsins. Sé tengiliðurinn sá sem hægt er að hafa samband vegna eftirfylgni.

Komið sé á fót umhverfisnefnd sem sér um þau málefni sem snúa að umhverfisstarfinu s.s. könnun á gengi og eftirfylgni. Umhverfisnefnd verði skipuð sem samanstendur af a.m.k. einum aðila úr hverju prófastdæmi fyrir sig. Nefndin sér um ofangreinda hluti ásamt því að móta nýja umhverfisstefnu og taka þá grænfanann sem fyrirmynd og standi að fræðslu um umhverfismál í öllum prófastdæmum.

Unnið sé að stofnun grænkirkjunets þar sem kirkjur starfa saman í samstarfi við hvor aðra og samstarfssamtök að vinna að því að grænka starfsemi sína.

2. Unnið sé að því að fá tilboð í hentugar lausnir og vörur sem samræmast umhverfisstarfinu til að auðvelda kirkjum að innleiða umhverfisstarfið í söfnuðinum.

Kirkjuþing unga fólksins 2015
5. mál - þskj. 21

Þingsályktun
um trúnað og rafræn samskipti

Kallað er annars vegar eftir því að Þjóðkirkjan taki á trúnaði meðal starfsmanna hennar. Starfsmenn sjá bæði margt og taka við ýmsum upplýsingum sem ber að fara með sem trúnaðarmál en það kemur fyrir að ekki er brýnt fyrir starfsmönnum, einkum ungum leiðtogum að þeim ber að sýna trúnað gagnvart þeim sem koma í kirkjuna. Jafnframt er leitast við því að trúnaðargögn séu ekki látin liggja fyrir allra augum á glámbekk í kirkjunni.

Hins vegar er kallað eftir Þjóðkirkjan móti stefnu um hvernig upplýsingatækni er notuð í safnaðarstarfinu. Æskulýðsvettvangurinn, samstarfsvettvangur KFUM og KFUK, Skátanna, UMFÍ og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, hefur tekið sér stefnu um rafræn samskipti við þátttakendur og myndbirtingu af myndum úr starfinu. Er því kallað eftir því að Þjóðkirkjan móti stefnu um hvernig hún vill að tekið sé á þessum málum innan kirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins ályktar að innleiða eigi 17. og 18. grein siðaregla Æskulýðsvettvangsins í siðareglur leiðtoga Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins 2015
6. mál – þskj. 16

Þingsályktun
um samviskufrelsi presta

Kirkjuþing unga fólksins leggur til að reglur þær sem nú eru í gildi um samviskufrelsi presta sem heimila prestum að neita fólki um þjónustu á grundvelli kynhneigðar verði afnumdar, enda stríði þær gegn kenningu kirkjunnar um jafnrétti og gegn lögum landsins sem segja að ekki megi mismuna fólki á grundvelli kyns, kynþáttar, trúar, stéttar né kynhneigðar.

Árið 2006 sendi kenningarnefnd frá sér ályktun sem var svo hljóðandi; „Þjóðkirkjan styður hjónabandið sem sáttmála karls og konu á forsendum hins kristna kærleika. Þjóðkirkjan styður enn fremur önnur sambúðarform á sömu forsendum. Þjóðkirkjan styður þá einstaklinga af sama kyni sem vilja búa saman í ást og trúmennsku og

staðfesta samvist sína og skuldbindingar. Þjóðkirkjan heimilar prestum sínum að blessa sambúð þeirra samkvæmt þar til ætluðu formi.“ Niðurstaðan var sú að lítið var á hjúskap samkynhneigða með sama hætti og þegar um gagnkynhneigða eru að ræða.¹

Ein hjúskaparlög voru samþykkt árið 2010. Þá fengu prestar að gifta samkynhneigð pör. „Lögin voru höfð valkvæm byggt á áliti kenningarnefndar Þjóðkirkjunnar frá 2006“.

Þó hafa samkynhneigðir ekki sömu réttindi og gagnkynhneigðir í dag innan kirkjunnar. Gagnkynhneigðir þurfa ekki að óttast það að vera hafnað af prestinum sínum út af þeim sem þeir elska. Kenningarnefndin viðurkenndi mismunandi túlkunar á Biblíunni þar sem kynlíf samkynhneigða er fordæmt. Hægt er að túlka það bókstaflega en einnig er hægt að túlka það út frá menningarlegu umhverfi ritunartímans.

Prestar Þjóðkirkjunnar eru opinberir starfsmenn. Ekki á neinum öðrum opinberum starfsvettvangi geta opinberir starfsmenn hafnað fólki þjónustu út af kynhneigð sinni. Af hverju er þá kirkjan að því, sem ætti að vera siðferðislegt leiðarljós fyrir söfnuði sína? Prestar Þjóðkirkjunnar bera skyldur sem opinberir starfsmenn sem prestar annarra kirkjudeilda eru ekki bundnir við. Því er staða presta Þjóðkirkjunnar frekar sérstök þegar kemur að baráttunni á milli trúfrelsi og mannréttindum hinsegin fólks.

1) „Þjóðkirkjan og staðfest samvist: Drög að ályktun kenningarnefndar í apríl 2006, endurskoðuð eftir Prestastefnu 2006 og Kirkjuþing 2006“. Ritari kenningarnefndar sr. Þorvaldur Karl Helgason, sótt af www2.kirkjan.is/skjol/thjodkirkjan-og-stadfest-samvist.pdf.

Kirkjuþing unga fólksins 2015

7. mál – þskj. 14

Þingsályktun

um breytingu á starfsreglum kirkjuþings unga fólksins nr. 952/2009

Það hefur verulega aukist nú seinustu ár að prestkosningar hafa verið háðar til þess að útkljá hvaða umsækjandi fái prestembætti í tiltekinni sókn.

Þegar reglur um val og veitingu prestembætta eru skoðaðar kemur fram í 21. gr.: *Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og eiga lögheimili í prestakallinu þegar kjörskrá er lögð fram og hafa náð 18 ára aldri þegar kosning fer fram.*

Þegar skoðuð eru lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (nr. 78/1997) segir í 52. gr.: *„Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.“*

Málið snýr því að samræma aldurstakmark til þátttöku í almennum prestskosningum, með þeim hætti að lækka aldurinn niður í 16 ár, sem er sá aldur sem að þarf til þess að vera kjörgengur og með atkvæðisrétt í sóknarnefnd.

Skipan í nefndir

Hópslysanefnd.

Séra Gísli Jónasson, formaður.

Aðrir skv. viðbragðaáætlun kirkjunnar.

Fagráð um meðferð kynferðisafbrotá.

Aðalmenn:

Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir, sóknarprestur.

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur.

Sigurður Levý, sálfræðingur.

Varamenn:

Séra Kjartan Örn Sigurbjörnsson, sjúkrahúsprestur.

Vilborg Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur.

Halla Bachmann, lögfræðingur.

Löngumýrarnefnd.

Aðalmenn:

Séra Gísli Gunnarsson.

Lárus Ægir Guðmundsson.

Séra Sigríður Gunnarsdóttir.

Varamenn:

Séra Dalla Þórðardóttir.

Adolf H. Berndsen.

Helga Friðbjörnsdóttir.

Strandarkirkjunefnd.

Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður og Ellisif Tinna Víðisdóttir, varaformaður.

Tilnefnd af prófasti séra Jón Ragnarsson og varamaður hans Margrét Jónsdóttir.

Tilnefnd af Strandasókn séra Baldur Kristjánsson og varamaður hans Jóhanna Eiríksdóttir.

Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan.

Bernharður Guðmundsson.

Hjálparstarf kirkjunnar.

Lóa Skarphéðinsdóttir.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd.

Bjarni Gíslason.

Skólaráð Skálholtsskóla

Aðalmenn:

Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafultrúi uppsveita Árnessýslu,
Ásdís Guðmundsdóttir, Háskóla Íslands,
Hreinn Hákonarson fangaprestur.

Varamenn:

Margrét Bóasdóttir verkefnisstjóri kirkjutónlistar.
Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor hjá Háskóla Íslands,
Sigurður Sigursveinsson hjá Háskólafélagi Suðurlands.

Launanefnd kirkjunnar.

Ellisif Tinna Víðisdóttir, formaður.
Egill Heiðar Gíslason.
Séra Elínborg Gísladóttir.
Inga Rún Ólafsdóttir.
Sigríður Guðmundsdóttir.

Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn.

Séra Bolli Pétur Bollason.

Stofnun Sigurbjörns Einarssonar.

Bogi Ágústsson, formaður.
Séra Kristján Björnsson.
Magnús Þorkell Bernharðsson.
Gunnlaugur A. Jónsson.

Skýrsla stjórnar Skálholts 2015

Stjórn Skálholts skipuð.

Kirkjuþing 2014 samþykkti að skipa að nýju stjórn Skálholts:

Kirkjuþing 2014 samþykkir að kirkjuráð skipi þriggja manna stjórn Skálholtsstaðar og jafn marga varamenn, er annist ásamt vígslubiskupi uppbyggingu og rekstur staðarins í umboði biskups Íslands og kirkjuráðs í samræmi við lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjuþings og samþykktir kirkjuráðs. Stjórnin sé skipuð samkvæmt tilnefningum biskups Íslands, kirkjuþings og vígslubiskups Skálholtsstiftis.

Á fundi kirkjuráðs 2. febrúar 2015 var stjórnin skipuð. Hún er þannig skipuð:

Aðalmenn

Drífa Hjartardóttir, bóndi og kirkjuþingsmaður, formaður

Kristófer Tómasson, sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Sr. Þorvaldur Karl Helgason, fv. biskupsritari

Varamenn

Jónína Bjartmarz, lögfræðingur og kirkjuþingsfulltrúi

Þórarinn Þorfinnsson, bóndi, Spóastöðum

Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari.

Stjórn Skálholts kom fyrst saman á Biskupsstofu 12. febrúar s.l. þar sem framkvæmdastjóri kirkjuráðs gerði grein fyrir samþykkt kirkjuþings og afhenti nýju stjórninni erindisbréf. Biskup Íslands sat og þennan fund að hluta.

Stjórnin hóf þegar störf og hefur starfað ötullega frá því hún var skipuð og haldið alls tíu fundi á árinu. Verkefnið er umfangsmikið og er stjórninni það ljóst, um leið og hún gerir sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á henni hvílir. Skal nú farið yfir einstaka mál sem stjórnin hefur rætt á fundum sínum.

Skálholtskirkja.

1. Fasteignasvið hefur látið fyrirtækið Verkís gera úttekt á ástandi Skálholtskirkju. Niðurstaða liggur ekki fyrir en ljóst er að verkefnið eru mörg. Stjórnin þarf í samvinnu við fasteignasvið að taka ákvörðun um forgangsörðun verkefna þegar Verkís skilar sinni skýrslu.
2. Í 9. grein Erindisbréfs segir svo: Stjórn Skálholts eigi samstarf við stjórn Skálholtsfélags hins nýja um stefnumál félagsins. Stjórn Skálholtsfélags hins nýja hefur gert uppkast að skipulagsskrá fyrir sjóð til að standa að viðgerð glugga Skálholtskirkju. Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur á Biskupsstofu er að fara yfir textann. Í framhaldi af því verður sjóðurinn staðfestur og með bréfi ríkisskattstjóra heimilað að framlög til sjóðsins séu frádráttarþær til skatts. Þetta er forsenda þess að fyrirtæki og einstaklingar muni leggja fram stuðning við verkefnið.
3. Í samræmi við athugasemdir Ríkisendurskoðunar og 8. grein erindisbréfs stjórnarinnar (8.gr. Stjórnin

gangi frá samkomulagi um rekstur Skálholtsdómkirkju milli Skálholtssóknar og Skálholtsstaðar og um afnot annarra af kirkjunni eins og t.d. til helgiathafna, tónleika eða tónlistarupptöku.) hefur verið gengið frá drögum að samkomulagi milli Skálholtsstaðar og Skálholtssóknar um skiptingu rekstarkostnaðar Skálholtskirkju. Gengið er út frá því að Skálholtssókn greiði 20% heildarkostnaðar á móti 80% Skálholtsstaðar, en að upphæð þess kostnaðar sem sóknin greiðir fari þó aldrei upp fyrir 30% af heildarinnkomu sóknargjalda Skálholtssóknar á ári hverju. Tekjur sem verða til þegar kirkjan er vettvangur tónleikahalds þar sem greitt er fyrir aðgang skiptist með sama hætti. Meginreglan er sú að lágmarksgjald fyrir tónleika sé 30. þús.kr. eða 10% af innkomu fyrir seldan aðgang. Þó aldrei minna en 30 þúsund krónur.

4. Í þessu samkomulagi er undanskilin hlutdeild sóknarinnar í launum organistans í Skálholti. Þar á Skálholtssókn hlutdeild í samkomulagi allra sókna hins gamla Skálholtsprestakalls (áður en það var sameinað Mosfellsprestakalli og Þingvallaprestakalli.). Sóknirnar hafa undanfarin ár greitt 25% launa organistans, vegna fjárhagserfiðleika sinna, en upphaflegur samningur gerði ráð fyrir að Skálholtsstaður greiddi 65% launanna en ekki 75%. Í ljósi breyttra aðstæðna og sameiningar Mosfells- og Skálholtsprestakalla telur stjórnin eðlilegt að Skálholtsstaður endurskoði hlutfall sitt í launum organistans. Endurskoða þarf ennfremur starfslýsingu og erindisbréf organistans í ljósi þessa og einnig vegna þess að síðan á haustmánuðum 2014 er barnastarf í Skálholtskirkju fyrir allar sóknir prestakallsins á laugardögum, vikulega í um það bil 30 vikur, með aðstoð og skyldumætingu organistans. Þessi hluti starfsins var ekki fyrir séður við ráðningu hans 2009.
5. Ófrágenginn en í drögum er tilbúinn samningur Skálholtskirkju og kirkjuvarðar á ársgrundvelli. Hinn fastráðni kirkjuvörður er ábyrgur fyrir útförum innan sóknar sem utan og heldur utan um þær, sem og annað kirkjustarf utan þess tíma sem sumarstarfsmenn starfa ekki.
6. Að tilmælum Ríkisendurskoðunar hefur einnig verið gengið frá drögum að skipulagsskrá fyrir Þorlákssjóð, sem heita skal Áheitasjóður Þorláks helga, sem ætlað er að standa einkum straum af viðhaldi og endurnýjun skúða og annars búnaðar kirkjunnar vegna helgihaldsins. Lögfræðingur Biskupsstofu er með skipulagsskrána í skoðun.
7. Bókasafn Skálholtsstaðar er sem kunnugt er að mestu varðveitt í turni Skálholtsdómkirkju. Ríkisendurskoðun telur að ekki eigi að færa bókasafnið til eignar í ársreikningi Skálholtsstaðar. Ákveðið hefur verið að afskrifa safnið að fullu á þremur árum í samræmi við þá reikningsskilavenju að þjóðargersemar af þessu tagi séu ekki verðlagðar í ársreikningi. Umsjónarmaður safnsins, Hildur Eypórsdóttir hefur skilað af sér gögnum og tölvu þeirri sem geymir skráninguna. Nú er brýnt að ljúka því verki sem skráningunni fylgir: Samræma skráninguna að fullu við skráningakerfi Landsbókasafns á Þjóðarbókhöðu, bera saman skráninguna við bókakostinn í safninu, einkum og sér í lagi verðmætasta hluta safnsins, Hólaprent, Skálholtsprent og Hrappseyjarprent, og koma þeim hluta safnsins í örugga geymslu.

Skálholtsstaður.

Stærsta verkefni Skálholtsstaðar á ári hverju er þjónusta við staðinn sjálfan, og við ferðamenn. Þjónustan við staðinn er umsjón með fasteignum og umhirða kringum kirkju og staðarhús. Til þess að vel takist til þarf að vera nægilegur fjöldi starfsfólks. Ófullnægjandi er orðið að miða við að þetta starfsfólk sé einungis starfandi frá júníbyrjun þar til skólar hefjast seint í ágúst.

Til þess að sinna vaxandi fjölda ferðamanna þarf að reisa þjónustuhús. Gestastofan litla gagnast ekki til þess. Leita þarf styrkja til þess að bæta aðstöðuna m.a. í sjóði til uppbyggingar ferðamanna- staða. Ný lög um verndarsvæði í byggð (frá júlí 2015) gefa nýja möguleika til að fá framlög úr ríkissjóði til viðhalds og framkvæmda á staðnum. Lykillinn að því að geta sótt um styrki er nýtt deiliskipulag.

Deiliskipulag.

Kirkjuráð samþykkti að nýta framlag ríkisins til stofnkostnaðar í Skálholti á þessu ári, sem er 4 m. kr. til þess að halda áfram með deiliskipulagsvinnuna. Í því sambandi er rétt að minna á að þetta framlag til Skálholts byggir á lögnum um afhendingu Skálholts frá 1963 og er ekki sambærilegt við framlög ríkisins til höfuðkirkna Hóladómkirkju, Hallgrímskirkju og Dómkirkjunnar í Reykjavík, þó að það sé nú sett á sama stað í fjárlögum. Þarna hefur saga málsins gleymst. Nauðsynlegt er að stjórnin fylgi þessu máli eftir við fjármálaráðuneytið og minni á hvers kyns þetta framlag er.

Fasteignasviðið.

Fasteignasvið hefur fyrir hönd kirkjumálasjóðs á sinni könnu eftirtalin verkefni á staðnum:

- o Viðgerðir og endurbætur á húsnæði Skálholtsskóla (lokið að mestu)
- o Endurnýjun dælubúnaðar og aðstöðu við Þorlákshver
- o Endurnýjun vatnslagna um staðinn
- o Endurbætur á húsnæði Skálholtsbúða og þriggja húsa þeim tengdum.

Skálholtsjörðin.

Svo segir í 7. grein erindisbréfs stjórnarinnar:

Stjórnin geri tillögur um nýtingu Skálholtsjarðarinnar í tengslum við gerð nýs deiliskipulags fyrir Skálholt í samvinnu við leigutaka jarðarinnar og leggi fyrir kirkjuráð.

Búskapurinn.

Fyrir liggur sú ákvörðun að áfram sé kúabúskapur á Skálholtsjörðinni. Ljóst er að stærð og umfang búskaparins er á mörkum þess sem dugar að framfleyta fjölskyldu og hefur svo verið um allmörg ár. Þess vegna hefur bóndinn gengt stöðu staðarráðsmanns í hlutastöðu þar sem stærstur hluti verkefna hans hefur verið að tryggja að heitt vatn úr Þorlákshver sé til staðar til upphitunar á staðnum. Um önnur verkefni fer eftir starfslýsingu.

Tilgangurinn með áframhaldandi búskap hefur fyrst og fremst verið sá að tryggja að hið ræktaða land í Skálholti sé í góðri hirðu. Sá skilningur hefur verið ríkjandi að best sé að tryggja þetta með þeim hætti að landnytjar nýtist bónda sem býr á staðnum og hefur hlutverk gagnvart honum.

Nú liggur fyrir að við ábúendaskipti þurfti að endurnýja kúastofninn meir en vitað var fyrirfram. Sömuleiðis þrengja nýjar reglur um mjólkurframleiðslu og kúabúskapur meir að rekstrinum en vitað var. Þetta vekur upp spurningar sem stjórnin þarf að glíma við og svara til þess að kirkjuráðið geti tekið ákvörðun um framhald búskapar í Skálholti.

Vitað er að það fjós sem nú stendur í Skálholti mun innan fárra ára ekki standa undir kröfum. Kirkjuráð hefur lýst því yfir að það muni ekki standa að byggingu nýs fjóss, og hafi efasemdir um að það myndi samþykkja að bóndinn myndi sjálfur byggja, vegna þeirra skuldbindinga sem það hefur í för með sér gagnvart kirkjumálasjóði sem er skráður eigandi fasteigna í Skálholti.

Stjórnin hefur rætt ýmis möguleg úrræði til viðhalds búskapar í Skálholti sem fylgt verður eftir í samvinnu við Skálholtsbændur.

Nýting jarðarinnar að öðru leyti.

1. Á sínum tíma var ákveðið í samvinnu við Suðurlandsskóga að Skálholt tæki þátt í því verkefni og að planta mætti út skógi í rúmlega 200 hektara í Skálholtslandi. Fyrstu plöntum í Suðurlandsskógum var einmitt plantað í Skálholti í maí 1998. Plöntun trjáa hófst þó mun fyrr eða í tíð Björns Erlendssonar bónda og ráðsmanns í Skálholti og hélst áfram þegar Guttormur Bjarnason og Signý Guðmundsdóttir tóku við búskapnum árið 1993. Plantað hefur verið í tæplega 40 hektara, einkum í Ásunum norðan og vestan við Skálholtsstað. Nú hefur sú breyting orðið að ef framhald á að vera á útplöntun þarf það að vera í samráði við Minjastofnun eftir að skráning fornminja í landi Skálholts hefur farið fram.
2. Í tengslum við þá vinnu við gerð deiliskipulags sem nú fer fram á grundvelli samþykktar kirkjuráðs frá fundi þess í ágúst 2015 þarf að fara fram skráning allra fornminja í landi Skálholts. Fornminjastofnun Íslands sem annaðist skráningu og hnitsetningu allra friðlýstra fornminja í Skálholtslandi fyrr á þessu ári, metur það svo að fjöldi fornleifa sem skrá þurfi sem ekki minni en 130. Stjórnin hefur ákveðið að sækja um styrki til þessa verkefnis en kostnaður við skráningu hvers einstaks staðar þar sem fornminjar eru sé um það bil tíu þúsund krónur.
3. Eins og fyrr er framkomið er mikill áhugi fyrir því að umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar sem staðfest var af Kirkjubíngi árið 2009 komi til framkvæmda í Skálholti með afgerandi hætti. Þar er efst á baugi endurheimt votlendis og friðun neðsta hluta Skálholtstungunnar þar sem mætast Brúará og Hvítá. Hlynur Óskarsson, deildarforseti umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, fór um svæðin nú í september á kostnað síns embættis og mun skila skýrslu um það innan tíðar. Samkvæmt upplýsingum hans getur Skálholt fengið styrki til framkvæmdanna sem standa undir þeim að öllu leyti. Þegar skýrsla hans berst verður hún lögð fyrir kirkjuráð og óskað samþykkis þess. Í sambandi við þessa áherslu verður þann 10. nóvember næstkomandi haldin ráðstefna um umhverfismál í Skálholtsskóla. Hér má einnig geta þess að til margra ára hefur mötuneyti og veitingasala Skálholtsskóla fylgt öllum reglum umhverfisverndar um úrgang.

Skálholtsskóli.

Enginn hefur gegnt stöðu rektors frá 2011 er fram fór úttekt og endurskoðun á rekstri Skálholts. Staða rektors var lögð niður með samþykkt kirkjuráðs 22. feb. 2012. Vígslubiskup og skólaráð hafa sinnt málefnum skólans, eins og kostur er, ásamt skrifstofustjóra. Ekki hafa verið áform uppi um að auglýsa stöðu rektors enda hefur fjárhagur komið í veg fyrir slíkt.

Því fagnar stjórnin þeirri ákvörðun biskups Íslands, frá sumarbyrjun, að fela séra Halldóri Reynissyni, verkefnastjóra fræðslumála á Biskupsstofu, að sinna að hluta verkefnum Skálholtsskóla og hafa aðsetur í Skálholti. Stjórnin lýsir yfir ánægju með komu séra Halldórs og væntir góðs af störfum hans fyrir staðinn, sem muni efla starfsemina í Skálholti.

Halldór hefur unnið að gerð fræðsluverkefna, námskeiða og málþinga og lagt fram verkefnalista þar að lútandi. Hafa nokkur þeirra verkefna þegar farið af stað. Einnig hafur hann endurheimt allmörg námskeið fyrir kirkjustarfsfólk sem áður voru fastur liður í starfsemi Skálholtsskóla.

Þar má nefna námskeið vegna barnastarfs kirkjunnar, um verklag í viðkvæmum aðstæðum, fræðslufund prófastsdæmanna, námskeið um fermingarstörf byggt á bókinni Con Dios. Þá má nefna að píligrímadagar verða haldnir um miðjan nóvember, svo og kyrrðardagar og samverur fyrir syrgjendur í vetur og vor.

Kirkjuráð hefur skipað nýtt skólaráð Skálholtsskóla. Í því sitja sem aðalmenn Hreinn Hákonarson, fangaprestur og kirkjubingsmaður, Ásdís Guðmundsdóttir frá Háskóla Íslands og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi. Til vara Runólfur Smári Steinþórsson, frá HÍ, Sigurður Sigursveinsson frá háskólaneti Suðurlands og Margrét Bóasdóttir verkefnisstjóri kirkjutónlistar.

Áherslur stjórnar Skálholts almennt.

Stjórn Skálholts mun setja á oddinn eftirfarandi málefni fyrir árið 2016:

1. Betri nýting Skálholtsskóla.

Nýting á skólans þarf að vera betri mánuðina janúar og febrúar, nóvember og desember. Jafnframt því að leggja áherslu á fleiri námskeið og ráðstefnur sem þjóna málefnum kirkjunnar, verður aukið samstarf við aðila eins og Fræðslunet Suðurlands, Háskóla Íslands og Listaháskólann. Samstarf við þau sem skipuleggja dvöl skólahópa frá Bretlandseyjum verður aukið, sem og við Meredith College í BNA sem aftur sendir hóp í Skálholt til mánaðardvalar í júní 2016, en nemendur og kennarar skólans hafa komið reglulega annað hvort ár um nokkurra ára skeið.

2. Betri nýting annars húsnæðis í Skálholti.

Með stuðningi fasteignasviðs/kirkjumálajóðs verður húsnæði Skálholtsbúða, bæði stóra skála og Oddsstofu auk litlu húsanna þriggja, lagfært og endurbætt verulega á þessu hausti og á næsta ári. Með því skapast fleiri og betri tækifæri til nýtingar og þar með einnig hækkunar á gjaldskrá. Kjallari biskupshúss og íbúðin undir bílskúrnum hafa nýst vel undanfarin sumur sem húsnæði fyrir starfsfólk. Endurhanna má skipulag kjallarans með það fyrir augum að nýta hann enn frekar.

3. Samningar við Sumartónleika í Skálholti.

Stjórnin telur mikilsvert að áfram verði Sumartónleikar í Skálholti. Til þess að svo megi verða þarf að ganga frá nýju samkomulagi um samstarf Sumartónleikanna og Skálholtsstaðar og finna leiðir til þess að tryggja fjármögnun þeirra.

4. Styrkir.

Stjórn Skálholts hefur sótt um styrki til verkefna í Skálholti, sérstaklega þeirra verkefna sem tengjast þjónustunni við ferðamenn, og minjavernd á staðnum og þar með talið vinnuna við deiliskipulagið. Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveitanna er stjórninni til aðstoðar við það.

5. Fjármál.

Stjórnin hefur þurft að fást við óbreyttan rekstur Skálholtsstaðar en mikla skerðingu á framlagi úr kirkjumálasjóði til rekstrarins. Á árinu 2014 var framlagið 7 m. kr. en ekkert var veitt úr sjóðnum á yfirstandandi ári.

Stjórnin fagnar því að kirkjuráð hefur samþykkt að greiða niður á næstu þremur árum uppsafnaða

skuld frá fyrri árum og áratugum. Skuldin er til komin vegna uppbyggingar á staðnum, stækkun skólahúsnæðis og fleira.

Unnið hefur verið að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 í ljósi rekstrar yfirstandandi árs og ára. Í samþykktum kirkjuráðs frá 2012 segir um rekstrarform staðarins: *Starfsemin er áfram rekin sem ein skipulagsheild undir kennitölu Skálholts*. Stjórnin hefur rætt þetta fyrirkomulag með það í huga að leggja fram breytingar á skipan fjármála Skálholts, þannig að í uppsetningu í bókhaldi verði rekstur staðarins vel aðgreindur frá rekstri skólans og það sem tilheyrir báðum aðilum. Það er mat stjórnar að með því fáiast skýrari sýn á hvað tilheyrir hinum fasta rekstri og hvað er meira tilfallandi og háð tekjum skólans við rekstur og utanumhald. Ekki er talin þörf á að snúa aftur til þess er Skálholt var rekið með tveimur kennitölum, og bókhald algjörlega aðskilið. Leitað verður eftir samþykkti kirkjuráðs við þessum hugmyndum svo og álitum ríkisendurskoðunar, þegar þær hafa verið útfærðar nánar.

6. Starfsþjálfun prestsefna.

Stjórnin vill vinna að því að efla starfsþjálfun prestsefna og djáknanema eftir því sem við á, með því að hluti starfsþjálfunar fari fram í Skálholti. Öll aðstaða í skólahúsnæði og kirkju er fyrir hendi. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, enda var „prestaskóli“ ein af meginhugmyndum sem voru uppi þegar farið af stað með uppbygginguna í Skálholti á sínum tíma. Starfsþjálfun hefur farið fram í Skálholti fyrir prestsefni, en ekki reglubundið, en stjórninni finnst tímabært að skoða alvarlega að starfsþjálfunin verði fastur starfsþáttur í Skálholti, hina fornu skóla- og fræðslusetri kirkjunnar. Stjórninni er kunnugt um að eitt af málum á kirkjuþingi 2015 fjallar um starfsþjálfunina og hvernig megi efla hana.

Ábyrgð og samstarf

Hinn forni helgistaður Skálholt er var afhentur kirkjunni 1963 til eignar og ábyrgðar. Kirkjunni ber að standa að því að staðurinn verði kirkju og þjóð til sóma og megi gagnast til eflingar kristni í landinu. Til þess þarf ekki hvað síst sem víðtækast samstarf allra innan kirkjunnar. Stjórn Skálholts vonar að svo megi verða og mun leggja sig fram um að axla þá ábyrgð sem lögð er henni á herðar í þeim efnum. Stjórnin þakkar kirkjuráði það traust sem stjórnarmönnum er sýnd með skipan þeirra í stjórnina.

Virðingarfyllt

Drífa Hjartardóttir
Kristófer Tómasson
Þorvaldur Karl Helgason

Fylgiskjöl:

Erindisbréf Stjórnar Skálholts

Fjárhagsáætlun 2016

Yfirlit yfir lausafé í Skálholti – bráðabirgða yfirlit

Erindisbréf fyrir stjórn Skálholtsstaðar

Biskup Íslands og kirkjuráð hafa forræði um framkvæmdir og starfsrækslu á Skálholtsstað samkvæmt lögum. (Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað, nr. 32/1963). Ennfremur ber kirkjuráð stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Gerður skal samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri hans. Kirkjuráð skipar skólaráð Skálholtsskóla, (sbr. lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993) og setur samþykktir um starfsemi hans.

Kirkjuþing 2014 samþykkti þingsályktun um stjórn Skálholtsstaðar sem skal annast í umboði biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskupi uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við ofangreind lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjuþings og samþykktir kirkjuráðs.

1. gr.

Samkvæmt samþykkt Kirkjuþings 2014 skipar kirkjuráð þriggja manna rekstrarstjórn Skálholtsstaðar til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Endurskoða skal samsetningu stjórnar að ári liðnu.

2. gr.

Stjórn Skálholtsstaðar annast daglega stjórn og rekstur Skálholtsstaðar í umboði Kirkjuráðs og í samstarfi við vígslubiskup Skálholtsumdæmis, skrifstofustjóra Skálholtsstaðar, skólaráð Skálholtsskóla, sóknarprest Skálholtsprestakalls og sóknarnefnd Skálholtssóknar. Almennt fyrirvar Skálholtstaðar sé áfram í höndum vígslubiskups eins og samþykktir Kirkjuráðs frá febrúar 2012, mæla fyrir um.

3. gr.

Vígslubiskup og skrifstofustjóri sitja fundi stjórnarinnar. Skrifstofustjóri ritar fundargerð og heldur utan um ákvarðanir stjórnar.

4. gr.

Stjórn Skálholtsstaðar skal leggja fram markviss áform um að auka tekjur staðarins og ná jafnvægi í fjármálum 2017. Stjórnin gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir kirkjuráð til samþykktar fyrir lok septembermánaðar. Starfs- og rekstrarár er almanaksárið.

5. gr.

Reikningshald skal vera á Biskupsstofu.

6. gr.

Stjórn Skálholtsstaðar fundar svo oft sem þurfa þykir en eigi sjaldnar en mánaðarlega. Fundargerðir skulu sendar kirkjuráði reglulega.

7. gr.

Stjórnin geri tillögur um nýtingu Skálholtsjarðarinnar í tengslum við gerð nýsdeiliskipulags fyrir Skálholt í samvinnu við leigutaka jarðarinnar og leggi fyrir kirkjuráð.

8. gr.

Stjórnin gangi frá samkomulagi um rekstur Skálholtsdómkirkju milli Skálholtssóknar og Skálholtsstaðar og um afnot annarra af kirkjunni eins og t.d. til helgiathafna, tónleika eða tónlistarupptöku. 2

9. gr.

Stjórn Skálholtsstaðar eigi samstarf við stjórn Skálholtsfélags hins nýja um stefnumál félagsins.

10. gr.

Erindisbréf þetta skal endurskoðað í ársbyrjun 2016.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Skálholtsstaðar skal skila fyrstu tillögum að stefnumótun, tillögum að tekjuaukningu og rekstaraáætlun vegna ársins 2015 og drög fyrir 2016 fyrir kirkjuráðsfund í maí nk. en lokatillögum fyrir lok septembermánaðar 2015.

Skálholt. Rekstaráætlun 2016.

Rekstraráætlun 2016

	Skálholts- staður - rekstur	Námskeiða- hald	Ferða- þjónusta - samtals	Veitinga- og gistirekstur	Áætlun/ Samtals
Rekstrartekjur	-4.500.000	-2.500.000	-1.500.000	-45.000.000	-53.500.000
Stofnframlag ríkis	-4.000.000.				-4.000.000
Framlag KMSJ v. uppgreiðslu skulda	-10.000.000				-10.000.000
Innbyrðis framlög milli stofnana	-23.000.000	0	0	0	-23.000.000
Tekjur alls	-41.500.000	-2.500.000	-1.500.000	-45.000.000	-90.500.000
Greidd skuld v. KMSJ (0 tekjuáhrif)	10.000.000				10.000.000
Kostnaður v deiliskipulags	4.000.000				4.000.000
Hráefniskostnaður	0	0	0	7.500.000	7.500.000
Laun og launatengd gjöld	22.000.000	0	0	23.000.000	45.000.000
Húsaleiga til KMSJ		0	0	1.050.000	1.050.000
Annar rekstrar- kostnaður	16.000.000	2.000.000	1.000.000	3.000.000	22.000.000
Allur kostnaður samtals	52.000.000	2.000.000	1.000.000	34.550.000	89.550.000
Afkoma ársins	10.500.000	-500.000	-500.000	-10.450.000	-950.000

Yfirlit yfir lausafé í Skálholti

1. Orgel í kirkju: Hið stærra um 100 m.kr. virði, litla orgelið (færanlegt) um 4,5 m.kr. Stóra orgelið er Frobenius, smíðað árið 1961 og er gjöf frá Dönsku kirkjunni. Hljóðfærið var tekið í notkun við vígslu Skálholtskirkju 21. júlí 1963.

2. Forngrípur úr Brynjólfskirkju (um 1650-1850), predikunarstóll, kertaljósakróna, tveir stórir kertastjakar, kirkjuklukka.
3. Altari gamalt frá 1692, tveir messingkertastjakar. Tveir silfurstjakar, allur búnaður til altarisgöngu, kaleikar, patína, kanna og oblátuöskjur (ómetanlegur dýrgripur með íslensku víravirki)
4. Skróði prests og altaris, að hluta gjafir frá vígslu Skálholtskirkju 1963.
5. Biskupsstólar, forsetastólar frá um 1960
6. Stólar, hönnunarstólar (Borje Mogensen) gjöf frá Danmörku, 1960 - 250 stk.
7. Safn í kjallara Skálholtskirkju með steinkistu Páls Jónssonar (dáinn 1211).
8. Biskupskápa, gjöf frá afkomendum sr. Bjarna Jónssonar, dómkirkjupresti, sem var jafnframt vígslubiskup 1937-1965 í Skálholtsstifti hinu forna.
9. Skírnarfontur úr færeysku gabbrói, gjöf frá Færeyjum.
10. Skálholtsbúðir, skáli og þrjú sumarhús: almennt innbú tilheyrandi hverju húsi og flygill staðsettur í Oddsstofu.

11. Bókasafn kr. 33,142 m skv. ársreikningi

- Bókasafnið felur í sér mikið af elsta prentefni Hólaprenti og Skálholtsprenti
- Biblíur, allar elstu biblíur á Íslandi (5 elstu biblíur) þ.m.t. Guðbrandsbiblíur tvær, önnur árituð af Guðbrandi sjálfum og hin í upprunalegu bandi.
- Þorláksbiblía, Steinsbiblía, Waisenhusbiblía, Viðeyjarbiblía.

Kirkjuráð

Sent til:

Innanríkisráðherra
Fjármála- og efnahagsráðherra
Forsætisráðherra

Reykjavík 1. desember 2014



BÍÓÐKIRKJAN

Hæstvirtu ráðherrar.

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi bókun á fundi sínum 25. nóvember 2014.

Kirkjuráð samþykkti að senda erindi til innanríkisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og forsætisráðherra að sóknargjöldin verði leiðrétt í samræmi við tillögur starfshóps innanríkisráðherra um leiðréttingu sóknargjalda.

Nefnd innanríkisráðherra, sem skilaði skýrslu til ráðherra í apríl 2012, komst að þeirri niðurstöðu að sóknargjöldin hefðu verið skert langt umfram það sem stofnanir innanríkisráðuneytisins máttu þola í kjölfar hrunsins. Önnur nefnd innanríkisráðherra gerði tillögur til ráðherra í maí 2014 um hvernig leiðréttu ætti þessa umframskerðingu til samræmis við annan niðurskurð innanríkisráðuneytisins. Nefndin skilaði ráðherra tillögu að tveimur leiðum sem miðuðu við að leiðréttingin næði fram að ganga á þremur árum annars vegar eða fjórum árum hins vegar.

Þeirri beiðni er hér með komið á framfæri að stjórnvöld leiðrétti sóknargjöldin í samræmi við niðurstöðu starfshóps innanríkisráðherra frá maí 2014.

Virðingarfyllst, f.h. kirkjuráðs,

Ragnhildur Benediktsdóttir,
Framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Skýrsla starfshóps innanríkisráðherra frá maí 2014

<http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2014/Skyrsla-starfshops-um-fjarhagsleg-malefni-kirkjunnar-juli-2014.pdf>

BISKUPSSTOFA · Laugavegi 31 · 150 Reykjavík · Sími 528 4000 · Fax 528 4099 · kirkjan@kirkjan.is · <http://kirkjan.is>
The Evangelical Lutheran Church of Iceland · BISHOP'S OFFICE · Laugavegur 31 · IS150 Reykjavík · Iceland
Tel. 528 4000 · Fax 528 4099 · kirkjan@kirkjan.is · <http://kirkjan.is>

Kirkjuráð



Innanríkisráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2015

Efni:
Skerðing sóknargjalda.

Eins og alkunnugt er hefur þjóðkirkjan sætt skerðingu á sóknargjöldum og þar af leiðandi framlögum til kirkjumálasjóðs og jöfnunarsjóðs sókna. Þessi atriði eru rakin í greinargerð starfshóps um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar til innanríkisráðuneytisins frá því í maí 2014. Skerðingin sem þjóðkirkjan hefur mátt þola á sóknargjöldunum er mun meiri en orðið hefur í tilviki annarra stofnana sem heyra undir innanríkisráðuneytið. Á árunum 2009 til 2014 nam umframskerðingin tæpum 4 milljörðum króna.

Þann 5. september 2014 var þáverandi innanríkisráðherra veitt heimild ríkisstjórnarinnar til að hefja undirbúning að gerð samkomulags ríkis og kirkju um að umframskerðing sóknargjalda yrði jöfnuð út. Enn hefur kirkjuráði ekki verið kynntar tillögur ráðherra þar að lútandi.

Með vísan til þessa er óskað eftir því að samningur um greiðslur á þeirri umframskerðingu á sóknargjöldunum sem orðið hefur og rakin er í skýrslu nefndar ráðherra komi til framkvæmda fyrir kirkjuþing 2015 sem haldið verður í október n.k.

Virðingarfyllt,

Agnes M. Sigurðardóttir,
forseti kirkjuráðs

Svana Helen Björnsdóttir

Sr. Elinborg Gísladóttir

Stefán Magnússon

Sr. Gísli Gunnarsson

Kirkjuráð



ÞJÓÐKIRKJAN

Innanríkisráðherra
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2015

Efni: Vanefnd íslenska ríkisins á samningum við þjóðkirkjuna um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Hinn 22. desember 2014 voru lög nr. 125/2014 um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga 2015 samþykkt á Alþingi. Með 9. gr. laganna bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Prátt fyrir ákvæði laganna skal skuldbinding ríkisins skv. 60. gr. á árinu 2015 samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar vera 1.486,9 millj. kr. Framlag til Kristnisjóðs skal vera 72 millj. kr. á árinu 2015.“ [Áherslur kirkjuráðs].

Skemmst er frá því að segja að íslenska ríkið og þjóðkirkjan hafa **ekki** gert samkomulag um skerðingu á framlögum ríkisins árið 2015. Greiðsluskylda ríkisins er skýr og byggist á samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar, dags. 10. janúar 1997, og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar, dags. 4. september 1998.


Með afhendingu kirkjujarða uppfyllti þjóðkirkjan skyldur sínar samkvæmt samningunum. Gagngjald íslenska ríkisins felst í því að standa straum af úmsömdum hluta rekstrarkostnaðar þjóðkirkjunnar á ári hverju. Skuldbinding ríkisins samkvæmt samningunum er ótímabundin. Á árunum 2009 til 2014 samþykkti kirkjuþing á hinn bóginn árlega beiðni íslenska ríkisins um lækkun á fjárframlögum og staðfesti samþykkið með gerð viðaukasamnings þar að lútandi. Uppsöfnuð skerðing á fjárframlögum vegna árána 2010 til 2014 nemur um 2,1 milljarði króna. Ekkert samkomulag hefur hins vegar verið gert vegna ársins 2015.

Vanefnd íslenska ríkisins á ofangreindum samningum á árinu 2015 svo og skerðingar á fjárframlögum vegna viðaukasamninga hefur leitt til þess að þjóðkirkjan hefur neyðst til að greiða hluta af launum presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar úr kirkjumálasjóði. Á meðan hafa framlög til lögbundinna verkefna kirkjumálasjóðs sætt skerðingu. Vanefndin svarar til þess að greidd eru laun 107 presta í stað þess að greidd séu laun 138 presta eins og samningar ríkisins og þjóðkirkjunnar gera ráð fyrir.




Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er hér með skorað á íslenska ríkið að virða skuldbindingar sínar gagnvart íslensku þjóðkirkjunni. Þjóðkirkjan getur ekki lengur búið við óbreytt ástand.

Virðingarfyllt,


Agnes M. Sigurðardóttir,
forseti kirkjuráðs


Svana Helen Björnsdóttir


Sr. Elínborg Gísladóttir


Stefán Magnússon


Sr. Gísli Gunnarsson

Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar

Helstu þættir til umræðu og ályktunar

Heildartekjur þjóðkirkjunnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 eru áætlaðar 4.418,8 m.kr. (sjá sundurliðun heildartekna í töflu hér að neðan). Þar af er gert ráð fyrir 1809,8 m.k á fjárlagalið 06-701 þjóðkirkjan. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir stofnkostnaði til höfuðkirkna kr. 21 m.kr. Því eru tekjur skv. fjárlagalið 06-701-1580,3 m.kr á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins. (Útskýring: Áætlaðar sértekjur eru 229,5 m.kr. samtals 1.788,8m.kr)

Áætlaðar greiðslur til þjóðkirkjunnar í heild hækka um 301,8 m.kr. milli ára eða um 7,3% ef miðað er við fjárlög 2015. Áætluð sóknargjöld samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi eru 898,- kr. á gjaldenda, það er 9,2 % hækkun milli ára, eða 172,9 m.kr. eru því sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 2.083,6 m.kr. Jöfnunarsjóður sókna og Kirkjumálasjóður hækka um 9,1% frá fyrra ári (sjá töflu hér að neðan).

Breytingar milli fjárlagafrumvarps 2016 og fjárlaga 2015

Fjárlagaliðir – í milljónum króna	Fjárlaga- frumvarp 2016	Fjárlög 2015	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.580,3	1.507,6	4,8%	72,7
06-705 Kirkjumálasjóður	298,0	273,2	9,1%	24,8
06-707 Kristnisjóður	71,4	72,0	-0,8%	-0,6
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	385,5	353,5	9,1%	32,0
Kirkjujarðasamkomulag og sjóðir samtals	2.335,2	2.206,3	5,8%	128,9
06-735 Sóknargjöld til <u>þjóðkirkjunnar</u>	2.083,6	1.910,7	9,2%	172,9
Sóknargjöld samtals	2.083,6	1.910,7	9,0%	172,9
Samtals	4.418,8	4.117,0	7,3%	301,8

Kirkjujarðasamkomulagið

Á kirkjubingi 2014 var frestað afgreiðslu erindis frá ráðherra kirkjumála um niðurfellingu hluta á efndum kirkjujarðasamkomulagsins eins og gert hafði verið undan farin ár. Á aukakirkjubingi sem haldið var þann 14. ágúst sl. var erindi þessu hafnað alfarið og ályktun samþykkt þar sem fullra efnda er krafist á kirkjujarðasamkomulaginu frá 1997. Fékk kirkjuráð endurskoðendur hjá KPMG til liðs við sig um útreikning samkomulagsins miðað við árið 2015. Meðfylgjandi upplýsingar koma fram í umræddri skýrslu.

Tafla I sýnir mismun á frumvarpi og kostnaðarlíkani sem er skuld fjárveitingavaldsins til fullnustu samkomulaginu að fjárhæð 514 m.kr.

Tafla 1

Niðurstöður 2015 skv. reiknilíkani þjóðkirkjunnar með breytingum KPMG

Heimild: Reiknilíkna Biskupsstofu; Greining KPMG

Grein	Kostnaðarliðir	M.kr.
2.gr.	Laun skv. kirkjujarðasamkomulagi	1.554,5
3.gr.	Rekstarkostnaður prestsembætta og prófaste	190,5
4.gr.	Launakostnaður Biskupsstofu	150,7
5.gr.	Annar rekstarkostnaður Biskupsstofu	63,8
	Biskupsstofa samtals	1.959,5
7.gr.	Styrkjaliðir samtals	21,0
8.gr.	Sértekjur	0,0
	Þjóðkirkjan skv. samningi	1.980,5
	Fjárlagafrumvarp 2015	1.507,6
	Mismunur reiknilíkans og frumvarps	472,9
6.gr.	Greiðslur til Kristnisjóðs skv. samningi	112,9
	Fjárlagafrumvarp 2015	72,0
	Mismunur reiknilíkans og frumvarps	40,9
	Samtals mismunur reiknilíkans og frumvarps	513,8

Tafla 2 (Heimild: Reiknilíkna Biskupsstofu)

Samsetning embætta 2015	Fj. presta
Sóknarprestar	1.554,5
Sóknarprestar með færri en 500 sóknarbörn	11
Sóknarprestar með 500-1499 sóknarbörn	30
Sóknarprestar með 1500-3499 sóknarbörn	14
Sóknarprestar með fleiri en 3500 sóknarbörn	34
Fjöldi sóknarpresta	89
Prófastar	
Prófastar (áður taldir meðal sóknarpresta)	9
Prestar	
Prestar með færri en 3500 sóknarbörn	1
Prestar með fleiri en 3500 sóknarbörn	25,5
Stöðugildi upp í 138 (vegið meðaltal eininga sóknarpresta)	8
Sérþjónustuprestar	14,5
Samtals	49
Samtals prestar og prófastar	168
Vígslubiskupinn í Skálholti	1
Vígslubiskupinn á Hólum	1
Biskup Íslands	1

Í 2. grein samningsins segir að Biskupsstofa skuli útbúa reiknilíkan sem byggist á ákvæðum samningsins og uppfæri árlega í samráði við innanríkisráðuneytið. Þá er líkanið jafnframt staðfest árlega af innanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Útreikningar KPMG byggja m.a. á niðurstöðum reiknilíkans Biskupsstofu fyrir árið 2015 þó með breytingum sem KPMG telur rétt að gera með hliðsjón af ákvæðum samningsins.

Í skýringum við einstakar greinar samningsins segir um 2. gr. að með staðfestingu ráðuneyta á reiknilíkani sé átt við að samþykktar verði breytingar á talnaforsendum og gerð embætta. Í upphaflega samningnum skiptust 138 embætti í 16 stöður prófafa, 112 stöður sóknarpresta, 4 stöður héraðspresta og 6 stöður sérþjónustupresta.

Í útreikningum KPMG er stuðst við skipan embætta eins og hún var í líkani þjóðkirkjunnar fyrir árið 2015 og má sjá í töflu 2. Samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu hefur skipan embætta ekki verið staðfest ennþá af ráðuneytum, en hún endurspeglar þá fækkun sókna sem hefur átt sér stað frá því að samningurinn var undirritaður á sínum tíma.

Í samningnum er ákvæði í 2. gr., sem vísar í samkomulagið frá 10. janúar 1997, þar sem segir í 3. gr. að fjölgi meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 skuldbindi ríkið sig til að greiða laun eins viðbótarprests. Fækki skráðum meðlimum um 5.000 þá fækki stöðugildum um eitt. Sama eigi við um viðbótarfjölgun eða -fækkun.

Í meðfylgjandi töflu sést fjöldi skráðra meðlima í þjóðkirkjunni frá árinu 1996 til 2015. Frá og með árinu 2011 hefur fjöldi stöðugilda verið 138 og miðar KPMG við þann fjölda í sínum útreikningum.

Tafla 3

Fjölgi/fækkun stöðugilda skv. kirkjujarðasamkomulagi

Heimild: Hagstofa Íslands

Ár	Skráðir meðlimir	Breyting frá 1996	Viðbót	Heildarfj. stöðugilda
1996	244.060			138
1997	244.684	624	0	138
1998	244.893	833	0	138
1999	246.263	2.203	0	138
2000	247.420	3.360	0	138
2001	248.614	4.554	0	138
2002	249.386	5.326	1	139
2003	249.645	5.585	1	139
2004	250.176	6.116	1	139
2005	250.759	6.699	1	139
2006	251.909	7.849	1	139
2007	252.411	8.351	1	139
2008	252.708	8.648	1	139
2009	253.069	9.009	1	139
2010	251.487	7.427	1	139
2011	247.245	3.185	0	138
2012	245.456	1.396	0	138
2013	245.184	1.124	0	138
2014	244.440	380	0	138
2015	242.743	-1.317	0	138

Tafla 4 sýnir áætlaðan launakostnað miðað við 3,5% launahækkun á árinu 2015 og núverandi skiptingu 138 stöðugilda. Heildarlaunakostnaður er metinn á 1.554 m.kr.

Í þriðju grein samningsins er kveðið á um að ríkissjóður skuli árlega greiða 89,5 m.kr., verðbættar frá árinu 1998 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa. Fjölgi prestum eða fækki skv. 2. og 3. grein samkomulagsins bætist við 0,6 m.kr. fyrir hvern viðbótarprest. Á árinu 2015 er heildarfjöldi stöðugilda óbreyttur eða 138 stöðugildi. Verðlagsforsenda annars rekstrarkostnaðar samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2015 er 2,3%. Verðbættur rekstrarkostnaður prestsembætta og prófafa á árinu 2015 er áætlaður 191 m.kr.

Tafla 4

Launakostnaður 2015 (Laun skv. úrskurð kjararáðs 30. júní 2014 + 3,5% áætl. launahækk.)								
Fjöldi	Fj. ein.	Desember uppbót	Dagvinna á ári	Einingar á ári	Árslaun	Launategd gjöld	Heildar- launakostn.	
Sóknarprestar								
11		8	1.547.291	74.990.410	7.817.892	84.355.593	20.747.284	105.102.877
30		11	4.219.885	204.519.300	29.317.095	238.056.280	58.378.004	296.434.285
14		14	1.969.280	95.442.340	17.412.578	114.824.197	28.080.503	142.904.701
34		17	4.782.536	231.788.540	51.349.336	287.920.413	70.229.276	358.149.689
		93			8.262.090	8.262.090	1.854.319	10.116.409
89			12.518.992	606.740.591	114.158.992	733.418.574	179.289.387	912.707.961
Prestar								
1		11	140.663	6.817.310	977.237	7.935.209	1.945.933	9.881.143
26		14	3.586.902	173.841.405	31.715.767	209.144.074	51.146.631	260.290.705
8		13,4	1.125.303	54.538.480	9.518.823	65.182.605	15.949.220	81.131.825
35			4.852.868	235.197.195	42.211.826	282.261.889	69.041.784	351.303.672
Prófastar (áður taldir)								
3				2.887.791	533.038	3.420.829	837.645	4.258.474
6				4.256.364		4.256.364	1.058.289	5.314.653
4		16			5.685.740	5.685.740	1.276.090	6.961.830
9		12			5.330.381	5.330.381	1.196.335	6.526.716
9			0	7.144.155	11.549.159	18.693.313	4.368.360	23.061.673
Sérþjónustuprestar og héraðspr.								
14,5		14	2.039.611	98.850.995	18.034.456	118.925.062	29.083.378	148.008.440
14,5			2.039.611	98.850.995	18.034.456	118.925.062	29.083.378	148.008.440
Niðurlögð prestaköll								
		158			14.036.670	14.036.670	3.150.348	17.187.018
138,0			19.411.471	952.898.693	207.453.635	1.179.763.799	287.842.796	1.452.268.764
Námsleyfi og veikindi (70 mánuðir á ári)								
70		13,4	820.533	39.767.642	6.940.808	47.528.983	11.718.230	59.247.214
Heildarlaunakostnaður								
								Samtals 1.554.522.707

Heimild: Reiknilíkan Biskupsstofu; Gæining KPMG

Skv. 4. gr.samningsins skal ríkissjóður greiða árlega 52,7 m.kr., verðbættar miðað við meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna skv. mati Hagstofu Íslands frá 1998.

Samkvæmt reiknilíkani þjóðkirkjunnar var í upphafi stuðst við launavísitölu opinberra starfsmanna og bankamanna. Frá og með árið 2005 hefur Hagstofan haldið úti sérstökum vísitölum fyrir opinbera starfsmenn annars vegar og ríkisstarfsmenn hins vegar. Samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu var samkomulag milli samningsaðila að halda sig við vísitölu opinberra starfsmanna allra og þá var einnig samkomulag um að skoða breytinguna milli ára út frá vísitölu 2. ársfjórðungs hvers árs.

Við nánari skoðun á líkani Biskupsstofu var miðað við vísitölu opinberra starfsmanna til ársins 2010, árin 2011 og 2012 er miðað við aðra vísitölu en launavísitölu opinberra starfsmanna og ríkisstarfsmanna, og frá og með 2013 hefur verið miðað við launavísitölu ríkisstarfsmanna.

Tafla 5 sýnir þróun launavísitölu ríkisstarfsmanna og opinberra starfsmanna.

Tafla 5

Launavísitala ríkisstarfsmanna – 2. ársfjórðungur hvers árs (Heimild: Hagstofa Íslands)

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Ríkisstarfsmenn - vísitala	99,4	108,6	118,4	125,9	136,7	138,9	143,6	159,5	167,6	176,8	185,8
Hækkun milli ára		9,3%	9,0%	6,3%	8,6%	1,6%	3,4%	11,1%	5,1%	5,5%	5,1%

Í fimmtu grein samningsins er kveðið á um að ríkissjóður skuli árlega greiða 30 m.kr., verðbættar frá árinu 1998 miðað við verðlagsforsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa. Fjölgi stöðugildum á Biskupsstofu vegna fjölgunar presta í samræmi við 3. tl. 3. gr. samningsins frá 10. janúar 1997, skal framlagið breytast um 1,4 m.kr. fyrir hvert starf. Á árinu 2015 er heildarfjöldi stöðugilda óbreyttur.

Verðlagsforsenda annars rekstrarkostnaðar samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2015 er 2,3%. Verðbættur rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta á árinu 2015 er áætlaður 64 m.kr.

Samkvæmt 6. gr. samningsins skal árlegt framlag í fjárlögum til Kristnisjóðs svara til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllumum samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Á árinu 2015 er gert ráð fyrir 3,5% hækkun launa ríkisstarfsmanna skv. fjárlagafrumvarpi ársins.

Reiknað framlag til kristnisjóðs miðað við 3,5% hækkun og margfaldað með 15 stöðugildum nemur því 113 m.kr.

Í sjöundu grein samningsins er ákvæðu um sérframlög ríkisins til Þjóðkirkjunnar. Um er að ræða styrki sem falla ekki undir 2.-6. greinar samningsins og koma fram í fjárlagafrumvarpi ársins 2015. Samkvæmt fjárlögum ársins 2015 námu sérframlög samtals 21 m.kr.

Í áttundu grein samningsins er umfjöllun um sértekjur Þjóðkirkjunnar en þar segir m.a. að Þjóðkirkjan beri fulla ábyrgð á sínum fjármálum, hagi sínum rekstri eins og þyki best hverju sinni og að framlag úr ríkissjóði sé óháð öðrum tekjum sem Þjóðkirkjan kann að afla.

KPMG telur að 8. gr. samningsins sé skýr um að ekki eigi að draga sértekjur frá til lækkunar á skuldbindingu ríkisins. Sértekjur Þjóðkirkjunnar hafa því ekki áhrif við útreikning KPMG á skuldbindingu ríkisins fyrir árið 2015. Þegar hefur verið sent erindi til ráðuneytisins um niðurfellingu sértekna í fjárlögum vegna ársins 2016.

Niðurstaða KPMG við yfirferð kirkjujarðasamkomulagsins við ríkið er að við útreikning á heildarframlagi úr ríkissjóði eru kostnaðarliðir reiknaðir samkvæmt 2. -7. gr. samningsins. Þá eru sértekjur ekki dregnar frá skuldbindingu ríkisins samkvæmt 8. gr. Heildarskuldbinding ríkisins er metin 2.093 m.kr. fyrir árið 2015 samkvæmt ákvæðum samningsins. Framlag frá ríkissjóði nam á sama tíma 1.580 m.kr. Mismunurinn nemur því 514 m.kr.

Ágreiningur er innan kirkjuráðs um ábyrgð kirkjuráðs á kirkjujarðasamkomulaginu. Fjórir kirkjuráðsmenn telja að ábyrgðin liggja hjá kirkjuráðinu en forseti kirkjuráðs, sem er biskup Íslands, telur það álitamál. Vegna þessa ágreinings hefur kirkjuráð ákveðið að skipa þriggja manna nefnd lögfræðinga sem skila mun álitum á þessu ágreiningsmáli. Í nefndinni eru Pétur Kr. Hafstein fv. forseti Hæstaréttar og fv. forseti kirkjuþings, Gestur Jónsson hrl. og Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands Ágreiningur þessi hefur haft truflandi áhrif á starfsemi kirkjuráðs.

Rekstraráætlun 06-701 Þjóðkirkjan árið 2016 – forsendur

Áætlaður fjöldi stöðugilda á Biskupsstofu og hjá Kirkjumálasjóði á árinu 2016 er 24 og er hann sambærilegur við árið 2015.

Prestsembættum hefur fjölgað eftir tímabil mikils samdráttar í kjölfar efnahagshrunsins. Þau er nú 130 að telja. Var skipaður prestur í nýtt embætti í Garðaprestakalli á Akranesi, hinn 1. maí sl. Þá hafa öll laus embætti verið auglýst til umsóknar eða prestar settir til tímabundinnar þjónustu á meðan unnið er að framtíðarskipan mála. Þá skýra starfslok einnig fjölgun launaðra embætta. Á árinu 2016 er fjöldi prestsembætta áætlaður hinn sami og á yfirstandandi ári.

Á fundi sínum 10. mars 2015 samþykkti kirkjuráð að veita úr kirkjumálasjóði fjárhæð sem svaraði 13 mánaðalaunum presta til ráðstöfunar í námsleyfi, til viðbótar við þá 14 mánuði sem áður hafði verið veitt til námsleyfakvótans. Varð heildarfjöldinn því 27 mánuðir vegna yfirstandandi starfsárs. Á árinu 2016 er gert ráð fyrir sama námsleyfakvóta.

Rekstraráætlun Biskupsstofu 2016 – Drög	Rekstraráætlun m.v. efdan samning	Rekstraráætlun m.v. skertan samning
Áætluð afkoma	288.007.000	-112.193.000
Tekjur	1.980.500.000	1.580.300.000
Gjöld	1.692.493.000	1.692.493.000
Laun alls	1.638.493.000	1.638.493.000
Rekstrarkostnaður biskups Íslands og vígslubiskupa	13.000.000	13.000.000
Almennur rekstur Biskupsstofu	41.000.000	41.000.000

Sérframlög

Sérframlög til stofnkostnaðar kirkjunnar lækka milli ára um 6 m.kr. og eru því samtals 21 m.kr. í fjárlagafrumvarpi vegna ársins 2016.

Stofnkostnaðargreiðsla ríkisins vegna Skálholts er 4 m.kr.

Sérframlag ríkisins árið 2015 til Hallgrímskirkju vegna viðgerða á turni að fjárhæð 5 m.kr. er fjórða greiðsla af sex ára greiðsluloforði sem var samtals um 30 m.kr. Auk þess eru veittar 3,0 m.kr. vegna annars stofnkostnaðar og er því heildarframlag ríkisins til Hallgrímskirkju 8,0 m.kr. árið 2016.

Framlag til Hóladómkirkju verður 4,3 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2016 og framlag til Dómkirkjunnar í Reykjavík verður 4,7 m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður var stofnaður með lögum nr. 138/1993, í sjóðinn runnu þá framlög sem áður runnu til prestsetrasjóðs, einnig var nokkrum öðrum fjárlagaliðum sem byggðust á eldri lagaheimildum eins og um Tónskóla þjóðkirkjunnar, prestastefnu, og kirkjuþing sett saman og mynduðu þá tekjustofn sjóðsins en til einföldunar var þá ákveðið að miðað við ákveðið hlutfall af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld.

Fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2016 – drög	
Áætlaður tekjuafgangur	0
Tekjur	400.250.000
Gjöld	400.250.000
TEKJUR	400.250.000
GJÖLD	400.250.000

06-707 Kristnisjóður

Greiðslur ríkisins til Kristnisjóðs samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu á að samsvara 15 árslunum presta í fámennustu prestaköllum samkvæmt samningi ríkis og kirkju. Greiðsla ríkis samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2016 er 71,4 m.kr.

Kristnisjóður úthlutar styrkjum í samræmi við lög nr. 35/1970 um Kristnisjóð.

Kristnisjóður – fjárhagsáætlun 2016 – drög	
Áætlaður tekjuafgangur	0
Tekjur	71.400.000
Gjöld – styrkveitingar	71.400.000

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sókna miðast við 18,5% tekjur sem reiknast ofan á sóknargjöld. Jöfnunarsjóður sókna úthlutar styrkjum í samræmi við reglugerð nr. 206/1991 sem sett er með heimild í 9. gr. laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987.

Jöfnunarsjóður – fjárhagsáætlun 2016 – drög	
Áætlaður tekjuafgangur	136.550.000
Tekjur	385.500.000
Gjöld	248.950.000
Tekjur	385.000.000
Gjöld – styrkveitingar	248.950.000

Lokaorð

Kirkjuráð ákvað á fundi sínum þann 9. júní 2015 að selja ekki eignir til að fjármagna laun eða annan rekstur þjóðkirkjunnar en eins og alkunna er hefur KMSJ selt eignir til að mæta niðurskurði á kirkjujarðasamkomulaginu á undanförunum árum.

Kirkjuráð ákvað einnig að á árinu 2016 verði rekstrarlegur aðskilnaður á milli sjóðanna og biskupsstofu, þ.e.a.s. ekki verða tilfærslur á milli sjóða. Ákvörðun þessi byggir einnig á ábendingum frá Ríkisendurskoðun um aðskilnað og hlutverk sjóða.

Rekstraráætlun sjóða er í góðu jafnvægi og geta þeir uppfyllt lögbundið hlutverk sitt. Kirkjuráð hefur skipað launanefnd til að fara yfir skipulag starfa, launa og starfsábyrgðar á Biskupsstofu. Í nefndinni eru Inga Rún Ólafsdóttir, Sveinbjörg Pálsdóttir og Ellisif Tinna Víðisdóttir sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Loks mun kirkjuráð leggja aukna áhersla á eignastýringu og eftirlit með eignum KMSJ, með það að markmiði að hámarka arðsemi eigna eins og mögulegt er. Í þessu skyni verður eigendastefna þjóðkirkjunnar endurskoðuð.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd kirkjuþings hefur farið yfir ársreikning Kirkjumálasjóðs 2014 og framlagðan ársreikning Þjóðkirkjunnar 06-701 fyrir árið 2014 frá Fjársýslu ríkisins og leggur til að þeir verði samþykktir. Vegna breytinga á fyrirkomulags bókahalds og þar með uppsetningu ársreikninganna beinir fjárhagsnefnd kirkjuþings því til kirkjuráðs að fjármála- hópi ráðsins verði falið að yfirfara reikninga 2014 með hliðsjón af fjárhagsáætlun ársins. Þá leggur fjárhagsnefnd til að ársreikningar Jöfnunarsjóðs og Kristnisjóðs, sem voru lagðir fram á kirkjuþinginu í október, verði einnig bornir upp til samþykktar. Fjárhagsnefndin hefur kynnt sér endurskoðaðar fjárhagsáætlanir Þjóðkirkjunnar 06-701, Kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs fyrir yfirstandandi fjárhagsár 2016. Fjárhagsnefnd er kunnugt að reikningar sjóða kirkjunnar og Þjóðkirkjunnar 06-701 fyrir árið 2015 eru tilbúnir til uppsetningar og lýsir ánægju sinni með það. Jafnframt telur nefndin tímabært að kannaðir verði möguleikar á útvistun verkefna á fjármálasviði.

Nefndin leggur áherslu á að vinna við mótun og skráningu verklagsreglna og verkferla fyrir fjármál og bókhald dragist ekki meira en orðið er og að í framhaldi af því verði sett á laggirnar innra eftirlit um þau mál. Fjárhagsnefnd leggur áherslu á mikilvægi góðrar og gegnsærrar fjármálaumsýslu og fjármálastjórnar.

Fjárhagsnefnd minnir á ábendingu sína til kirkjuráðs, að kannaður verði grundvöllur þess, að stofnað verði þriggja manna ráð til að fylgja eftir sameiginlegum hagsmunamálum sókna.

Fjárhagsnefnd kirkjuþings telur mikilvægt að gerður verði skriflegur samningur milli Þjóðkirkjunnar og ríkisins um innheimtu sóknargjalda sem taki mið af gildandi lögum um sóknargjöld nr. 91/1997 þannig að tryggt sé að þau skili sér að fullu.

Kirkjuþing afgreiddi fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing 2015 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar 06-701, Kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóð fyrir árið 2014. Vegna breytinga á fyrirkomulagi bókhalds og þar með uppsetningu ársreikninganna beinir kirkjuþing því til kirkjuráðs að fjármálahópi ráðsins verði falið að yfirfara reikninga 2014 með hliðsjón af fjárhagsáætlun ársins.

Kirkjuþing felur kirkjuráði að koma á skráðu verkferli fjármálastjórnunar og innra eftirliti um þau mál. Kirkjuþing leggur áherslu á mikilvægi góðrar og gegnsærrar fjármálaumsýslu og fjármálastjórnar.

3. mál kirkjuþings 2015
Flutt af löggjafarnefnd kirkjuþings

Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga

Að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd var málið var sameinað 18. máli.

4. mál kirkjuþings 2015

Flutt af starfshópi kirkjuþings 2014

Áfangaskýrsla starfshóps um stefnumótum Þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2015 samþykkir að haldið verði áfram vinnu við stefnumótun Þjóðkirkjunnar út frá hugmyndum sem koma fram í skýrslu starfshóps um stefnumótun Þjóðkirkjunnar og í umræðu í allsherjarnefnd og á kirkjuþingi. Einnig verði tekið mið af eldri stefnumótun Þjóðkirkjunnar frá 2003 til 2010.

Skýrsla um stefnumótun Þjóðkirkjunnar

Formáli

Á kirkjuþingi 2014 var samþykkt að skipa fimm manna starfshóp til að vinna að stefnumótun Þjóðkirkjunnar. Í starfshópinn voru skipuð sr. Guðrún Karls Helgudóttir, formaður, Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, Steindór Runiberg Haraldsson, sr. Þorgrímur Daníelsson og Þórunn Júlíusdóttir. Nefndin hittist fyrst 30. janúar og hóf þá störf.

Að baki þessarar skýrslu liggur mikil vinna og greining á stöðu kirkjunnar en það er ljóst að enn er mikil vinna er framundan. Það er of mikið verk fyrir einungis fimm aðila að gera tillögur að stefnu Þjóðkirkjunnar en nefndin telur sig vera búna að safna nægum upplýsingum til þess að geta farið að kynna hugmyndir sínar fyrir fleiri aðilum og fá í kjölfarið fleira fólk til þess að vinna mótunina áfram.

Nefndir gerði könnun meðal prófasta og meðlima í héraðsnefndum prófastsdæmanna til þess að reyna að fá fram álit þeirra á stöðu prófastsdæmanna eins og þau líta út nú og til þess að kanna hug þeirra til breytinga. Þar kom fram að meiri hluti prófasta og félaga í héraðsnefndum eru ósátt við núverandi skipan prófastsdæma en það kom einnig fram að flestir geta séð fyrir sér breytt hlutverk prófasta og prófastsdæma.

Í þessari skýrslu koma fram megin hugmyndir nefndarinnar í stórum dráttum og hvetur nefndin kirkjuþingsfólk til þess að ræða hugmyndirnar.

Nefndin óskar eftir því að haldið verði áfram að vinna út frá hugmyndunum sem fram koma í skýrslunni.

Inngangur

Tilvistargrundvöllur Þjóðkirkjunnar

Kirkjan er samfélag fólks sem á það sameiginlegt að trúá á Jesú Krist sem frelsara.

Tilvistargrundvöllur Þjóðkirkjunnar er Jesú Kristur og boðskapur hans.

Tilgangur Þjóðkirkjunnar er að boða kristna trú, efla og viðhalda kristnu samfélagi á Íslandi. Þetta gerir kirkjan í meginatriðum með þrennum hætti:

1. Með því að rækja eigið bænaliíf og vaxa í andlegum skilningi (biðjandi).
2. Með því að boða kristna trú og -gildi, í opinberri umræðu á þeim vettvangi sem hentar hverju sinni (boðandi).
3. Með því að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna kærleika í verki (þjónandi).

Nefndin leggur til þrjár meginbreytingar á starfsemi þjóðkirkjunnar sem verði þróuð áfram í samráði og samstarfi við þjóðkirkjufólk.

I. Efling prófastsdæmanna

Hluti þess fjárstjórnarvalds, sem nú er á hendi kirkjustjórnarinnar verði færður út í prófastsdæmin. Jafnframt fái prófastsdæmin verulegt sjálfstæði hvað varðar innri mál, s.s. útdeilingu fjármuna, embættaskipan og stjórnarsýslu innan sinna vébanda. Skoðað verðu m.a. eftirfarandi:

1. Héraðsfundur hafi, innan löglegra marka, æðsta vald í málefnum prófastsdæmisins.
2. Hvert prófastsdæmi fái úthlutað ákveðnum fjölda embætta er greiðast samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu. Skiptingin yrði varanleg, þó þannig að embætti færist til eftir búsetuþróun.
3. Prófastsdæmi fái vald til að ákveða, þó með samþykki Kirkjuþings, hvernig embættum innan þess er fyrir komið.
4. Umsýsla með prestssetrum og kirkjujörðum verði færð til prófastsdæma ásamt fjármunum til viðhalds.
5. Breyta þarf skipan prófastsdæma og prófastar í fjölmennustu prófastsdæmunum gegni eingöngu embætti prófasts en verði ekki prestar í söfnuðum. Prófastar verði fulltrúar prófastsdæmisins og kosnir af prestum og fulltrúum sóknarnefnda. Samdar verði reglur um embættisgengi prófaste.

II. Eftirlit og innri ferlar

Kirkjuþing og biskupar móti stefnu kirkjunnar hverju sinni og setji markmið og staðla, sem séu raunhæfir og mælanlegir. Gert er ráð fyrir því að eftirlit með því hvernig gengur að ná viðkomandi stöðlum verði eitt meginhlutverk biskupa, sem skili árlega skýrslu til Kirkjuþings. Hér er í raun um hið hefðbundna eftirlitshlutverk biskupa að ræða, en það er fært til nútímahorfs og gert markvissara og skilvirkara. Jafnframt er gert ráð fyrir því að kirkjuþing fylgist með árangri í kirkjustarfi og axli aukna ábyrgð hvað það varðar.

1. Biskup og kirkjuráð: Gerir tillögur til kirkjuþings um markmið og staðla. Kirkjuþing þarf að samþykkja markmið og staðla sem skuli leitast við að ná. Staðlar þyrftu að mæla mikilvægustu þætti í starfsemi og taka til m.a.
 - Fjármála
 - Barna – og æskulýðsstarfs
 - Gæða
 - Sálgæslu og fullorðinsfræðslu
 - Virkni
 - Innri ferla

2. Þegar staðlar hafa verið ákveðnir fylgist biskup með því hvernig gengur að ná þeim með reglubundnu eftirliti. Kirkjuráð hefur eftirlit með fjármálum
3. Biskup ásamt kirkjuráði hefur tilsjón með prófastsdæmum próföstum, prestum, sóknarnefndum og starfsfólki kirkjunnar. Tilsjónin felst í því að fylgjast með hvernig gengur að ná fyrirfram ákveðnum stöðlum. Biskup og kirkjuráð skila skýrslu til kirkjuþings á hverju ári. Kirkjuráð hefur tilsjón með fjármálum en biskup með öðru.

III. Mannauðsstefna

Mikilvægt er að færa mannauð kirkjunnar til þess horfs sem mest þörf er á hverju sinni. Að vissu leyti er hér um sístætt verkefni að ræða, þar sem síbreytilegar aðstæður krefjast síbreytilegs mannauðs. Stefnt verði að því að auka styrk mannauðs á þeim sviðum sem þörf er á, sérstaklega á sviði barna- og æskulýðsstarfs en einnig á sviði stjórnunar.

Tekið verði til endurskoðunar hvaða kröfur þjóðkirkjan þarf að gera til presta, djákna og annars starfsfólks.

Skoða þarf að gera gagnvirka ráðningasamninga við nýráðna presta. Allir ráðningarsamningar presta sem undirritaðir verða eftir gildistöku nýrrar stefnumótunar verði með ákvæðum um starfsþróun. Í því sambandi er m.a. hægt að skoða:

1. Að prestur geti óskað eftir menntun sem hann telur að nýtist sér í starfi. Þá geti biskup falið presti að kenna öðrum starfmönnum kirkjunnar, búi hann yfir sérþekkingu eða hæfni sem biskup telur að sé mikilvæg. Embættismaður fái afleysingu þegar biskup felur honum slíkt nám eða kennslu og ekki verði greitt aukalega fyrir það.
2. Prestum sé skylt að taka á móti eftirlitsaðila á vegum biskups og veita honum alla aðstoð varðandi gæðamat í viðkomandi prestakalli hvenær sem þess er óskað.
3. Biskupi sé heimilt að auglýsa embætti laust til umsóknar, sé það álit hans að verulegur misbrestur sé á að gæðastöðlum og markmiðum hafi verið náð og hafi áminningum biskups ekki verið sinnt.
4. Öllum prestum verði boðið að gerður verði við þá ráðningasamningur með sama hætti og við nýja presta. Ekki er gert ráð fyrir að ný mannauðsstefna hafi áhrif á þá presta sem nú eru í starfi nema þeir óski þess.
5. Einungis verði veitt námsleyfi til náms sem biskup telur að muni nýtast í starfi og samræmist mannauðsmarkmiðum kirkjunnar.
6. Lögð verði áhersla á að nýja tegund embætta (djákna, presta eða annarra?) þar sem sérþekkingar sé krafist í barna og æskulýðsstarfi.
7. Hluti af gæðakröfum til prófastsdæma verði að þau komi sér upp vel menntuðum starfsmanni með sérþekkingu á barna og æskulýðsstarfi.

IV. Meginhugmyndir um verkaskiptingu

Biskupsstofa

- Nefndin hefur fjallað nokkuð um biskupsstofu og ákveðið að gera tillögu að starfsreglum fyrir hana. Hún hefur sett sér það markmið að þær verði tilbúnar fyrir seinni hluta kirkjuþings 2015. Ef hins vegar þingið klárast nú í haust, þá verði starfsreglum skilað inn á kirkjuþingi 2016.

Kirkjustjórn

- Skipuleggur og sér til þess að boðskap kristni og starfsemi/viðburða á vegum kirkju verði komið á framfæri í opinberri umræðu og á opinberum vettvangi á jákvæðan og markvissan hátt.
- Gætir hagsmuna kirkjunnar út ávið gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum
- Innra eftirlit með kirkjustarfi
 - Fjármál
 - Gæðastjórnun
 - Mannauðsstjórnun
 - Framkvæmd og eftirfylgd stefnu
 - Agavald
- Hlutverk kirkjustjórnarinnar á einnig að vera að veita jákvæða örvun og sjá til þess að allir þjónar kirkjunnar njóti faglegar handleiðslu og sálgæslu.

Kirkjuþing

Er æðsta stofnun þjóðkirkjunnar.

Skilgreina þarf hlutverk þess nánar með tilliti til nýrrar stefnumótunnar.

Vígslubiskupar

Skoða þarf hlutverk vígslubiskupa nánar með tilliti til nýrrar stefnumótunnar.

Kirkjuráð

Skoða þarf hlutverk kirkjuráðs með tilliti til nýrrar stefnumótunnar.

V. Fjármálastefna

Nauðsynlegt er að kirkjan móti sér fjármálastefnu.

Fjármál þjóðkirkjunnar verða að vera algjörlega gagnsæ og öllum aðgengileg á veraldarvefnum.

Helstu atriði hennar verði:

- Farið skal eftir fjárhagsáætlun kirkjuþings og aðhalds gætt í hvívetna.
- Fjármunum verði veitt í forgangsverkefni samkvæmt stefnu kirkjunnar
- Söfnuðir megi ekki skuldbinda sig umfram 100% af árstekjum nema með leyfi kirkjuþings

5. mál kirkjuþings 2015
Flutt af biskupi Íslands

**Þingsályktun um breytingu á starfsreglum um
prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009**

Kirkjuþing 2015 samþykkir að kirkjuráð i verði falið að skipa þrjú manna starfshóp sem skoði málið í tengslum við stefnumörkun þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu.

Starfshópurinn hafi til hliðsjónar þær skýrslur sem unnar hafa verið um eignir þjóðkirkjunnar undanfarin ár.

6. mál kirkjuþings 2015
Flutt af biskupi Íslands

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000

1. gr.

C liður 11. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kirkjutónlistarráð, sbr. starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 817/2000.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast þegar gildi.

7. mál kirkjuþings 2015
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013

Kirkjuþing 2015 samþykkir að nefnd sem skipuð var á kirkjuþingi 2014 um endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013, vinni að málinu áfram og skili tillögum sínum fyrir kirkjuþing 2016.

Greinargerð:

Á kirkjuþingi 2014 var samþykkt að skipa nefnd um endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013. Nefndi skyldi skila tillögum til kirkjuþings 2015. Nefndin telur nauðsynlegt að fá meiri tíma til endurskoðunarinnar sbr. bréf nefndarinnar til kirkjuráðs dags. 20. ágúst 2015, sjá fskj. A. Með vísan til fskj. A er lagt til að kirkjuþing samþykki að veita þann frest sem nefndin óskar eftir.

Nefnd um endurskoðun starfsreglna nr. 301/2014 um kjör til kirkjuþings.

Áfangaskýrsla 26. ágúst 2015

Á kirkjuþingi 2014 var samþykkt að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur nr. 301/2014 um kjör til kirkjuþings og var undirrituð ásamt þeim sr. Gísla Gunnarssyni og Ragnhildi Benediktsdóttur kjörin í nefndina. Í skipunarbréfi kom fram að nefndin skyldi skila tillögum sínum til kirkjuþings 2015.

Með bréfi nefndarinnar til kirkjuráðs þann 20. ágúst sl. óskaði nefndin þess að frestur hennar til að skila tillögum yrði framlengdur til kirkjuþings 2016. Ástæða beiðninnar var fyrst og fremst sú að vinnan við endurskoðunina var mun umfangsmeiri en áætlað var í fyrstu. Kirkjuráð samþykkti beiðni nefndarinnar á fundi sínum 25. ágúst sl.

Nefndin hefur nú haldið sex fundi á tímabilinu apríl til ágúst 2015. Þá hefur nefndin fengið á fundi sína til ráðgjafar, þá Skúla Guðmundsson, lögfræðing og Stefán I. Valdimarsson, stærðfræðing.

Nefndin hefur lagt á það áherslu í vinnu sinni að einfalda reglurnar um kjör til kirkjuþings og gera þær þannig úr garði að þær séu skýrar og aðgengilegar.

Vinna nefndarinnar hefur einkum lotið að eftirtöldum atriðum.

1. **Kosningaréttur vígðra manna og kjörgengi þeirra:** *Áhersla á skýrleika og samræmingu.*
 - Í nógildandi reglum er ekki samræmi milli kjörgengis og kosningaréttar, þ.e. viðkomandi getur verið með kjörgengi en ekki kosningarétt. Nefndin telur að betur fari á því að þetta verði samræmt.
 - Þá telur nefndin einnig að þjónandi prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis sem er í föstu og launuðu starfi sem slíkur skuli bæði hafa kosningarétt og kjörgengi.
 - Þá vinnur nefndin að því að gera reglurnar skýrari varðandi það hverjir njóti kosningaréttar og kjörgengis.
2. **Uppbygging reglnanna:** *Áhersla á skýrari, aðgengilegri og einfaldari reglur.*
 - Að uppbygging reglnanna verði samfelldari og hver þáttur taki við af öðrum.
3. **Atkvæðagreiðsla:** *Áhersla á einfalt fyrirkomulag.*
 - Nógildandi reglur eru þannig að þegar um það er að ræða að frambjóðendur eru jafnmargir og sá fjöldi sem kjósa skal, skapast þær aðstæður þegar atkvæði aðalmanna hafa verið talin og aðalmönnum raðað upp, að samanlögð atkvæði (þ.e. sem aðal- og varamenn) allra varamanna eru jöfn, þar sem allir kjósendur hafa annað hvort kosið viðkomandi sem aðal- eða varamann og því verður að beita hlutkesti. Yfirkjörstjórn barst kæra að afloknum kosningum til kirkjuþings, þar sem þetta atriði var kært. Féllst yfirkjörstjórn á það með kjörstjórn að reglurnar væru óheppilegar hvað þetta atriði varðar, þ.e. þegar frambjóðendur eru jafnmargir og sá fjöldi sem kjósa skal og að um annmarka á reglunum væri að ræða. Nefndin er að skoða leiðir til þess að taka á þessu.
4. **Rafræn kosning:** *Áhersla á öryggi og einfaldleika.*
 - Skoða þarf betur framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna kosninga.

*f.h. nefndar um endurskoðun starfsreglna
nr. 301/2014 um kjör til kirkjuþings
Hjördís Stefánsdóttir.
(sign.)*

8. mál kirkjuþings 2015

Flutt af Gísla Jónassyni, Jónínu Bjartmarz, Steindóri Haraldssyni
Guðrúnu Karls Helgudóttur og Ægi Erni Sveinssyni

Þingsályktun um starfsþjálfun prestsefna

Kirkjuþing 2015 samþykkir að fela kirkjuráði að taka til endurskoðunar nógildandi starfsreglur um þjálfun prestsefna frá 2002 með það í huga að leita leiða til að styrkja hana þannig að hún standist samanburð við starfsþjálfun prestsefna á hinum Norðurlöndunum. Kannaðir verði m.a. kostir þess að hluti starfsþjálfunarinnar verði kandiðatsár með samræmdri námskrá. Tillögur verði lagðar fram á kirkjuþingi 2016.

9. mál kirkjuþings 2015

Flutt af: Steindóri Haraldssyni, Birgi Rafni Styrmissyni, Birni Jónssyni, Elínborgu Gísladóttur, Geir G. Waage, Jónínu Bjartmarz, Marinó Bjarnasyni, Ólafi Björgvini Valgeirssyni, Ragnheiði Magnúsdóttur, Stefáni Magnússyni og Þórunni Júlíusdóttur

Að lokinni fyrri umræðu og lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd var málið dregið til baka.

Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997

1. gr.

Kirkjuþing 2015 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að hann flytji á Alþingi eftirfarandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 1. 2. og 3. mgr. 25. gr. sömu laga.

2. gr.

1 mgr. 10. gr. hljóði svo: Biskup Íslands hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann fylgir eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

1. mgr. 25. gr. hljóði svo: Kirkjuráð er skipað fimm mönnum, tveimur guðfræðingum og þremur leikmönnum, sem kirkjuþing kýs og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Að lokinni kosningu til kirkjuráðs kýs kirkjuþing formann og varaformann ráðsins úr hópi þeirra sem kosningu hlutu. Kosið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi að aflokinni kosningu til kirkjuþings. Kirkjuráðsmenn sitja þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kjörið. Kirkjuráð ber ábyrgð gagnvart kirkjuþingi skv. 23. gr. þessara laga.

4. gr.

2. mgr. 25. gr. hljóði svo: Forseti kirkjuþings og biskup Íslands hafa rétt til setu í kirkjuráði. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt .

5. gr.

3. mgr. 25. gr. hljóði svo: Lög þessi öðlist gildi við næsta kjör biskups Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Þegar þjóðkirkjulögin tóku gildi í ársbyrjun 1998 hafði mikil undirbúningsvinna átt sér stað sem má rekja til ársins 1992 þegar lagðar voru fram á kirkjuþingi tillögur um endurskoðun á lögum um kirkjuna. Árið 1993 var sett á laggirnar nefnd sem kölluð var „skipulagsnefndin“. Hlutverk skipulagsnefndarinnar var að koma með tillögu að nýjum lögum um þjóðkirkjuna.

Eitt af því sem nefndin gerði var samanburður við nágrannakirkjurnar. Urðu til nokkur áhersluatriði. Þar má m.a. nefna:

- Aukið sjálfstæði og lýðræðislegt skipulag þjóðkirkjunnar.
- Aukin valddreifing til stofnana og embætta innan kirkjunnar.
- Sterkt kirkjuþing sem hefði æðsta vald í málefnum kirkjunnar.
- Eindregin aðgreining biskupsembættisins og kirkjuþings.
- Biskup skuli gegna forystuhlutverki á sviði trúarlífs þjóðkirkjunnar.
- Virk þátttaka leikmanna í öllu starfi kirkjunnar.
- Sterkt starf kirkjunnar í grasrótinni: í sóknum, prestaköllum og prófastsdæmum.

Skipulagsnefndin var að mestu leyti sammála um meginmarkmið, einstök atriði þurftu lengri umfjöllunartíma en önnur. Breytingarnar á lögum um kirkjuna urðu verulegar. Aldrei var nein áhersla lögð á aðskilnað ríkis og kirkju, heldur var almennt samkomulag um óbreytt samband að formi til, en hugmyndirnar fólu þó í sér stóraukið sjálfstæði þjóðkirkjunnar.

Meginbreytingarnar urðu samt verulegar, þessar voru þær helstu :

- Aukið lýðræði til stjórnarsýslu kirkjunnar, m.a. með kirkjuþingi og með embætti forseta kirkjuþings.
- Rammalöggjöf um íslensku þjóðkirkjuna sem veitti henni nýtt vald í eigin málum og þar með mikið sjálfstæði. Þetta var í reynd tilfærsla á valdi Alþingi til kirkjuþings.
- Stofnun kirkjuþings með raunverulegt vald var grundvallaratriði í hinu nýja fyrirkomulagi. Kirkjuþingi var falið það hlutverk að setja kirkjunni starfsreglur og var fengið æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmætra marka.
- Breytingarnar snertu biskupsembættið talsvert. Áður hafði biskup verið forseti kirkjuþings og jafnframt formaður kirkjuráðs, samkvæmt lögunum hafði hann málfrelsi og tillögurétt á kirkjuþingi en ekki atkvæðisrétt, var hann einnig formaður kirkjuráðs sem var m.a. framkvæmdarnefnd kirkjuþings.

Í nýju löggjöfinni var biskupi hvorki ætlað að verða forseti kirkjuþings né formaður kirkjuráðs.

Það náðist ekki samstaða um það síðarnefnda og því varð biskupinn forseti kirkjuráðs.

Samkvæmt hefðinni hefur biskup þrjú megin verksvið:

Vígslur, vísitasíur og tilsjón.

Samkvæmt lútherskum embættisskilningi er enginn eðlismunur á embætti prests og biskups, eini munurinn er sá að biskupi eru fengin störf sem tengjast ekki einum söfnuði, heldur allri þjóðkirkjunni. Helstu störf sem falla undir biskupsembættið eru: biskup vígir, vísiterar söfnuði og kemur fram fyrir hönd þjóðkirkjunnar við ýmis tækifæri og sinnir sálgæslu presta.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis frá 2011 segir m.a.: „Biskupi Íslands eru, samkvæmt gildandi löggjöf, falin umfangsmikil stjórnunarstörf sem óhjákvæmilega takmarka þann tíma sem hann hefur til að sinna hlutverki sínu sem andlegur leiðtogi þjóðkirkjunnar. Hann er yfirmaður biskupsstofu og jafnframt formaður kirkjuráðs. Ráðið, sem er kosið af kirkjuþingi, fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar og hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi“.

Það er stjórnunarleg þverstæða að biskup sé formaður í framkvæmdarráði kirkjuþings, þar sem hann lýtur í engu kirkjuþingi.

Í þessu sambandi má líka vitna í álitserð lögfræðinganna Eiríks Tómassonar og Þorgeirs Örlygssonar frá árinu 1999 sem þeir unnu fyrir kirkjuþing. Álitserð 2. kafli bls. 13:

„Frá lögfræðilegum sjónarhóli séð má hins vegar hreyfa því hvort sú skipan sé æskileg að biskup sé í forystu fyrir stjórnarsýslunefnd á borð við kirkjuráð þegar við blasir að mörgum málum, þar sem hann hefur tekið ákvörðun, kann að verða skotið til ráðsins sem æðra stjórnvalds. Umhugsunarvert er hvort slíkt samrýmist góðum stjórnarsýsluháttum með tilliti til svonefndra almennra neikvæðra hæfisreglna í stjórnarsýslunni“.

Í ljósi framangreinds er þörf á að breyta lögum á þann veg að dregið verði sem mest úr skyldum biskups til að sinna fjármálaumsýslu kirkjunnar. Liður í því er að biskup sitji ekki í kirkjuráði sem formaður með atkvæðisrétt eins og nú er heldur fái sömu stöðu og hann hefur á kirkjuþingi, þ.e. hann sitji í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

10. mál kirkjuþings 2015
Flutt af löggjafarnefnd kirkjuþings

**Þingsályktun um starfsreglur
um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa**

Kirkjuþing 2015 samþykkir að löggjafarnefnd vinni að málunum áfram og skili niðurstöðum sínum fyrir kirkjuþing 2016.

Starfsreglur um val og veitingu prestsembættis

Starfsreglur þessar birtast hér með þeim breytingum sem gerðar voru á reglum á seinni hluta kirkjubings í apríl 2016. Sjá 20. mál.

1. gr.

Lagagrundvöllur.

Biskup Íslands skipar, samkvæmt 37. gr. laga nr. 78/1997, í embætti sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar. Um málsmeðferð samkvæmt starfsreglum þessum skal fara að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Þarfagreining á prestakalli.

Þegar prestakall losnar skal kjörnefnd taka afstöðu til þess hvort hún hyggst nýta þjónustu matsnefndar skv. 5. og 6. gr. Matsnefnd tekur til starfa nema því aðeins að kjörnefnd skv. 7. gr. nái samstöðu um að óska ekki eftir þjónustu hennar. Hjúseta rýfur ekki samstöðu.

Biskup Íslands undirbýr auglýsingu embættis með því að kalla eftir þarfagreiningu prestakalls og/eða héraðsnefndar. Prófastur skal sjá til þess að þarfagreining verði unnin innan þeirra tímamarka sem biskup setur. Hún skal innihalda eftir því sem við á:

1. Lýsingu á prestakallinu og sóknum þess, ef um er að ræða embætti sóknarprests eða prests.
2. Lýsingu á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.
3. Kröfur um sérstaka þekkingu, hæfni eða reynslu, sem leitað er eftir hjá nýjum presti, s.s. í stjórnun, safnaðarstarfi og/eða sérhæfðri þjónustu.
4. Greiningu á helstu styrkleikum og veikleikum safnaðarstarfsins.
5. Helstu áherslur sóknarnefndar eða héraðsnefndar í safnaðarstarfi næstu fimm árin.

3. gr.

Auglýsing um laust prestsembætti.

Biskup Íslands auglýsir laus prestsembætti í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 78/1997. Við undirbúning auglýsingar skal tekið tillit til þarfagreiningar samkvæmt 2. gr. Í auglýsingu skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

1. Lýsing á prestakallinu og sóknum þess, ef um er að ræða embætti sóknarprests eða prests.
2. Lýsing á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.
3. Hvort lögð sé sérstök áhersla á hæfni umsækjenda til að sinna tilteknum þáttum prestsþjónustunnar.
4. Hvort embættið geri kröfu um sérstaka þekkingu eða reynslu svo sem af stjórnarstörfum.

5. Hvort óskað hafi verið eftir þjónustu matsnefndar.
6. Frá hvaða tíma og til hve langs tíma skipað er í embættið.
7. Að umsækjendur leggi fram prófskírteini og staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun. Einnig vottorð um aðra menntun og þjálfun sem nýtist í starfi.
8. Upplýsingar um starfsferil og annað það sem umsækjendur telja nauðsynlegt að fram komi.
9. Umsækjendur skili greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn og væntingar er varða embættið.
10. Að umsækjandi skuli leggja fram sakavottorð.
11. Hvenær umsóknarfrestur um embættið rennur út.
12. Hver veitir nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf og helstu lög og reglur sem um starfið gilda.
13. Hvort prestssetur fylgir embættinu.
14. Að sótt skuli um embættið á þar til gerðu eyðiblaði biskupsstofu.
15. Að matsnefnd fjalli um umsóknir, hafi kjörnefnd óskað eftir þjónustu matsnefndar, samkvæmt starfsreglum þessum.
16. Að heimilt sé að óska eftir almennum prestskosningum samkvæmt lögum nr. 78/1997.
17. Að skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Áður en biskup sendir umsóknir til meðferðar matsnefndar skal hann gæta þess að umsækjandi uppfylli skilyrði til skipunar, samkvæmt 38. gr. laga nr. 78/1997, þar með talið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum um þjálfun prestsefna nr. 788/2002. Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji hlutaðeigandi umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að setja, skipa eða ráða hann til starfa.

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- a) Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
 - b) Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálsræði manna, skv. 24. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum samkvæmt 217. gr.
 - c) Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,
- og hlotið refsidóm á fimm undangengnum árum.

Biskup Íslands skal auglýsa laust embætti í Lögbirtingablaði og á öðrum opinberum vettvangi og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en fjórar vikur frá útgáfudegi blaðsins. Sæki enginn um skal embættið auglýst að nýju. Skal að jafnaði auglýsa innan þriggja mánaða frá birtingu fyrri auglýsingar, nema ef sérstaklega stendur á.

Biskup skal afla og varðveita lista yfir þá sem eru atkvæðisbærir í prestakalli þegar auglýsing er birt.

4. gr.

Tímabundin setning í prestsembætti og embættisskipti.

Biskupi er heimilt að fengnu álit/umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda að setja í embætti án auglýsingar tímabundið, falli sá frá sem skipaður hefur verið eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda, fæðingarorlofs eða af öðrum ástæðum.

Óski prestur/prestar heimildar til embættaskipta, getur biskup að fengnu álit/umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda leyft tímabundin embættaskipti presta, að hámarki í eitt ár. Engar bætur verða greiddar ef laun lækka við embættaskiptin.

Biskupi er heimilt að flytja presta úr einu embætti í annað með samþykki viðkomandi sóknarnefnda eða héraðsnefnda ef við á. Flytjist maður í annað embætti sem er lægra launað en fyrra embættið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu.

5. gr.

Matsnefnd um hæfni til prestsembættis.

Biskup Íslands skipar þriggja manna matsnefnd til að meta hæfni umsækjenda um laus prestsembætti. Biskup tilnefnir einn fulltrúa. Biskup skipar formann úr hópi nefndarmanna. Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara til eins árs í senn. Nefndarmenn sitji ekki lengur en fjögur ár samfellt. Biskup og kirkjuþing skulu gæta þess að í matsnefnd veljist fólk með haldgóða þekkingu á starfsemi þjóðkirkjunnar og mannauðsmálum. Jafnframt að í nefndinni sitji fólk af báðum kynjum í samræmi við jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar

Prestafélag Íslands og viðkomandi kjörnefnd/héraðsnefnd er heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa hvort til setu á fundum nefndarinnar.

Formaður matsnefndar er í fyrirsvari fyrir nefndina og stýrir störfum hennar, fundum og gagnaöflun.

Í sérstökum tilvikum er matsnefnd heimilt að kveða til utanaðkomandi sérfræðinga, nefndinni til ráðgjafar.

Um sérstakt hæfi matsnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmönnum og áheyrnarfulltrúum er skylt að gæta þagmælsku um viðkvæmar upplýsingar sem leynt eiga að fara er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum í nefndinni. Að öðru leyti gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 140/2012 um meðferð umsókna eftir því sem við á.

6. gr.

Störf matsnefndar.

Meta skal hvernig umsækjendur uppfylla sérstök skilyrði og hæfni samkvæmt þarfagreiningu sem áskilin eru í auglýsingu. Að öðru leyti skal við mat á hæfni umsækjenda horfa til eftirfarandi: menntunar, starfsferils og starfsreynslu.

Matsnefnd skilgreinir prósentuvægi einstakra viðmiða og greinir viðmiðin í þætti og

skilgreinir hvernig stig eru gefin fyrir hvern þátt og hvaða þættir hafa áhrif. Matsnefnd notar 0-10 stiga skala í starfi sínu þar sem 10 er hæst.

Matsnefnd gefur umsögn um hvaða umsækjendur uppfylli best þarfagreiningu sem fyrir liggur.

Matsnefnd fer yfir og metur umsóknir, fylgiskjöl með þeim og aðrar upplýsingar frá viðkomandi umsækjanda. Taki matsnefnd viðtöl við umsækjendur skal hún styðjast við staðlaðan spurningalista.

Matsnefnd getur, með samþykki umsækjenda, aflað frekari upplýsinga um þá og starfsferil þeirra frá vinnuveitendum og öðrum sem samskipti hafa átt við umsækjendur vegna starfa þeirra. Gæta ber jafnræðis umsækjenda.

Komi fram í gögnum, sem matsnefndin aflar, upplýsingar sem hún telur vera umsækjanda í óhag skal kynna honum efni þeirra, frá hverjum þær koma og veita honum tækifæri til að tjá sig um þær.

Eftir að vinna nefndarinnar við mat á umsóknum er hafin er henni ekki skylt að taka við frekari umsóknargögnum, nema þau séu til að votta gögn sem fylgdu umsókn.

Matsnefnd skal sjá til þess að mál varðandi umsóknir séu nægilega upplýst.

Matsnefndin skal skila niðurstöðu innan fjögurra vikna frá því að umsóknarfrestur rann út.

Ef sérstakar aðstæður valda tímaþröng, svo sem mikill fjöldi umsókna, getur biskup veitt matsnefndinni allt að tveggja vikna viðbótarfrest til að skila niðurstöðu. Sóknarnefnd og umsækjendum skal tilkynnt um framlengingu frestsins.

Í skýrslu matsnefndar skal vera skrifleg lýsing á matsferlinu og niðurstöðu þess þar sem fram kemur hverja umsækjendur nefndin eða meirihluti hennar telur best falla til að gegna embættinu.

Matsnefnd velur að jafnaði þrjá hæfustu umsækjendurna en þó aldrei fleiri en fimm. Þess skal gætt að kynjahlutfall sé sem jafnast.

Matsnefnd skal kynna umsækjendum niðurstöður sínar og gefa sjö daga frest til skriflegra athugasemda.

Gefi athugasemdirnar tilefni til svara að mati meirihluta matsnefndar, skulu andmæli og svör nefndarinnar fylgja endanlegri niðurstöðu. Umsækjendur eru bundnir trúnaði um niðurstöður matsnefndarinnar.

Telji umsækjandi málsmeðferð matsnefndar áfátt er hún kæránleg til biskups innan sjö daga. Biskup skal úrskurða um álitafnið innan fimm daga. Að kærufarli loknu sendir biskup kjörnefnd umsóknargögn, sbr. 8. gr.

Dragi umsækjandi umsókn sína til baka áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir á hann rétt á að ekki verði fjallað frekar um umsókn hans, enda fari hann fram á það með skriflegum hætti. Ekki er þó hægt að óska nafnleyndar ef umsókn er dregin til baka eftir að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 3. gr. hér að framan.

Matsnefndin sendir biskupi niðurstöðu sína um hvaða umsækjendur hún telur hæfasta til að gegna prestsstarfinu sem og rökstuðning sinn.

Biskup skal hafa aðgang að öllum gögnum sem matsnefndin byggir mat sitt á.

Kostnaður af störfum matsnefndar greiðist af kirkjumálasjóði.

7. gr.

Kjörnefnd prestakalls.

Kjörnefnd prestakalls er kosin á aðalsafnaðarfundi til fjögurra ára í senn. Nefndin er skipuð 11 fulltrúum að lágmarki og jafn mörgum til vara. Forfallist kjörnefndarmaður skal varafulltrúi sömu sóknar taka sæti hans í kjörnefndinni. Varafulltrúar taka sæti samkvæmt þeirri röð sem þeir voru kosnir. Ef fjöldi sóknarbarna í prestakalli 16 ára og eldri, miðað við 1. desember næstliðinn er meiri en tvö þúsund skal bæta við tveimur fulltrúum í kjörnefndina fyrir hvert byrjað þúsund umfram tvö þúsund. Hver kjörnefndarmaður fer með eitt atkvæði. Ef fleiri en ein sókn er í prestakalli skal tryggt að hver sókn eigi að lágmarki einn fulltrúa. Að öðru leyti skal ákvarða fjölda fulltrúa hvernar sóknar í kjörnefnd í hlutfalli við fjölda sóknarbarna í prestakallinu, 16 ára og eldri miðað við 1. desember næstliðinn.

Biskupsstofa veitir upplýsingar um fjölda kjörmanna hvernar sóknar í kjörnefnd prestakalls.

Prófastur er formaður kjörnefndar, stýrir störfum hennar, fundum og er í fyrirsvari fyrir nefndina. Prófastur hefur ekki atkvæðisrétt nema þegar kjörinn er héraðsprestur.

Allir fundir kjörnefndar skulu bókaðir og staðfestir af fundarmönnum. Þá skal kjörnefnd gæta þess að varðveita gögn er varða starfsemi hennar. Um vörslu þessara gagna skal fara í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Kjörnefnd velur ritara.

Sé presti ætlað að þjóna í fleiri en einu prestakalli skulu kjörnefndir í þeim prestaköllum sameinaðar í eina kjörnefnd. Prófastur er formaður hinnar sameinuðu kjörnefndar og gilda um störf hennar sömu reglur og um kjörnefndir prestakalla eins og við getur átt. Umboð sameinuðu kjörnefndarinnar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Sé presti ætlað að þjóna prestakalli að hluta og embætti héraðsprests að hluta, skal kjörnefnd prestakalls og héraðsnefnd sameinaðar í eina kjörnefnd undir formennsku prófests. Umboð sameinaðrar kjörnefndar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Um hæfi kjörnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993. Í stað þeirra sem segja sig frá kjöri eða sem kjörnefndin úrskurðar vanhæfa, skal skipa varamenn viðkomandi kjörnefndar. Sé prófastur vanhæfur skipar biskup varamann hans.

Prófastar fylgja því eftir að kjörnefndir séu kosnar samkvæmt reglum þessum og að ávallt sé til staðar sá fjöldi aðalmanna og varamanna sem áskilið er.

8. gr.

Störf kjörnefndar prestakalls.

Biskup sendir kjörnefnd og/eða héraðsnefnd öll gögn er varða umsækjendur.

Eftir að öll gögn um umsækjendur hafa borist kjörnefnd, skal formaður eins fljótt og kostur er, boða skriflega til nefndarfundar með a.m.k. viku fyrirvara.

Að fenginni niðurstöðu matsnefndar, sbr. 6. gr., boðar kjörnefnd þá umsækjendur, sem matsnefnd hefur metið hæfasta, til viðtals.

Hafi kjörnefnd náð samstöðu um að óska ekki eftir þjónustu matsnefndar, sbr. 2. gr., metur kjörnefnd hæfni umsækjenda og velur þá umsækjendur sem hún boðar til viðtals.

Kjörnefnd getur eftir atvikum boðið umsækjendum að sýna fram á hæfni til helgihalds,

boðunar og sálgæslu auk leiðtoga- og samskiptahæfni. Kjörnefnd er heimilt að óska þess að umsækjendur messi, prédiki, kenni eða haldi fyrirlestur. Gæta ber jafnræðis milli umsækjenda í viðtölum, s.s. varðandi spurningar.

Þeim prestum sem áfram þjóna í prestakallinu skal boðið að tjá sig við kjörnefndina um umsækjendur, sem valið skal á milli, séu þeir sjálfir ekki meðal umsækjendanna.

Allt fram að kjöri er umsækjanda heimilt að draga umsókn sína til baka.

Kjörnefnd kýs sóknarprest eða prest úr hópi þeirra sem matsnefnd hefur talið hæfasta til að gegna viðkomandi prestsembætti.

Hafi matsnefnd ekki starfað kýs kjörnefnd sóknarprest eða prest úr hópi umsækjenda.

Sá umsækjandi telst hafa hlotið kosningu í prestsembætti sem hlýtur meirihluta greiddra atkvæða í leynilegri kosningu á kjörnefndarfundum. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kosið að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Falli atkvæði jafnt, ræður hlutkesti.

Formaður kjörnefndar tilkynnir biskupi svo fljótt sem verða má niðurstöðu kosningar kjörnefndar.

Verkefni biskups við veitingu prestsembættis.

9. gr.

Biskup skipar þann umsækjanda í embætti sem meirihluti kjörnefndar hefur kosið og kynnir umsækjendum niðurstöðuna samkvæmt 40. gr. laga nr. 78/1997.

10. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar. Biskup skipar héraðsprest og leggur til grundvallar vali sínu umsögn matsnefndar og tillögu héraðsnefndar.

11. gr.

Biskup Íslands skipar í embætti sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar að fenginni niðurstöðu matsnefndar enda sé í umsóknarferlinu tryggð aðkoma fulltrúa þeirra sem viðkomandi þjónustu varðar.

12. gr.

Telji biskup að verulegur formgalli sé á málsmeðferð kjörnefndar, getur hann ákveðið að skipa ekki í embættið og auglýsa það að nýju.

Biskup setur leiðbeinandi reglur fyrir matsnefnd, kjörnefndir, héraðsnefndir og umsækjendur.

13. gr.

Almenn prestskosning.

Óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en hálfum mánuði eftir að prestakallið var auglýst laust til umsóknar. Kosið skal leynilega á milli umsækjenda.

Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá þann dag sem auglýsing um embættið birtist. Lista yfir atkvæðisbæra skal biskupsstofa afla þann dag sem auglýsing birtist. Atkvæðisbærir eru þeir sem náð hafa 16 ára aldri þann dag sem auglýsing birtist. Ef ágreiningur rís um hvort almenn kosning eigi að fara fram eða um framkvæmd kosningarinnar að öðru leyti, úrskurðar yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar þar um, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp. Að öðru leyti gilda ákvæði um kjörstjórn í starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013, eins og við getur átt.

14. gr.

Kjörstjórn við almennar prestskosningar.

Jafnskjótt og biskup hefur fengið í hendur óskir frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu skal hann tilkynna kjörstjórn um framkomnar óskir. Biskupsstofu er heimilt að gera kröfu um rafræna skrá ásamt undirskriftum. Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp, er jafnframt kjörstjórn við almennar prestskosningar. Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast undirbúning og framkvæmd kosningar á ábyrgð kjörstjórnar. Biskupsstofa lætur kjörstjórn í té nauðsynlega aðstöðu og þjónustu svo kjörstjórn geti rækt starfa sinn.

15. gr.

Störf kjörstjórnar.

Kjörstjórn ákveður hvenær kosning skuli fara fram og skal hún auglýst með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Kjörstjórn annast prentun kjörseðla. Kjörseðlar skulu vera úr pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Á þá skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Kjörstjórn auglýsir á heimasíðu þjóðkirkjunnar og með öðrum tíðkanlegum hætti, hvernig, hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Kjörstjórn er heimilt að ákveða að hafa fleiri en eina kjördeild ef aðstæður í prestakalli þykja gefa tilefni til þess.

Kjörstjórn er heimilt að ákveða að kosning verði rafræn og fer þá um framkvæmd hennar samkvæmt starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013.

16. gr.

Kjörskrá.

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn, á grundvelli gagna frá Þjóðskrá Íslands.

Á kjörskrá skal taka þá sem skráðir eru í íslensku þjóðkirkjuna, eiga lögheimili í prestakallinu og hafa náð 16 ára aldri á þeim degi sem kosning fer fram.

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún staðfest á fundi kjörstjórnar og undirrituð af formanni kjörnefndar. Kjörskrá skal liggja frammi á aðgangsstýrðum vef eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag, þar sem kjósandi getur flett upp hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands.

17. gr.

Athugasemdir við kjörskrá.

Hver sá, sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé þar ofaukið, þarf að hafa afhent kjörstjórn kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, áður en kosning hefst.

Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal kjörstjórn senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærinni.

Um athugasemdir við kjörskrá, sem fram eru komnar, skal kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi þremur dögum fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð.

18. gr.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.

Úrskurði kjörstjórnar má kæra til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings. Hún skal hafa úrskurðað fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

19. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

Þeir sem eru fjarstaddir eða gera ráð fyrir að vera það þegar kosning fer fram og geta ekki sótt kjörfund af þeim sökum, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá kjörstjórn og getur hún hafist þá er tvær vikur eru til kjördags. Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast, á ábyrgð kjörstjórnar, framkvæmd kosningar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Kjörstjórn auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðna daga og ákveðinn tíma á hverjum degi, þó eigi skemur en eina klukkustund. Tilgreina skal í fundargerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

20. gr.

Úrslit kosningar.

Talning atkvæða fer fram hjá kjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur.

Kjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók.

21. gr.

Skipun kjörins umsækjanda.

Skipa skal þann umsækjanda í embættið sem hlotið hefur flest greidd atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti. Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og telst hann kjörinn hljóti hann meirihluta greiddra atkvæða.

Lagaheimild og gildistaka.

22. gr.

Eftir því sem við getur átt, skulu lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 gilda um framkvæmd prestskosninga, þó með þeim frávikum, sem starfsreglur þessar ákveða.

23. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku þeirra falla brott starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011.

Ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 1. mgr. 7. gr. skal heimilt að kjósa kjörnefndir þ.e. aðalmenn og varamenn á almennum safnaðarfundum sóknar á árinu 2016 sé aðalsafnaðarfundur lokið við gildistöku starfsreglna þessara. Skal sú kosning hafa farið fram eigi síðar en 1. júní 2016.

Umboð kjörnefnda fellur niður á aðalsafnaðarfundum sókna árið 2019. Skulu kjörnefndir kosnar að nýju á aðalsafnaðarfundum sókna árið 2019 til fjögurra ára.

12. mál kirkjuþings 2015

Flutt af löggjafarnefnd kirkjuþings

Tillaga að starfsreglum um val og veitingu prestsembætta

Sameinað 11. máli.

13. mál kirkjuþings 2015

Flutt biskupafundi

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í hérað

1. gr

Við 12. gr. starfsreglna bætist:

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi:

Tjarnar-, Urða-, Upsa- og Vallasóknir Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi sameinist.

Nafn sóknarinnar verður Dalvíkursókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og öðlast gildi 30. nóvember 2015.

14. mál kirkjuþings 2015
Flutt af Hreini S. Hákonarsyni

Þingsályktun um fræðslumál

Ekki er talin þörf á að gera könnun á stöðu kristinfræðikennslu í skólum, enda er hún bæði kostnaðarsöm, tímafrek og niðurstaða hennar ekki til þess fallin að ná fram breytingum.

Lögð verði rík áhersla á framkvæmd fremur en könnun. Málið er í höndum kirkjunnar og ber henni því að hafa forgöngu um alla kynningu og samstarf við heimili og skóla.

15. mál kirkjuþings 2015

Flutt af Guðrúnu Karls Helgudóttur, Guðbjörgu Arnardóttur,

Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur, Vigfúsi Bjarna Albertssyni, og Höllu Halldórsdóttur

Þingsályktun um presta sem vígslumenn

Kirkjuþing ályktar að prestum Þjóðkirkjunnar sé ekki heimilt að synja tveimur einstaklingum um hjónavígslu á grundvelli kynhneigðar. Kirkjuþing tekur undir með biskupi sem tekið hefur af öll tvímæli um að biskup muni ekki gera tillögu til ráðherra um sérstakar reglur sem heimila prestum að synja fólki um hjónavígslu á grundvelli kynhneigðar.

16. mál kirkjuþings 2015
Flutt af þjóðmálanefnd

Skýrslur nefnda

Kirkjuþing 2015 lýsir yfir ánægju sinni með málþingið „Hver er þá náungi minn“ sem þjóðmálanefnd stóð fyrir í Norræna húsinu, 22. október síðastliðinn.

Nefndin hvetur þjóðmálanefnd og þjóðkirkjuna til frumkvæðis í samfélagsmálum enda er það hlutverk þjóðkirkjunnar að hlúa að samfélags- og mannúðarmálum og vera rödd kærleika og umburðarlyndis.

Fylgiskjal með 16. máli

Sáttmáli um móttöku flóttafólks

Frá Þjóðmálanefnd

Kirkjuþing 2015 hvetur söfnuði þjóðkirkjunnar til að kynna sér aðstæður flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd og setja málefni þeirra á dagskrá. Slíkt er bæði gert á landsvísu, eins og með málþinginu „Hver er þá náungi minn?“ sem þjóðmálanefnd stóð fyrir 22. október í Norræna húsinu, og með starfi heima í héraði þar sem söfnuðir þjóðkirkjunnar gegna lykilhlutverki.

Hvers vegna?

Vegna þess að Ísland er ekki ósnortið af vaxandi fjölda flóttafólks í heiminum og einum stærstu þjóðflutningum í heims hluta okkar frá því að síðari heimsstyrjöldinni lauk. Vaxandi samfélagsleg fjölbreytni og nýir Íslendingar kalla á ný viðhorf og brýningu í félagslegri þjónustu þjóðkirkjunnar úti um allt land.

Í ljósi þessa hvetur kirkjuþing söfnuði landsins til að setja málið á dagskrá og ræða hvort eftirfarandi sáttmáli þjóni þeim tilgangi að standa sem best að því verki að taka á móti flóttamönnum og hælisleitendum.

Það sem hér fylgir er tillaga að sáttmála sem söfnuðir geta notað sem grundvöll að umræðu og gert að sínum. Kirkjuþing hvetur söfnuði þjóðkirkjunnar til að standa fyrir fræðslu og samtali um málefni flóttafólks með þeim hætti sem hentar á hverjum stað

Sáttmáli um móttöku flóttafólks

Við í _____ sókn viljum taka vel á móti nýjum Íslendingum vegna þess að:

- » Grunnildi í kristinni trú er að vaka yfir velferð þeirra sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu, m.a. vegna félagslegra, heilsufarlegra, efnahagslegra þátta. Við erum sérstaklega kölluð til að reynast þeim náungar og elska eins og okkur sjálf.
- » Við vitum að enginn leggur á flótta frá heimalandi sínu án brýnnar þarfar eða ógnar sem steðja að honum sjálfum og ástvinum hans.

- » Öllum manneskjum ber virðing og réttur til lífs og frelsis. Það gildir líka um útlendinga sem koma hingað til lands.
- » Jesús bendir á það sem hið æðsta boðorð að elska náunga okkar eins og okkur sjálf.

Við í _____sókn viljum hjálpast að til að taka vel á móti nýjum Íslendingum með því að:

- » Hafa eyru og hjörtu opin fyrir reynslu og líðan þeirra sem koma hingað frá öðrum löndum og reyna að fóta sig í nýju landi.
- » Sýna gestrisni og skilning á ólíkum aðstæðum fólks.
- » Taka sérstaklega vel á móti börnum og ungmennum sem eru ný í landinu.
- » Virða þá staðreynd að nýir Íslendingar geta haft annan trúarlegan og menningarlegan bakgrunn en flestir sem búa hér.
- » Iðka okkar eigin trú án þess að gera lítið úr öðrum trúarbrögðum eða þeim sem aðhyllast þau.
- » Vera talsmenn þeirra sem hafa ekki rödd í samfélaginu, tala vel um nýja Íslendinga og taka ekki undir fordóma og illt umtal um þá, t.d. á samfélagsmiðlum.
- » Vera opin fyrir samstarfi við önnur félagasamtök og stofnanir sem vinna í þágu betra samfélags.
- » Byggja á reynslu stofnana á borð við Velferðarráðuneytið, Rauða krossinn og Hjálparstarf kirkjunnar sem hafa gefið út viðmið og leiðbeiningar um móttöku flóttafólks og hælisleitenda.

17. mál kirkjuþings 2015
Flutt af löggjafarnefnd kirkjuþings

Þingsályktun um skipun viðræðuhóps við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og hinnar íslensku þjóðkirkju.

Kirkjuþing 2015 ályktar að fela forseta kirkjuþings og tveimur fulltúum kjörnum á kirkjuþingi að annast viðræður af kirkjunnar hálfu við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og hinnar íslensku þjóðkirkju.

Með viðræðunefndinni starfa formenn fastanefnda kirkjuþings.

Nefndin getur kallað sér til ráðuneytis hverja þá, sem þörf þykir vegna sérþekkingar á þessum samskiptum.

Kirkjuþing 2015 beinir því til kirkjuráðs að láta nefndinni í té nauðsynlega aðstöðu og fjármuni.

18. mál kirkjuþings 2015
Flutt af löggjafarnefnd kirkjuþings

Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga

Kirkjuþing 2015 samþykkir að löggjafarnefnd vinni áfram að málinu og leggi fram tillögu að frumvarpi til þjóðkirkjulaga á kirkjuþingi 2016.

Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til laga um breyting á
lögum um stöðu, stórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997

Kirkjuþing 2015 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að hann flytji eftirfarandi frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sbr. 2. mgr. 23. gr. laganna.

1. gr.

1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Vígslubiskupar hafa tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og eru biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annast þau biskupsverk er biskup Íslands felur þeim. Nánari ákvæði um starfssvið vígslubiskupa skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

2. gr.

19. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar nema lög mæli á annan veg. Við 20. gr. laganna ákvæðið bætist ný málsg., 4. mgr., svohljóðandi:

Kirkjuþing hefur á hendi fjárstjórnarvald þjóðkirkjunnar. Nánari ákvæði um tilhögun fjárstjórnarvalds kirkjuþings skal þingið setja í starfsreglur.

4. gr.

2. mgr. og 3. mgr. 27. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

1. ml. 1. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Almenn skilyrði til að geta sótt um prestsembætti og takast á hendur prestsþjónustu eru þessi:

Við 1. mgr. bætist nýr tl. 4. tl. svohljóðandi:

Að umsækjandi hafi hlotið starfsþjálfun og annan undirbúning samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum frá kirkjuþingi.

Við 1. mgr. bætist nýr tl. 5. tl. svohljóðandi:

Að umsækjandi sé við upphaf starfa síns skráður í þjóðkirkjuna nema samkirkjulegar samþykktir heimili annað.

6. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Biskup Íslands veitir þeim embætti sóknarprests eða prests sem hlotið hefur bindandi val eða kosningu, samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

Embætti sóknarprests og prests skv. 35. gr. skal veitt til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Komi fram tillaga í söfnuðinum um að embættið skuli auglýst laust til umsóknar skal hún afgreidd á safnaðarfundum og er hún því aðeins gild að hún komi fram a.m.k. átta mánuðum fyrir lok fimm ára skipunartímans. Hljóti tillagan meirihluta greiddra atkvæða skal sú samþykkt send biskupi Íslands.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2016. Ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 6. gr. skulu þó öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt breytast við gildistöku laganna þann 1. janúar 2015 eftirfarandi lagaákvæði:

23. gr. laga nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl. með síðari breytingum orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn Kristnisjóðs. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglur. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

2. gr. laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð orðast svo:

Ríkissjóði ber að skila kirkjumálasjóði árlega af tekjuskatti gjaldi er nemur 14,3% af gjöldum sem renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld. Gjaldið greiðist mánaðarlega.

3. gr. laganna fellur brott.

4. gr. laganna orðast svo:

Kirkjumálasjóður skal standa straum af kostnaði við eftirtalið:

1. Kirkjuþing.
2. Kirkjuráð.
3. Biskupsgarð.
4. Starfsþjálfun guðfræðikandídata.
5. Önnur verkefni.

5. gr. laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn kirkjumálasjóðs. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglur. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

7. gr. laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. orðast svo:

Þjóðkirkjan hefur á hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðs sókna. Kirkjuþing setur nánari reglur um framkvæmdina í starfsreglur. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Endurskoðun laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 hefur staðið yfir síðan árið 2007, en þá kaus kirkjuþing nefnd til þess verks.

Unnið hefur verið að þessari endurskoðun frá þessum tíma.

Á kirkjuþingi 2012 var síðan kosin millipinganevnd, skipuð fimm fulltrúum á kirkjuþingi og leggur sú nefnd fram frumvarp að nýjum þjóðkirkjulögum á kirkjuþingi 2013. Samþykki kirkjuþing það frumvarp má telja líklegt að óvíst sé hvort – og þá hvenær – Alþingi samþykki ný þjóðkirkjulög, enda málið umfangsmikið og mörg sjónarmið uppi um ýmsa þætti þess.

Fram hefur komið að brýna nauðsyn ber til að breyta tilteknum atriðum í núgildandi lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, til einföldunar og hagræðingar í rekstri þjóðkirkjunnar auk fleiri þátta. Slíkar breytingar þyrftu að nást fram hið fyrsta. Um er að ræða að styrkja kirkjuþing og skýra stöðu þess betur og að færa fjárfjárstjórnarvald til þingsins auk fleiri þátta sem gerð verður grein fyrir hér.

Til að tryggja að þær nauðsynlegu breytingar nái fram að ganga hefur kirkjuráð ákveðið að flytja styttra frumvarp til laga um breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 á kirkjuþingi 2013 sem felur í sér þær tilteknu breytingar á lögjöfnum sem nauðsynlegt þykir að ná fram hið fyrsta. Er það mat kirkjuráðs að auðveldara og fljótlegra sé að tryggja framgang slíks máls heldur en heildarfrumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga.

Helstu breytingar sem lagðar eru til eru eftirtaldar:

Fellð verði brott ákvæði um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar. Nefndir þessar kosta töluverða fjármuni og verksvið þeirra er ekki alls kostar skýrt. Talið er rétt að leggja þær niður í sparnaðarskyni og til einföldunar. Ágreiningsmál færu þá að jafnaði annað hvort til biskups Íslands eða hinna almennu dómstóla eins og eðlilegt er. Eftir atvikum gætu ágreiningsmál farið til úrlausnar annarra kirkjulegra stjórnvalda s.s. kirkjuráðs allt eftir efni málsins.

Lagt er til að ákvæði núgildandi laga um aðsetur vígslubiskupa falli brott svo og ákvæði um biskupafund. Eðlilegra er að kirkjan sjálf ákveði um slíkt en ekki lögjafarvaldið. Gefur þetta kirkjuþingi meira svigrúm til að skipa málum embætta vígslubiskupa og störfum þeirra án þess að þingið sé bundið af fyrirmælum laga um aðsetur þeirra eins og nú er og eins fyrirmælum laga um biskupafund.

Þá er lagt til að ákvæði um stöðu kirkjuþings verði gert skýrara þannig að ekkert fari milli mála að þingið fari með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar nema lög mæli sérstaklega annan veg.

Einnig er lagt til að það skref verði stigið strax að fjárstjórnarvald færist til kirkjuþings, enda eðlilegt að handhafi æðsta valds innan kirkjunnar stýri þeim fjármunum sem ætlaðir eru til rekstrar kirkjunnar.

Orðalag tillagna þessara styðst við orðalag frumvarps þess sem lagt var fram á kirkjuþingi 2012.

Um einstök ákvæði

Um 1. gr.

Lagt er til að brott falli ákvæði 1. ml. 1. mgr. 16. gr. þjóðkirkjulaga en 1. ml. ákvæðisins er svo hljóðandi: „*Vígslubiskupar skulu vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal.*“

Um 2. gr.

Lagt er til að ákvæði 19. gr. laganna falli brott. Ákvæðið er svo hljóðandi: „*Biskup Íslands skal kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum, sbr. 59. gr. Biskupafundur skal m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisíði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings, sbr. 50. gr.*“

Um 3. gr. og 4. gr.

Lagt er til að niðurlagi ákvæðis 1. mgr. 20. gr. verði breytt á þann veg sem greinir í tillögu þessari. Núgildandi ákvæði er svohljóðandi: „*Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka*“.

Lagt er til að þess í stað segi: „*nema lög mæli annan veg*“. Er það mun skýrara og afdráttarlausara ákvæði en það sem nú er í gildi. Fer þá ekkert á milli mála að kirkjuþing fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, nema annað sé sérstaklega tekið fram með skýrum hætti.

Í samræmi við þá hugsun að kirkjuþing fari með æðsta vald þjóðkirkjunnar er rökrétt og eðlilegt að fjárstjórnarvaldið sé um leið skilgreint sem eitt af ábyrgðarsviðum þingsins en vart er unnt að hugsa sér að stjórnvald fari með æðsta vald en hafi ekki fjárstjórnarvald. Annars væri um mótsögn að ræða. Eðlilegt er og í samræmi við löggjöfina að öðru leyti að kirkjuþing setji starfsreglur um tilhögun fjárstjórnarvaldsins. Þá er í því sambandi eðlilegt að fella brott 2. mgr. og 3. mgr. 27. gr. laganna til að tryggja að fjárstjórnarvaldið færist að öllu leyti til kirkjuþingsins.

Um 5. gr.

Lagt er til að ákvæðið verði fært í átt til þess sem frumvarp að nýjum þjóðkirkjulögum mælir fyrir um. Þar segir í skýringum við ákvæði 20. gr. frumvarpsins um embættisgengi:

„Efnisatriði þessarar greinar koma fram í 38. gr. núgildandi laga. Ekki er lengur talað

um embættispróf í guðfræði heldur mag. theol. próf, sem leyst hefur cand. theol. próf af hólmi við Háskóla Íslands. Eru þessar prófgráður jafngildar í þessu sambandi. Ekki þykir ástæða til að kveða á um lágmarksaldur prestsefna enda er það óraunhæft og biskup hefur getað veitt undanþágu í þeim efnum. Þótt það sé góð vinnuregla að biskup Íslands leiti álits Háskóla Íslands um önnur próf en tilgreind eru í ákvæðinu eru ekki efni til að lögbinda það, sbr. 6. tl. 4. gr. og 6. tl. 12. gr. dómstólalaga um menntunarkröfur til hæstaréttardómara og héraðsdómara. Loks þykir rétt að áskilja að sá sem tekst á hendur prestsþjónustu í þjóðkirkjunni sé skráður í þjóðkirkjuna eigi síðar en við upphaf starfa síns. Þó gætu samkirkjulegar samþykktir sem þjóðkirkjan hefur undirgengist veitt undanþágu frá þessu, svo sem Porvoo-samkomulagið“.

Um 6. gr.

Orðalag 6. gr. er nákvæmlega eins og nógildandi 40. gr. þjóðkirkjulaga að öðru leyti en því að felld eru brott ákvæði um úrskurðarnefndina til samræmis við 1. gr. tillögu þessarar.

Um 7. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi að hluta þegar í stað, en 1. janúar 2015 hvað varðar tilfærslu fjárstjórnarvalds.

Til að fjárstjórnarvald færist til kirkjuþings er nauðsynlegt að breyta löggjöf um kristnisjóð, kirkjumálasjóð og jöfnunarsjóð sókna á þann veg að brott falli ákvæði um stjórn kirkjuráðs yfir þeim sjóðum.

Þá er eðlilegt að lögboðið hlutfall þess gjalds sem ríkissjóður greiðir í kirkjumálasjóð, samkvæmt lögum um kirkjumálasjóð nr. 138/1993, sé samræmt því samkomulagi sem gert var milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra þann 20. október 2006. Í 4. gr. samkomulagsins segir um þetta:

„Samkomulag þetta felur í sér, auk afhendingar tiltekinna eigna til Þjóðkirkjunnar, að íslenska ríkið hækkar árlegt framlag sitt til Kirkjumálasjóðs sem nemur 3,0% af því gjaldi sem árlega er greitt til sjóðsins þannig að gjald í Kirkjumálasjóð verði 14,3% frá 1. janúar 2007. Samhliða umræddri hækkun munu framlög samkvæmt eftirfarandi viðfangsefnum undir fjárlagaliðnum 06-701 Þjóðkirkjan falla brott frá og með fjárlögum 2007: 1.12, 1.15, 1.16 og 1.91.“

Sömuleiðis er eðlilegt að fella brott 3. gr. laga um kirkjumálasjóð en þar segir:

„Kirkjumálasjóður skal skila á hverju ári fjárhæð er rennur til prestssetrasjóðs eftir nánari ákvörðun kirkjuráðs. Framlagið skal eigi nema lægri fjárhæð en 52 milljónum króna og skal sú fjárhæð endurskoðuð árlega með hliðsjón af byggingarvísitölu í júlímánuði. Framlagið skal innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.“

Með lögum nr. 82/2007 var prestssetrasjóður felldur niður og kirkjumálasjóður tók við verkefnum sjóðsins. Lög þessi voru sett í framhaldi af framangreindu samkomulagi um prestssetur frá 2006.

Ákvæðið er því úrelt og þýðingarlaust. Sömu rök eiga við um breytingu á 4. gr. en þar er minnst á prestssetrasjóðinn einnig.

19. mál kirkjuþings 2015
Flutt af löggjafarnefnd kirkjuþings

Þingsályktun að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000

Kirkjuþing 2016 ályktar að fela löggjafarnefnd þingsins að vinna tillögur að starfsreglum um kirkjuráð og Biskupsstofu og leggja fyrir kirkjuþing að hausti 2016.

Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Kirkjuráð hefur sérstaka skrifstofu. Kirkjuráð annast skrifstofuhald kirkjuþings. Kirkjuráð hýsir aðrar stofnanir þjóðkirkjunnar eftir nánari ákvörðun kirkjuþings.

2. gr.

Við 3. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar, er verða 4., 5. og 6. mgr., svohljóðandi:

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs skal hafa með höndum daglega fjárstjórn kirkjuráðs skv. nánari fyrirmælum ráðsins. Hin daglega fjárstjórn tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.

Framkvæmdastjóri getur ávallt komið fram fyrir hönd kirkjuráðs í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt 4. mgr.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald þjóðkirkjunnar og stofnana hennar sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna sé með tryggilegum hætti.

3. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Hafi kirkjuráð ákveðið greiðslu umfram fjárhagsáætlun skal fjárhagsáætlun þess árs breytt til samræmis og lögð fyrir kirkjuþing samhliða fjárhagsáætlun næsta árs.

4. gr.

Við 6. gr. bætast fimm nýjar málsgreinar, 2., 3., 4., 5. og 6. mgr., svohljóðandi:

Kirkjuráð skal annast um að skipulag fjárstjórnar þjóðkirkjunnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Kirkjuráð skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð skal í upphafi kirkjuþings leggja fyrir þingið endurskoðaða ársreikninga fyrir síðasta fjárhagsár.

Enga greiðslu má inna af hendi án samþykkis kirkjuráðs, sbr. þó 4. mgr.

Kirkjuráð getur ákveðið að fela biskupsstofu eða öðrum stofnunum þjóðkirkjunnar að

annast afmörkuð verkefni. Hafi þau verkefni í för með sér fjárútlát, skal kirkjuráð tryggja, að nægt fé sé á hverjum tíma lagt af tekjum kirkjunnar, skv. 7. gr., til að annast þær greiðslur.

Undirritun meirihluta fulltrúa kirkjuráðs skuldbindur þjóðkirkjuna við meiriháttar samningsgerð eins og við sölu fasteigna.

Einungis kirkjuráð getur veitt prókúruumboð.

5. gr.

Við 7. gr. bætist þrjár nýjar málsgreinar, 2., 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun þess fjár, innan lögmætra marka, sem árlega rennur til kirkjunnar sem gagngreiðsla íslenska ríkisins á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur, og íslenska ríkið ráðstafar ekki til launagreiðslna á hverjum tíma samkvæmt þeim samningum.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár, innan lögmætra marka, sem þjóðkirkjan aflar með frjálsum framlögum, eða fjár sem rennur með öðrum hætti til þjóðkirkjunnar, frá opinberum aðilum, en tilgreint er í 1. og 2. mgr.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fasteignum þjóðkirkjunnar.

6. gr.

Við 17. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Kirkjuráð getur ákveðið að halda lokaða fundargerðarbók fyrir málefni sem falla undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

7. gr. Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir með tillögu þessari.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum löggjafarnefndar kirkjuþings að beiðni forsætisnefndar kirkjuþings í tilefni af álitsgerð Péturs Kr. Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómara og forseta kirkjuþings, Gests Jónssonar hrl. og Trausta Fannars Valssonar, dósents við laga-deild Háskóla Íslands, dags. 12. febrúar 2016, um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar en álitsgerðina rituðu þeir á grundvelli erindisbréfs frá kirkjuráði, dags. 20. nóvember 2015. Í bréfi forseta kirkjuþings til formanns löggjafarnefndar, dags. 11. mars 2016, segir að í álitsgerðinni komi fram að starfsreglur um biskupsstofu og kirkjuráð bæði vanti og eins að þær mættu vera skýrari. Þá var óskað eftir að löggjafarnefndin tæki að sér að vinna tillögur að starfsreglum um biskupsstofu og kirkjuráð og að æskilegt væri að slíkar tillögur yrðu lagðar fyrri kirkjuþingsfund hinn 15. apríl 2016 væri þess nokkur kostur.

Fyrir liggur, samkvæmt álitsgerðinni að kirkjuþing hefur viðtækar heimildir skv. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, til að setja starfsreglur um stjórnun og starfshætti kirkjunnar og eru í gildi reglur kirkjuþings nr. 817/2000 um kirkjuráð en engar reglur hafa verið settar sem skýra betur ábyrgð, völd og verkefni milli biskupsstofu og kirkjuráðs.

Vegna hins skamma frests sem löggjafarnefnd kirkjuþings hafði til að bregðast við erindi forsætisnefndar kirkjuþings og til þess að unnt yrði að leggja tillögur fyrir kirkjuþing hefur vinna nefndarinnar einskorðast við að endurskoða og semja reglur er skýri betur hvernig fjárstjórn kirkjunnar skuli háttáð en nógildandi starfsreglur kirkjuþings um það mikilsverða málefni eru ekki fullnægjandi. Löggjafarnefndin leggur því til nokkrar breytingar og viðbætur við nógildandi reglur kirkjuþings um kirkjuráð nr. 81772000.

II. Helstu atriði frumvarpsins.

Með frumvarpinu er leitast við að kveða á um, með skýrari hætti en í nógildandi starfsreglum, að kirkjuráð hafi með höndum yfirumsjón með allri fjárstjórn kirkjunnar og öllum fjármunum sem til hennar renna, öðrum en fjármunum einstakra sókna.

Kveðið er á um hlutverk framkvæmdastjóra kirkjuráðs og um skipulag fjárstjórnar kirkjunnar og skilgreind ábyrgð kirkjuráðs og framkvæmdastjóra á því að fjárstjórn kirkjunnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Um þessi atriði er að nokkru leitað fyrirmynda til hlutafélagalaga. Þá eru nú tekin af tvímæli um að kirkjuráð hafi umsjón með fasteignum þjóðkirkjunnar.

Skýrt er kveðið á um að ef frávik verði frá fjárhagsáætlunum sem kirkjuþing hefur samþykkt skuli kirkjuráð gera kirkjuþingi sérstaka grein fyrir því samhliða framlagningu fjárhagsáætlunar næsta árs. Er talið að með þeim hætti verði fulltrúar á kirkjuþingi betur upplýstir um fjárstjórn kirkjunnar og fjárhag hennar.

Rétt þótti einnig að tilgreina að kirkjuráð skuli hafa sérstaka skrifstofu og að ráðið annist skrifstofuhald fyrir kirkjuþing og hýsi aðrar stofnanir kirkjunnar eftir því sem kirkjuþing ákveður hverju sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að kirkjuráð skuli hafa sérstak skrifstofu og sinna jafnframt skrifstofuhaldi fyrir kirkjuþing milli þinga. Í raun er hér um staðfestingu á framkvæmd að ræða, sem þegar er orðin en kirkjuráð hefur aðsetur í Kirkjuhúsinu að Laugavegi 31, ásamt öðrum stofnunum kirkjunnar.

Um 2. gr.

Talið er rétt að kveðið sé skýrt á um grundvallarhlutverk framkvæmdastjóra kirkjuráðs og er fyrirmynd sótt til hlutafélagalaga. Framkvæmdastjóri hefur samkvæmt greininni sambærilegt hlutverk og framkvæmdastjóri hlutafélags og lýtur boðvaldi kirkjuráðs. Til að taka af tvímæli er hér átt við fjárstjórn kirkjunnar en ekki þau verkefni sem falin eru biskupi skv. lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 eða öðrum starfreglum.

Um 3. gr.

Mikilvægt er að kirkjuþingsfulltrúar hafi góða yfirsýn yfir fjármál kirkjunnar og geti séð hvernig fjárhagsáætlanir hafa í reynd gengið eftir. Ætlast er til að kirkjuráð sýni með

skýrum hætti hvernig fjármunum hafi í raun verið varið með því að leggja fyrir kirkjuþing áætlun fyrra árs þar sem raunbreytingar eru sérstaklega sýndar.

Um 4. gr.

Greinin hefur að geyma meginefni frumvarpsins og kveður á um þá meginreglu að fjárstjórn kirkjunnar sé á höndum kirkjuráðs og að einungis kirkjuráð hafi heimild til að ákveða fjárútlát.

Rétt þykir að jafnframt sé kveðið á um að það sé meirihluti kirkjuráðs sem geti skuldbundið kirkjuna við meiriháttar samningsgerð. Biskup, sem formaður kirkjuráðs, getur þannig ekki gert samninga án þess að hafa samþykki meirihlutans.

Með prókúruumboði er átt við umboð skv. lögum nr. 42/1903 og umboð til að annast greiðslur af bankareikningum.

Tekið er fram að hér er ekki átt við umsjón með fjármunum sem renna til einstakra sókna eða þær afla með sjálfstæðum hætti heldur það fé sem til kirkjunnar rennur skv. 7. gr.

Um 5. gr.

Með greininni er leitast við að skilgreina með skýrum hætti uppruna þess fjár sem kirkjuráð hefur yfirumsjón með. Talið er rétt að gera skýran greinarmun í reglunum á því fé sem í raun er gagngreiðsla íslenska ríkisins vegna samninga um kirkjujarðir og öðru fé sem rennur til kirkjunnar.

Með sama hætti og í skýringum við síðustu grein er tekið fram að hér er ekki átt við fjármuni sem renna til einstakra sókna eða þær afla með sjálfstæðum hætti.

Um 6. gr.

Lagt er til að kirkjuráð geti ákveðið að halda lokaða fundargerðarbók fyrir málefni sem falla undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 en málefni þess eðlis geta hæglega borist til kirkjuráðs. Þar sem fundargerðir kirkjuráðs eru opinber gögn og birtar á vef þjóðkirkjunnar er ekki heimilt að bóka þar neitt sem fellur undir nefnd lög.

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

20. mál kirkjuþings 2015
Flutt af löggjafarnefnd kirkjuþings

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016

Breytingar þessar hafa verið felldar inn í 11. mál

1. gr

Við 1. mgr. 2. gr. bætist nýr ml. svohljóðandi:
Hjáseta rýfur ekki samstöðu.

2. gr.

15. tl. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:
Að matsnefnd fjalli um umsóknir, hafi kjörnefnd óskað eftir þjónustu matsnefndar, samkvæmt starfsreglum þessum.

3. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:
Biskup Íslands skipar þriggja manna matsnefnd til að meta hæfni umsækjenda um laus prestsembætti. Biskup tilnefnir einn fulltrúa. Biskup skipar formann úr hópi nefndarmanna. Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara til eins árs í senn. Nefndarmenn sitji ekki lengur en fjögur ár samfellt. Biskup og kirkjuþing skulu gæta þess að í matsnefnd veljist fólk með haldgóða þekkingu á starfsemi þjóðkirkjunnar og mannauðsmálum. Jafnframt að í nefndinni sitji fólk af báðum kynjum í samræmi við jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Við 6. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:
Kostnaður af störfum matsnefndar greiðist af kirkjumálasjóði.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Kjörnefnd prestakalls

Kjörnefnd prestakalls er kosin á aðalsafnaðarfundi til fjögurra ára í senn. Nefndin er skipuð 11 fulltrúum að lágmarki og jafn mörgum til vara. Forfallist kjörnefndarmaður skal varafulltrúi sömu sóknar taka sæti hans í kjörnefndinni. Varafulltrúar taka sæti samkvæmt þeirri röð sem þeir voru kosnir. Ef fjöldi sóknarbarna í prestakalli 16 ára og eldri, miðað við 1. desember næstliðinn er meiri en tvö þúsund skal bæta við tveimur fulltrúum í kjörnefndina fyrir hvert byrjað þúsund umfram tvö þúsund. Hver kjörnefndarmaður fer með eitt atkvæði. Ef fleiri en ein sókn er í prestakalli skal tryggt að hver sókn eigi að lágmarki einn fulltrúa. Að öðru leyti skal ákvarða fjölda fulltrúa hverrar sóknar í kjörnefnd

í hlutfalli við fjölda sóknarbarna í prestakallinu, 16 ára og eldri miðað við 1. desember næstliðinn.

Biskupsstofa veitir upplýsingar um fjölda kjörmanna hvernar sóknar í kjörnefnd prestakalls. Prófastur er formaður kjörnefndar, stýrir störfum hennar, fundum og er í fyrirsvari fyrir nefndina. Prófastur hefur ekki atkvæðisrétt nema þegar kjörinn er héraðsprestur.

Allir fundir kjörnefndar skulu bókaðir og staðfestir af fundarmönnum. Þá skal kjörnefnd gæta þess að varðveita gögn er varða starfsemi hennar. Um vörslu þessara gagna skal fara í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Kjörnefnd velur ritara.

Sé presti ætlað að þjóna í fleiri en einu prestakalli skulu kjörnefndir í þeim prestaköllum sameinaðar í eina kjörnefnd. Prófastur er formaður hinnar sameinuðu kjörnefndar og gilda um störf hennar sömu reglur og um kjörnefndir prestakalla eins og við getur átt. Umboð sameinuðu kjörnefndarinnar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Sé presti ætlað að þjóna prestakalli að hluta og embætti héraðsprests að hluta, skal kjörnefnd prestakalls og héraðsnefnd sameinaðar í eina kjörnefnd undir formennsku prófasts. Umboð sameinaðrar kjörnefndar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum. Um hæfi kjörnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í stað þeirra sem segja sig frá kjöri eða sem kjörnefndin úrskurðar vanhæfa, skal skipa varamenn viðkomandi kjörnefndar. Sé prófastur vanhæfur skipar biskup varamann hans.

Prófastar fylgja því eftir að kjörnefndir séu kosnar samkvæmt reglum þessum og að ávallt sé til staðar sá fjöldi aðalmanna og varamanna sem áskilið er.

6. gr.

8. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Störf kjörnefndar prestakalls

Biskup sendir kjörnefnd og/eða héraðsnefnd öll gögn er varða umsækjendur.

Eftir að öll gögn um umsækjendur hafa borist kjörnefnd, skal formaður eins fljótt og kostur er, boða skriflega til nefndarfundar með a.m.k. viku fyrirvara.

Að fenginni niðurstöðu matsnefndar, sbr. 6. gr. boðar kjörnefnd þá umsækjendur, sem matsnefnd hefur metið hæfasta, til viðtals.

Hafi kjörnefnd náð samstöðu um að óska ekki eftir þjónustu matsnefndar, sbr. 2. gr., metur kjörnefnd hæfi umsækjenda og velur þá umsækjendur sem hún boðar til viðtals.

Kjörnefnd getur eftir atvikum boðið umsækjendum að sýna fram á hæfni til helgihalds, boðunar og sálgæslu auk leiðtoga- og samskiptahæfni. Kjörnefnd er heimilt að óska þess að umsækjendur messi, prédiki, kenni eða haldi fyrirlestur. Gæta ber jafnræðis milli umsækjenda í viðtölum, s.s. varðandi spurningar.

Þeim prestum sem áfram þjóna í prestakallinu skal boðið að tjá sig við kjörnefndina um umsækjendur, sem valið skal á milli, séu þeir sjálfir ekki meðal umsækjendanna.

Allt fram að kjöri er umsækjanda heimilt að draga umsókn sína til baka.

Kjörnefnd kýs sóknarprest eða prest úr hópi þeirra sem matsnefnd hefur talið hæfasta til að gegna viðkomandi prestsembætti.

Hafi matsnefnd ekki starfað kýs kjörnefnd sóknarprest eða prest úr hópi umsækjenda.

Sá umsækjandi telst hafa hlotið kosningu í prestsembætti sem hlýtur meirihluta greiddra

atkvæða í leynilegri kosningu á kjörnefndarfundum. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kosið að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Falli atkvæði jafnt, ræður hlutkesti. Formaður kjörnefndar tilkynnir biskupi svo fljótt sem verða má niðurstöðu kosningar kjörnefndar.

7. gr.

Við starfsreglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mál. 1. mgr. 7. gr. skal heimilt að kjósa kjörnefndir þ.e. aðalmenn og varamenn á almennum safnaðarfundum sóknar á árinu 2016 sé aðalsafnaðarfundur lokið við gildistöku starfsreglna þessara. Skal sú kosning hafa farið fram eigi síðar en 1. júní 2016. Umboð kjörnefnda fellur niður á aðalsafnaðarfundum sókna árið 2019. Skulu kjörnefndir kosnar að nýju á aðalsafnaðarfundum sókna árið 2019 til fjögurra ára.

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

21. mál kirkjuþings 2015
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2015 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi

Brattahlíð 5, Hveragerði, Hveragerðisbæ
Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi
Kirkjubæjarklaustur, lóðir og land prestssetursins.

Kjalarnesprófastsdæmi

Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði

Vesturlandsprófastsdæmi

Laugarbraut 3, Akraneskaupstað

Vestfjarðaprófastsdæmi

Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ

Austurlandsprófastsdæmi

Hraungarður 8, Eiðum.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2017.

22. mál kirkjuþings 2015

Flutt af Sjöfn Jóhannesdóttur, Marinó Bjarnasyni, Geir Waage og Höllu Halldórsdóttur

Þingsályktun um lög um helgidagafrið

Kirkjuþing tekur undir þá ályktun aðalfundar Prestafélags Íslands frá 12. apríl 2016 að lögum nr. 32/1997 um helgidagafrið verði viðhaldið. Kirkjuþing beinir því til Alþingis að endurskoða heildarlöggjöfina en tryggja um leið að markmið hennar haldi gildi sínu.

Kjör nefndir

Viðræðuhópur við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og hinnar íslensku þjóðkirkju (17. mál)

Jónína Bjartmarz

Óskar Magnússon

Matsnefnd um val og veitingu prestsembætta (11. mál)

Aðalmenn:

Pétur Kr. Hafstein

Ragnhildur Benediktsdóttir

Varamenn:

Ásbjörn Jónsson

Arnfríður Einarsdóttir